

## EFNISYFIRLIT

|  |    |
|--|----|
| Aðfararorð .....   | 3  |
| 1 Inngangur.....   | 4  |
| 1.1 Um efni ritgerðarinnar og efnisskipan.....   | 4  |
| 1.2 Sögulegt yfirlit.....  | 6  |
| 2 Flokkun afbrota.....   | 7  |
| 2.1 Tjónsbrot .....  | 8  |
| 2.2 Samhverf brot.....   | 9  |
| 2.3 Hættubrot.....   | 10 |
| 3 Flokkun hættubrota.....  | 11 |
| 3.1 Sérgreind hættubrot.....   | 11 |
| 3.2 Almenn hættubrot.....  | 12 |
| 3.3 Blönduð hættubrot.....   | 13 |
| 3.4 Almannahættubrot.....  | 14 |
| 3.5 Afhverju eru hættubrotin flokkuð og er þessi flokkun nauðsynleg?.....                      | 15 |
| 4 Efnisþættir .....  | 17 |
| 4.1 Skilyrði sem uppfylla þarf svo unnt sé að refsa .....                                      | 17 |
| 4.1.1 Refsinæmi.....   | 17 |
| 4.1.2 Ólögmati.....  | 19 |
| 5 Uppsetning ákvæða 4. mgr. 220. gr. hgl. og 252. gr. dk hgl. ....                             | 21 |
| 6 Efnisþættir 4. mgr. 220. gr. hgl. ....   | 23 |
| 6.1 Verknaðaraðferðirnar „í ábataskyni“ „af gáska“ og „á annan ófyrirleitinn hátt“ .....       | 24 |
| 6.1.1 Í ábataskyni.....  | 24 |
| 6.1.2 Af gáska .....   | 25 |
| 6.1.3 Á annan ófyrirleitinn hátt .....   | 27 |
| 6.2 Að valda hættu fyrir líf eða heilsu manna .....  | 29 |
| 6.2.1 Breytingar á ákvæðum 252. gr., 241.gr. og 249. gr. danskra hegningarlaga árið 2002 ..... | 30 |
| 6.3 Nærliggjandi hætta og augljós háski .....  | 31 |
| 7 Dómar þar sem reynt hefur á 4. mgr. 220. gr. hegningarlaganna.....                           | 33 |
| 7.1 Flugvél.....   | 33 |
| 7.2 Skip .....   | 33 |
| 7.3 Bifreiðar .....  | 34 |

|        |  |    |
|--------|--|----|
| 7.4    | Skotvopn og sprengiefni.....   | 40 |
| 7.5    | Önnur tilvik.....  | 44 |
| 8      | 168. gr. hegningarlaganna.....   | 46 |
| 9      | Hugtakið saknæmi.....  | 52 |
| 9.1    | Saknæmisskilyrði.....  | 52 |
| 10     | Tegundir ásetnings.....  | 55 |
| 10.1   | Hættuásetningur.....   | 55 |
| 10.2   | Auðgunarásetningur og tengsl hans við hættuásetning.....                           | 59 |
| 11     | Röksemdir fyrir vali löggjafans á saknæmisskilyrðum í einstökum lagaákvæðum.....   | 60 |
| 11.1   | Grófleiki verknaðar.....   | 60 |
| 11.2   | Eðli verknaðar.....  | 61 |
| 12     | Ásetningur eða gáleysi.....  | 63 |
| 12.1   | Hvar eru mörkin milli ásetnings og gáleysis?.....                                  | 63 |
| 12.1.1 | Efri mörk gáleysis.....  | 63 |
| 12.1.2 | Neðri mörk gáleysis.....   | 64 |
| 12.2   | Mismunandi ásetningsstig.....  | 65 |
| 12.3   | Neðsta stig ásetnings, dolus eventualis.....                                       | 66 |
| 13     | Manndráp af gáleysi.....   | 68 |
| 13.1   | Ákvæði 241. gr. danskra hegningarlaga um manndráp af gáleysi.....                  | 72 |
| 14     | Dómar um manndráp af gáleysi.....  | 74 |
| 15     | Líkamsmeiðingar af gáleysi.....  | 78 |
| 15.1   | Breyting á refsiramma ákvæðis 249. gr. dk. hgl. um líkamsmeiðingar af gáleysi..... | 83 |
| 16     | Manndráp og líkamsmeiðingar af gáleysi og tengsl þeirra við samþykki.....          | 84 |
|        | HEIMILDASKRÁ.....  | 89 |
|        | DÓMASKRÁ.....  | 91 |

## Aðfararorð

Ritgerð þessi er unnin sem meistararitgerð til embættisprófs í lögfræði við lagadeild Háskóla Íslands. Ritgerðin hefur að geyma fræðilega umfjöllun um hættubrot, og sérstök áhersla var lögð á að fjalla um 4. mgr. 220. gr. hegningarlaganna. Auk þess var kannað var hvernig sú grein skarast við ákvæði 215. gr. hegningarlaganna um mannráp af gáleysi og 219. gr. hegningarlaganna um líkamsmeiðingar af gáleysi. Við skrifin, sem farið hafa fram á vor- og sumarönn 2012, hef ég notið góðrar leiðsagnar Ástu Stefánsdóttur og kann ég henni bestu þakkir fyrir að leiðbeina mér og veita góðar og gagnlegar ábendingar.

Ég vil sérstaklega þakka foreldrum mínum, Aðalbjörgu Þorsteinsdóttur og Braga Geir Gunnarssyni fyrir stuðninginn öll árin, en þetta hefur verið löng og ströng ganga, en alltaf hafa þau hvatt mig áfram. Einnig vil ég þakka ömmu og afa, ásamt tengdaforeldrum mínum. Kærum vinum mínum, Lóu, Baldvin, Rósu, Orra og Söndru þakka ég fyrir ómetanlega hjálp.

Síðast en ekki síst vil ég þakka unnusta mínum, honum Haraldi Kristni Hilmarssyni og dóttur minni Aðalbjörgu Birnu Haraldsdóttur fyrir alla þolinmæði heimsins, traust og trú. Takk fyrir að hafa aldrei misst trúna á mér. Án ykkar væri ég ekki komin á þann stað sem ég er í dag.

Reykjavík, 5. september 2012

Olga Rannveig Bragadóttir

# 1 Inngangur

## 1.1 Um efni ritgerðarinnar og efnisskipan

Í ritgerð þessari verður fjallað um hættubrot í almennum hegningarlögum nr. 19/1940, og verður sérstök áhersla lögð á umfjöllun um 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga.<sup>1</sup> 4. mgr. 220. gr. tekur til margskonar brota. Fjallað verður um nokkur afbrigði sem ákvæðið nær yfir.

Í seinni hluta ritgerðarinnar verða tengsl 4. mgr. 220. gr. hgl. við 215. gr. hgl. um manndráp af gáleysi og 219. gr. hgl. um líkamsmeiðingar af gáleysi skoðuð sérstaklega. Þar verður einnig farið yfir dómaframkvæmd og kannað hvernig eða hvort ásetningsákvæði 4. mgr. 220. gr. hgl. og gáleysisákvæði 215. gr. og 219. gr. hgl. skarast að einhverju leyti.

Efnisskipan ritgerðarinnar verður þannig að í upphafi verður farið stuttlega yfir sögu ákvæðis 4. mgr. 220. gr., Fjallað verður um hvaðan ákvæðið kemur og tilganginn með lögfestingu þess. Tilgangurinn með því að hafa hættubrot í refsilögum er einnig nefndur í sögulega yfirlitinu, en refsilög hafa með tímanum þróast nokkuð frá tjónsbrotum til hættubrota.

Í öðrum kafla verður farið yfir flokkun afbrota, hvernig flokka má afbrot eftir efni refsíákvæða eða formi þeirra. Nánar má flokka brot eftir því hvaða afleiðingar hljótast af verknaði, eða hvert fullframningarstigið er. Við flokkun afbrota eftir fullframningarstigi eru brot ýmist tjónsbrot, samhverf brot eða hættubrot, en þeim brotaflokkum verður lýst sérstaklega. Innan þessara brotaflokka má svo koma við nánari flokkun, sem tæpt er lítillega á í kaflanum.

Í þriðja kafla verður fjallað um sérstaka flokkun hættubrota. Við flokkun hættubrota er aðaláherslan lögð á hættueiginleika verknaðarins, en ekki er lögð áhersla á verknaðinn sjálfan eða afleiðingar hans. Hættubrot greinast niður í sérgreind hættubrot, almenn hættubrot, blönduð hættubrot og að lokum almannahættubrot. Öllum þessum flokkum verða gerð ítarleg skil auk þess sem hugsanlegar ástæður fyrir flokkun þessari verða skýrðar. Í þessum kafla verður einnig skoðað hvort þessi flokkun sé nauðsynleg.

Í fjórða kafla verður fjallað almennt um efnisþætti. Kaflinn skiptist þannig að fyrst verður fjallað um þau skilyrði sem nauðsynlegt er að uppfylla, svo unnt sé að refsa manneskju. Þau skilyrði má flokka í fernt, refsínæmi, ólögmæti, sakhæfi og refsilögsögu. Aðeins verður tæpt á refsínæmi og ólögmæti.

---

<sup>1</sup> Hér á eftir verða almenn hegningarlög nr. 19/1940 með síðari breytingum skammstöfuð hgl.

Í fimmta kafla verður uppruni ákvæðis 4. mgr. 220. gr. hgl. skoðaður auk þess sem uppsetning ákvæðisins er borin saman við uppsetningu ákvæðis 252. gr. dk. hgl. Kannað verður hvort uppsetningin sé eins eða hvort það sé einhver marktækur munur á ákvæðunum.

Í sjötta kafla verða efnisþættir 4. mgr. 220. gr. skoðaðir. Þar verða efnisþættirnir „í ábataskyni“, „af gáska“ og „á annan ófyrirleitinn hátt“ rannsakaðir, og m.a. vísað til íslenskrar dómaframkvæmdar auk danskrar. Einnig verður merking þess „að valda hættu fyrir líf eða heilsu manna“ skoðuð, auk þess sem útskýrt verður hvað felst í „nærliggjandi hættu eða augljósri hættu“. Lagabreyting á ákvæðum 252. gr., 241. gr. og 249. gr. dk. hgl. frá árinu 2002 er skoðuð og velt fyrir sér hvaða áhrif breytingin hafði fyrir beitingu fyrrgreindra ákvæða.

Í sjöunda kafla verða þónokkrir dómar reifaðir, þar sem reynt hefur á 4. mgr. 220. gr. hgl. við ýmsar aðstæður. Kaflanum er skipt upp í undirkafla þar sem brot gegn 4. mgr. 220. gr. hgl. tengjast flugvélum, skipum, bifreiðum, skotvopnum og sprengiefnum auk annarra sérstæðari tilvika þar sem hættu hefur verið valdið.

Í áttunda kafla verður fjallað um almannahættuákvæðið í 168. gr. hgl. þar sem dómar verða skoðaðir, og kannað hvort 4. mgr. 220. gr. sé beitt samhliða ákvæðinu.

Í níunda kafla verður umfjöllun um hugtakið saknæmi, þar sem gerð verður grein fyrir saknæmisskilyrðunum ásetningi og gáleysi.

Í tíunda kafla verður umfjöllun um tegundir ásetnings. Hættuásetingur fær þar sérstaka umfjöllun, auk þess sem hættuásetingur er í stuttu máli borinn saman við auðgunarásetning.

Í ellefta kafla verður fjallað um áhrif saknæmis á refsíákvörðun. Þar verða færð rök fyrir fyrir vali löggjafans á saknæmisskilyrðum í einstökum lagaákvæðum. Umfjöllun um val löggjafans á saknæmisskilyrðunum tengist efni ritgerðarinnar, þar sem 4. mgr. 220. gr. hgl. er ásetningsbrot, en ákvæði 215. gr. og 219. gr. hgl. eru gáleysisbrot. Grófleiki verknaðar, eðli hans og lagatæknilegar ástæður eru nefndar, en það hefur áhrif við val löggjafans á saknæmisskilyrðum.

Í tólfta kafla verður að finna umfjöllun um ásetning og gáleysi. Efri og neðri mörk gáleysis eru rannsökuð, auk þess sem farið er yfir dolus eventualis sem er lægsta stig ásetnings. Tilgangurinn með því er að reyna að fá betri skilning á hvar mörkin liggja á milli ásetnings og gáleysis, en 4. mgr. 220. gr. hgl. er nálægt mörkum gáleysisbrotanna í 215. gr. og 219. gr. hgl.

Í þrettánda kafla verður farið yfir í umfjöllun um manndráp af gáleysi. Þar verður ákvæði 215. gr. hgl. athugað, auk þess sem 241. gr. dk. hgl. er skoðuð ofan í kjölinn, enda íslenska ákvæðið leitt af því.

Í fjórtánda kafla verða reifaðir dómar tengdir ákvæði 215. gr. hgl.

Í fimmtánda kafla verður tekið á líkamsmeiðingum af gáleysi skv. 219. gr. hgl. auk þess sem ákvæði 249. gr. dk. hgl. verður skoðað samhliða því, en 219. gr. er leidd af því danska.

Í sextánda kafla eru ákvæðin um manndráp og líkamsmeiðingar af gáleysi skoðuð í tengslum við samþykki brotþola.

Í sautjándka kafla, verður tæpt á nokkrum atriðum í lokaorðum.

## 1.2 Sögulegt yfirlit

Fyrstu heildstæðu hegningarlögin fyrir Ísland voru sett 25. júní 1869. Þau voru nánast samhljóða dönsku hegningarlögunum frá 1866.

Flest ákvæði hgl., sem fjalla um hættubrot, eiga rætur sínar að rekja til danskra hegningarlaga.<sup>2</sup> Hættubrot í íslenskum hegningarlögum eru því nánast eins og þau dönsku. Hættubrot er að finna í 20. kafla dk. hgl., en þar er að finna ákvæði sem tengjast almannahættubrotum, líkt og er að finna í XVIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Einnig fjallar 25. kafli dönsku hegningarlaganna um hættubrot, en sá kafli fjallar um manndráp og líkamsmeiðingar, líkt og XXIII. kafli almennra hegningarlaga.

Ákvæði 4. mgr. 220. gr. hgl. er leitt af 252. gr. dk. hgl. eins og síðar verður greint nánar frá, en það ákvæði er að finna í manndráps og líkamsmeiðinga kaflanum. Ákvæði 215. gr. og 219. gr. hgl. er einnig dregið af dk. hgl. en það er að finna í 241. gr. og 249. gr. dk. hgl. Öll fyrrnefnd ákvæði eru ekki nákvæmlega eins uppsett, en síðar í ritgerðinni verður farið yfir það hver munurinn er.

Í tímans rás hafa refsilög þróast nokkuð frá tjónsbrotum til hættubrota. Tilgangurinn með því mun vera sá að reyna að auka varnaðaráhrif refsíákvæða, þar sem refsivörslukerfið getur þá fyrr gripið inn í og brugðist við, auk þess sem reynt er að bera niður á háttsemi, áður en tjón hefur hlotist af henni.<sup>3</sup>

---

<sup>2</sup> Hér á eftir verða dönsk hegningarlög skammstöfuð dk. hgl.

<sup>3</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 74.

## 2 Flokkun afbrota

Í kaflaskiptingu almennra hegningarlaga er það sjónarmið lagt til grundvallar að unnt sé, og haganlegt til yfirlits, að greina brot eftir því að hvaða hagsmunum það beinist.<sup>4</sup> Afbrot má flokka með ýmsum hætti og eru flokkunarmöguleikum nánast engin takmörk sett. Slík flokkun hefur einkum fræðilegt gildi. Aðallega er stuðst við tvær megináðferðir við flokkun, þ.e. að miða flokkun við efni refsíákvæða eða við form þeirra. Þegar flokkun er miðuð við efni refsíákvæða kemur einkum tvennt til greina. Í fyrsta lagi að byggja flokkun á verndarhagsmunum refsíákvæða, verknaðarandlagi eða verknaðarþola. Í öðru lagi að byggja hana á þeim verknaðaraðferðum sem einstök refsíákvæði lýsa, t.d. hótunarbrot, blekkingarbrot eða fölsunarbrot. Hin megináðferðin snýst um að miða flokkun við form refsíákvæða, uppbyggingu eða framsetningu af hálfu löggjafans. Þar skiptir mestu máli hvernig fullframningarstigi afbrots er hagað í verknaðarlýsingu ákvæðis, þ.e. hvort um er að ræða tjónsbrot, hættubrot eða samhverf brot.<sup>5</sup> Nánari flokkun má koma við innan þessara brotaflokka. Til dæmis mætti flokka tjónsbrot eftir því hvaða afleiðingar hljótast af verknaði, t.d. líkamsmeiðingabrot, manndrápsbrot eða svikabrot. Flokkun í athafnabrot og athafnaleysisbrot er annars konar flokkun sem byggir einnig á mismunandi framsetningu eða formi refsíákvæða. Þau greinast í bein og óbein athafnaleysisbrot. Löggjafinn virðist hafa þá mikilvægu stefnu í lýðræðisþjóðfélagi að refsíabyrgð er fyrst og fremst lögð við athöfnum og einungis í undantekningartilvikum er refsíabyrgð lögð við hreinu athafnaleysi. Flokkun afbrota eftir fullframningarstigi er sú flokkun sem einkum skiptir máli fyrir efni þessarar ritgerðar.

Afbroti má lýsa með tilvísun til þess hvernig það er fullframið. En löggjafinn getur valið á hvaða stigi atburðarrásar hann telur rétt að leggja refsíabyrgð við háttsemi sem fullfrömdu afbroti. Afbrot telst fullframið þegar fram eru komnir allir þeir efnisþættir sem viðeigandi refsíákvæði tilgreinir, eða hefur að geyma í verknaðarlýsingu sinni, að saknæmisskilyrðum uppfylltum.<sup>6</sup> Yfirleitt getur löggjafinn valið milli þess að miða fullframningu við verknað, hættu eða afleiðingu.<sup>7</sup> Í gildandi lögum er enga almenna reglu að finna um það hvenær afbrot skuli teljast fullframin, heldur er það skýringaratriði við hvert refsíákvæði. Hins vegar var að finna almenna skilgreiningu á fullframningu afbrots í 45. gr. hgl. frá 1869, en þar sagði: „Ekki ber að álíta neitt afbrot fullkomnað fyr en allt það er framkvæmt, sem til þess afbrots heyrir að lögum, þó maður sá, er verkið vann, hafi gjört allt það, sem hann ætlaði sér að gjöra til þess að

<sup>4</sup> Ármann Snævarr: *Þættir úr refsirétti II*, bls. 45.

<sup>5</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 57.

<sup>6</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 73-74.

<sup>7</sup> Knud Waaben: *Det kriminelle forsæt*, bls. 198.

koma fram þeim ásetningi sínum að drýgja afbrotið.“ Þó skilgreining þessi sé fallin brott úr settum lögum er hún enn í fullu gildi sem fræðileg skýring.<sup>8</sup>

Öll refsíákvæði eru sett til verndar verðmætum eða gæðum mannlegs lífs, en verndin er með ýmsum hætti. Við flokkun afbrota eftir fullframningarstigi eru brot ýmist tjónsbrot, samhverf brot eða hættubrot.<sup>9</sup>

## 2.1 Tjónsbrot

Þau afbrot sem refsíákvæði lýsa fullfrömdum á því tímamarki, er verknaður hefur haft í för með sér tiltekna afleiðingu, s.s. líkamlegt tjón, tjón á munum eða fullnun tiltekins markmiðs, nefnast tjónsbrot.<sup>10</sup> Tjónsbrot fela í sér efnislega röskun á réttarhagsmunum, einkum skerðingu á hlutum eða tjóni á mönnum.<sup>11</sup> Í almennum hegningarlögum eru tjónsbrot mjög einkennandi og þau er að finna í flestum köflum hins sérstaka hluta þeirra. Í tengslum við tjónsbrot gildir sú mikilvæga regla um saknæmisskilyrðið, að ásetningur og gáleysi verða að taka til allra efnispátta verknaðar, eins og honum er lýst í verknaðarlýsingu refsíákvæðis sem fullfrömdum. Er þá einnig um afleiðingar til verknaðar að ræða. Fullframningarstig brotsins og ásetningur verða að falla saman, þ.e.a.s. ef ásetningur stendur til manndráps, þá verður hann að ná til þeirrar afleiðingar sem felst í andlátinu.<sup>12</sup>

Þegar tjónsbrot eru með venjulegu fullframningarstigi miðast þau við að afleiðing hafi komið fram. Stundum hefur löggjafinn valið þann kost að færa fullframningarstig tjónsbrot fram, miðað við það sem annars þætti eðlilegt við skýringu viðkomandi ákvæða. Þá þarf ásetningur hins brotlega að ná út fyrir fullframningarstigið og til afleiðinga sem ekki eru komnar fram við fullframningu brotsins. Rökin fyrir því að færa fullframningarstig brots fram, eru einna helst þau að löggjafinn telur nauðsynlegt að bera niður á refsiverðri háttsemi strax í upphafi, eða svo fljótt sem verða má. Annars gæti reynst mun erfiðara eða jafnvel of seint að upplýsa brot og koma fram refsíabyrgð. Markmiðið með þessu formi refsíákvæða er að auka virkni og varnaðaráhrif. Brot þar sem fullframningarstig hafa verið færð fram eru um margt lík tilraunaverknaði. Þó er ljóst að ákvæði 21. gr. um afturhvarf frá tilraun og 2. og 3. mgr. 20. gr. eiga ekki við um brot þar sem fullframningarstigi hefur verið fært fram.<sup>13</sup>

Ákvæði 215. gr. hgl. um manndráp af gáleysi og 219. gr. hgl. um líkamsmeiðingar af gáleysi eru sérstök gáleysisákvæði sem flokkast undir tjónsbrot. Samkvæmt 215. gr. hgl. er

<sup>8</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 103.

<sup>9</sup> Ármann Snævarr: *Þættir úr refsirétti II*, bls. 46.

<sup>10</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 74.

<sup>11</sup> Ármann Snævarr: *Þættir úr refsirétti II*, bls. 46.

<sup>12</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 75.

<sup>13</sup> Ármann Snævarr: *Þættir úr refsirétti II*, bls. 51.



gerð krafa um að afleiðingar brota gegn ákvæðunum sé annars vegar að mannsbani hafi hlotist af háttsemi sé brotið gegn 215. gr. hgl., en hins vegar að brot gegn 219. gr. hgl. feli í sér líkamsmeiðingar, en áverkar þurfa að vera slíkir að 218. gr. hgl. eigi við svo til greina komi að beita 219. gr. hgl. Skilin milli fyrrnefndra gáleysisákvæða og ásetningsákvæðis 4. mgr. 220. gr. hgl. eru skoðuð síðar í ritgerðinni, en síðarnefnt ákvæði er hættubrot.

## 2.2 Samhverf brot

Þegar háttsemi er lýst refsiverðri án tillits til afleiðinga, er um samhverft brot að ræða. Hvorki þarf að sýna fram á tjón né hættu af verknaði svo hægt sé að sakfella fyrir brotið. Samhverf brot eru greind í tvo flokka, annars vegar brot sem eru samhverf af *rökbundinni nauðsyn* og hins vegar brot sem eru samhverf af því að þeim er *lýst svo í refsíákvæði*. Afbrot sem telja má sem rökrænt samhverf eru t.d. flest bein athafnaleysisbrot, þar sem beinlínis eru sett refsíákvæði til höfuðs vanrækslunni. Brot gegn boðreglu hlýtur eðli máls samkvæmt að vera fullframið ef henni er ekki sinnt. Ákvæðið myndi algjörlega missa marks ef því væri hagað á annan veg.<sup>14</sup> Ákvæði sem þessi er einna helst að finna í sérrefsilöggjöf, t.d. reglur sem auðvelda stjórnvöldum að halda uppi röð og reglu á tilteknum sviðum, svo sem með skráningum og leyfisveitingum.

Mörg athafnabrot flokkast sem samhverf brot, en þó leikur meiri vafi á því hvort þau geti talist vera það af rökbundinni nauðsyn. Þar sem miklar líkur eru á að af brotum stafi að jafnaði eitthvert tjón eða óþægindi er ekki óeðlilegt að lýsa þeim sem tjónsbrotum í lögum. Verknaðarlýsingu ákvæðanna er hins vegar hagað svo af löggjafanum, að þau fela í sér samhverf brot. Stafar þetta einkum af því að það kann að vera miklum erfiðleikum bundið að sýna fram á að háttsemi hafi in concreto haft í för með sér tjón eða aðra efnislega réttarröskun. Þetta á helst við þegar tilfinningum manna, svo sem sálarró og öryggiskennd, er veitt refsivernd, en slíkum óáþreifanlegum gæðum er erfitt að veita vernd ef sýna á fram á tjón.<sup>15</sup> Ef staðreyna á röskun á þessum óáþreifanlegu réttarhagsmunum hlýtur niðurstaðan að byggjast á mjög huglægu mati. Af þeim sökum er látinn nægja hinn almenni mælikvarði, hvort háttsemi sé *til þess fallin* að vekja ótta manns (120. gr.a., 232. gr. og 233. gr.), særa blygðunarsemi hans (209. gr.) eða verða virðingu hans til hnekkis.<sup>16</sup>

<sup>14</sup> Ármann Snævarr: *Þættir úr refsirétti II*, bls. 77-78.

<sup>15</sup> Ármann Snævarr: *Þættir úr refsirétti II*, bls. 48-49.

<sup>16</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 78-79.

### 2.3 Hættubrot

Hættubrot eru aðal umfjöllunarefni þessarar ritgerðar, þá einkum 4. mgr. 220. gr. hgl. Það er einkennandi fyrir hættubrot að nægilegt er að hagsmunum hafi verið stofnað í hættu svo refsing sé lögð við háttsemi. Hætta er möguleiki á að eitthvað geti gerst, t.d. hætta á að það geti hlotist eignatjón eða líkamstjón.<sup>17</sup> Tjón þarf ekki að hafa hlotist af verknaði, heldur er refsing lögð við því einu að valda hættu, jafnvel þó skaðlegar afleiðingar komi ekki fram.<sup>18</sup> Ýmiss konar tjón eða aðrar afleiðingar geta hlotist af hættubrotum, þótt slíkar afleiðingar séu ekki áskildar til fullframningar þessara brota.

---

<sup>17</sup> Knud Waaben: *Det kriminelle forsæt*, bls. 198.

<sup>18</sup> Johs. Andenæs og Anders Bratholm: *Speciell strafferett*, bls. 91.

### 3 Flokkun hættubrota

Með flokkun hættubrota er lögð aðaláhersla á hættueiginleika verknaðarins eftir hættumælikvarða sem er mismunandi eftir gerð hættubrotanna. En ekki er lögð áhersla á verknaðinn sjálfan né afleiðingar hans líkt og gert er í ákvæðum sem lýsa tjónsbrotum. Ekki þarf að hafa orðið tjón af verknaði svo unnt sé að sakfella menn fyrir hættubrot. Tjón getur hlotist af refsiverðu hættubroti og er þá ekkert því til fyrirstöðu að dæma mann fyrir hættubrot, nema ef ákvæði um tjónsbrot tæmir sökina.

Hættubrot greinast í þrjá flokka. Greint er á milli sérgreindra hættubrota og almennra hættubrota, og þar við bætast blönduð hættubrot. Blönduð hættubrot eru á mörkum sérgreindra hættubrota og almennra hættubrota. Einnig eru almannahættubrot sem styðjast við sérstakan mælikvarða og skarast bæði við sérgreind hættubrot og almenn hættubrot.<sup>19</sup> Það eru engin skörp skil milli sérgreindra hættubrota og almennra hættubrota.<sup>20</sup>

#### 3.1 Sérgreind hættubrot

Ef brot stofna tilteknum réttarhagsmunum í hættu sem unnt er að benda á hverju sinni, hvort sem það er líf og heilsa manna eða eignir, kallast þau sérgreind hættubrot. Í refsíákvæði kann verknaðarandlag sérgreindra hættubrota að vera nákvæmlega tiltekið eða afmarkað með öðrum hætti. Skilyrði er að raunveruleg hættu hafi sannanlega verið fyrir hendi, en hún þarf þó ekki að vera bráð eða nálæg nema þess sé krafist í refsíákvæði. Brotin teljast fullframin þótt ekkert tjón hafi hlotist af verknaði.<sup>21</sup> Sem dæmi um sérgreind hættubrot eru m.a. 164. gr., 3. mgr. 165. gr., 169. gr., 1.-3. mgr. 220. gr., 1. mgr. 221. gr. og 223. gr. alm. hgl.

Gott dæmi um sérgreint hættubrot er 2. mgr. 220. gr. hgl. Þar er að finna ákvæði sem tekur til þess þegar móðir yfirgefur barn sitt bjargarvana strax eftir fæðingu þess, og ætla má að það sé gert af svipuðum ástæðum og getið er í 212. gr. Þá má beita vægari refsingu að tiltölu, og jafnvel láta hana falla niður, ef barnið hefur ekkert teljanlegt tjón beðið. Sérgreiningin er mjög skýr í þessu ákvæði, þar sem *ákvæðin móðir* getur einungis yfirgefið *barn sitt* strax eftir fæðingu þess.

---

<sup>19</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 79.

<sup>20</sup> Knud Waaben: *Det kriminelle forsæt*, bls. 199-200.

<sup>21</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 80.

### 3.2 Almenn hættubrot

Almenn hættubrot eru fólgin í háttsemi sem almennt er talin til þess fallin að valda hættu fyrir réttarhagsmunum. Þau eru refsinsæm hvort sem unnt er að benda á að tilteknir réttarhagsmunir hafi verið í háská hverju sinni eða ekki.<sup>22</sup>

Dæmi um almenn hættubrot er meðal annars að finna í 3. mgr. 165. gr., 168. gr. og 2. mgr. 221. gr. alm. hgl. Í 3. mgr. 165. gr. er kveðið á um refsingu ef maður veitist að mönnum með ofbeldi eða hótun um ofbeldi í flughöfn ætlaðri alþjóðlegri flugumferð. Enda valdi slíkur verknaður, eða sé til þess fallinn að valda almannahættu. Í 168. gr. er refsing lögð við því að raska öryggi járnbrautarvagna, skipa, loftfara eða annarra slíkra farar- eða flutningatækja, eða raska umferðaröryggi á alfaraleiðum. Í 2. mgr. 221. gr. er refsivert ef maður annast ekki um að neyta þeirra bjargarmeðala sem fyrir hendi eru, til þess að lífga þá sem líf kann að leynast með, en líta út eins og dauðir, eða viðhefur ekki þær aðferðir sem boðnar eru þeim til umönnunar, sem lent hafa í skipreka eða öðrum svipuðum óförum. Sjá má af þessum ákvæðum að sérstök áhersla er lögð á það hættueðli háttseminnar að stofna ótilteknum hagsmunum í hættu, og refsað er fyrir almenn hættubrot vegna þess að þau geta auðveldlega leitt til tjóns.<sup>23</sup>

Í sérrefsilöggjöf er að finna mörg almenn hættubrot. Sem dæmi um almenn hættubrot í sérrefsilögum er unnt að nefna ákvæði um ölvunarakstur og hraðaakstur í umferðarlögum nr. 50/1987. Munurinn á almennum hættubrotum og samhverfum brotum mun vera sá að löggjafarrök hinna fyrrnefndu felast í hættu á líkamstjóni og eignatjóni.<sup>24</sup> Þó skaðlegar afleiðingar gætu hugsanlega hlotist af því að áfengis sé neytt við vinnu, þá er það almennt ekki refsivert, en löggjafinn hefur ekki talið þörf á að rýmka hættumælikvarðann að því marki.<sup>25</sup>

Ármann Snævarr telur brot á varúðar- og eftirlitslöggjöf falla undir sérstakan flokk hættubrota. Hann segir almennu hættubrotin vera látin taka til meiriháttar brota þessarar tegundar, en minniháttar brotin vera nefnd brot á varúðar- eða varnaðarlögum. Telur hann réttarhagsmunum oft veitt virkust vörn með því að stemma stigu við hættu á tjóni fyrir þá. T.d. með því að bjóða mönnum að viðhafa öryggisráðstafanir eða hlíta skoðun og eftirliti með vélum og búnaði af hendi yfirvalds þar sem almennt er hætta á ferðum fyrir hagsmunum er þjóðfélagið vill vernda. Sem dæmi kveður mikið að slíkum ákvæðum í lögreglusamþykktum

<sup>22</sup> Ármann Snævarr: *Þættir úr Refsirétti II*, bls. 47.

<sup>23</sup> Johs. Andenæs og Anders Bratholm: *Spesiell strafferett*, bls. 91-92 og Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 80.

<sup>24</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 80.

<sup>25</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 80.

og heilbrigðissamþykktum, sbr. t.d. ákvæði umferðarlaga, laga um brunavarnir og brunamál og margt fleira. Með varúðarlögum er mönnum oft boðið að viðhafa sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir hættu, s.s. reglu um búnað bifreiða eða öryggisráðstafanir á vinnustað. Ármann telur refsiverndina að þessu leyti víðtækari en við almennu hættubrotin þar sem verndarhagsmunirnir eru ekki alltaf menn eða munir, heldur getur verið um að ræða hverskonar aðra hagsmuni. Segja má að viðkvæði laganna sé „á skal að ósi stemma“.<sup>26</sup>

Sum lög, sem hér falla undir, stefna að því að auðvelda stjórnvöldum að halda uppi röð og reglu á tilteknum sviðum. Tilgangur refsíákvæða vegna brota á varúðar- og öryggisfyrirmælum er að efla öryggi, og það eitt að brotið sé gegn varúðar- eða öryggisfyrirmælum nægir til sakfellingar.<sup>27</sup>

### 3.3 Blönduð hættubrot

Ekki er alltaf auðvelt að flokka hættubrot annaðhvort sem sérgreind eða almenn, en þau má flokka sem blönduð hættubrot. Blönduð hættubrot eru á mörkum sérgreindra og almennra hættubrota. Um blönduð hættubrot er að ræða þegar orð refsíákvæðis lýsa beinlínis báðum afbrigðum, sbr. t.d. 3. mgr. 165. gr. hgl. Önnur ákvæði eru orðuð þannig að þau tilgreina sérstaklega hættuna, nálægð hennar eða önnur einkenni. En þeir hagsmunir sem hætta steðjar að eru fremur óákveðnir. Sem dæmi um það er t.d. 170.- 173. gr., 175. gr., 4. mgr. 220. gr. og 222. gr. hgl.

Í 170. gr. er refsing lögð við því að stofna lífi manna eða heilsu í hættu með því að valda almennum skorti á drykkjarvatni eða setja skaðleg efni í vatnsból eða vatnsleiðslur. Í 171. gr. er lögð refsing við því að maður láti eitruð eða hættuleg efni í muni sem ætlaðir eru til sölu eða almennrar notkunar, þannig að heilsu manna sé hætta búin af venjulegri notkun þeirra. Í 172. gr. segir að sá skuli sæta refsingu sem hefur á boðstólum eða vinnur að því að útbreiða neysluvörur, sem vegna skemmda eða af öðrum ástæðum eru hættulegar heilbrigði manna, eða hluti sem við venjulega notkun eru hættulegir á sama hátt, og hann leynir skaðsemi þeirra. Í 173. gr. er lögð refsing við því að maður hafi á boðstólum eða vinni að því að útbreiða sem læknislyf eða varnarmedul við sjúkdómum muni, sem hann veit að ekki eru til þess hæfir, og að notkun þeirra í þessu skyni er hættuleg lífi manna eða heilbrigði. Í 175. gr. er lögð refsing við því að maður valdi hættu á því, að næmur sjúkdómur komi upp eða berist út á meðal manna, með því að brjóta gegn lagafyrirmælum um varnir gegn næmum sjúkdómum eða varúðarreglum yfirvalda, sem þar að lúta. Í 222. gr. er refsing lögð við því að maður

<sup>26</sup> Ármann Snævarr: *Þættir úr refsirétti II*, bls. 47- 48

<sup>27</sup> Ármann Snævarr: *Þættir úr refsirétti II*, bls. 48.

vísvitandi eða af gáleysi fær barni, yngra en 15 ára, geðveikum manni, fávita eða ölvuðum manni hættulega muni eða efni í hendur.

Í 4. mgr. 220. gr. segir að sá skuli sæta fangelsi allt að 4 árum, sem í ábataskyni, af gáska eða á annan ófyrirleitinn hátt stofnar lífi eða heilsu annarra í augljósan háska. Ákvæði þetta er blandað hættubrot. Það tilgreinir að stefna þurfi lífi, eða heilsu manna, eins eða fleiri, í augljósa hættu, en gerir einnig kröfu um augljósan háska. Ekki er gerð krafa um hvernig hættunni sé valdið, nema að það sé gert á ófyrirleitinn hátt.<sup>28</sup> Hagsmunir þeir sem hætta steðjar að eru fremur óákveðnir.

### 3.4 Almannahættubrot

XVIII kafli hgl. ber fyrirsögnina „Brot, sem hafa í för með sér almannahættu.“ Almannahættubrot eru sérstakur flokkur hættubrota, sem geta ýmist verið almenn eða sérgreind hættubrot. Þau eru ætíð hættubrot, en um er að ræða sjálfstæða flokkun sem skarast við flokkun hættubrota hér að framan. Grundvallaratriði þessara brota er almannahætta. Hana má skilgreina sem óútreiknanlega eða ófyrirsjáanlega og því oft mjög torbeislaða hættu fyrir óákveðna hagsmuni ótiltekinna eða margra manna, jafnt líkama og heilsu manna sem eignir þeirra.<sup>29</sup> Munurinn á almannahættubrotum og á almennum hættubrotum er sá að almannahættubrot eru ætíð alvarleg afbrot, þar sem erfiðleikum getur verið bundið að sjá fyrir afleiðingar hættunnar og komast fyrir þær, ef hættan leiðir til frekari réttarröskunar.

Brenna skv. 164. gr. hgl. er skýrt dæmi um almannahættubrot, en brennubrot er jafnframt sérgreint hættubrot. Þegar skorið er úr því hvort almannahætta sé fyrir hendi verður einkum að líta til tveggja atriða. Annars vegar hvort hætta sé á því að hagsmunir þeir sem bundnir eru við þá eign sem kveikt er í fari forgörðum. Hins vegar hvort hætta sé á því að hagsmunir eyðileggist eða spillist utan þeirrar eignar sem kveikt er í.<sup>30</sup> Í 2. mgr. 164. gr. hgl. er kveðið á um þyngri refsingu en er að finna í 1. mgr. hafi sá sem verkið vann séð fram á að mönnum mundi vera af því bersýnilegur lífsháski búinn, eða eldsvoðinn mundi hafa í för með sér augljósa hættu á yfirgripsmikilli eyðingu á eignum annarra manna. Samkvæmt 1. mgr. 165. gr. er refsivert að baka öðrum tjón á lífi, líkama eða eignum með því að valda sprengingu, útbreiðslu skaðlegra lofttegunda, vatnsflóði, skipreka, járnbrautar-, bifreiðar- eða loftfarssslysi eða óförum annarra slíkra farar- eða flutningstækja. Í 3. mgr. 165. gr. er almannahættubroti

<sup>28</sup> Stephan Hurwitz: *Den danske Kriminalret. Speciel del*, bls. 244.

<sup>29</sup> Alpt. 1939, A-deild, bls. 391.

<sup>30</sup> Ármann Snævarr: *Þættir úr refsirétti I*, bls. 44.

lýst sem getur verið bæði sérgreint eða almennt hættubrot. Yfirleitt fara tjónsbrot og almannahættubrot ekki saman, en þó eru til dæmi þess, sbr. 1. og 2. mgr. 165. gr.<sup>31</sup>

*Hrd. 1972, bls. 293. (343)*

Ákærðu tóku þátt í að rjúfa stíflumannvirki í Miðkvísl með dýnamíti. Dómstólar töldu á báðum dómstigum, að skilja bæri 165. gr. (nú 1.mgr. 165. gr.) þannig, að almannahætta sé skilyrði refsíabýrgðar eftir því ákvæði. Hér var sýknað af broti gegn 1. mgr. 165. gr. hgl. því ekki var talið að almannahætta hefði átt sér stað, þar sem aðeins var hættu valdið fyrir þá sem verknaðinn frömdu.

Í 168. gr. hgl. verður ekki beinlínis ráðið af orðunum að almannahætta sé þar refsiskilyrði eins og í 164. og 165. gr. Álitafnin eru m.a. þau við skýringu á 168. gr., hvort almannahætta sé ætíð áskilin eða hvort það sé aðeins við tiltekna aðstæður og svo hver gæti verið valdur að almannahættu. Með hliðsjón af forsendum héraðsdóms í *Hrd. 1993, bls. 1081. (Ofsaakstur frá Reykjavík til Mosfellsbæjar)* má draga þá ályktun, að almannahætta sé áskilin samkvæmt 168. gr., a.m.k. þegar svo stendur á sem í máli þessu. Hér var um ofsaakstur að ræða, en í forsendum héraðsdóms segir orðrétt: „Með akstrinum stofnaði ákærði óákveðnum hagsmunum ótiltekins fjölda vegfarenda í augljósa hættu, en vitni hafa borið um umferð á akstursleið ákærða.“ Ákærði raskaði öryggi bifreiða og annarra slíkra farar- eða flutningatækja og þar með almennu umferðaröryggi á alfaraleiðum með þessum almannahættubrotum sínum.<sup>32</sup>

Þrátt fyrir skilgreininguna á hugtakinu almannahætta, þ.e. hætta fyrir margskonar óákveðna hagsmuni margra manna, þá telst almannahætta vera fyrir hendi þótt aðeins eitt mannlíf sé í hættu. Af eðli máls leiðir það að eitt mannlíf er jafn mikils virði og mörg.

### **3.5 Afhverju eru hættubrotin flokkuð og er þessi flokkun nauðsynleg?**

Það er erfitt að skilgreina hættu sem hugtak en orðið kemur fyrir í fjölda ákvæða. Því er nauðsynlegt að skilgreina merkingu þess upp að ákveðnu marki.<sup>33</sup> Hætta er möguleiki á að eitthvað geti gerst, t.d. hætta á að líkamstjón eða eignatjón geti hlotist af háttsemi.<sup>34</sup>

Rökin fyrir því að hættubrot séu flokkuð líkt og að ofan greinir eru þau að það er ekki hægt að mæla þau. Sami verknaður, eftir mismunandi kringumstæðum, getur ekki verið dæmdur eftir einhverjum einum mælikvarða. Áherslan verður að leggjast á túlkun á aðstæðum í hverju einstöku máli.

Innan hættubrotanna er undirflokkun nauðsynleg. *Sérgreind hættubrot* fela í sér að verknaður þarf að innihalda hættu. Það er ekki hægt að dæma eftir slíku ákvæði ef engin

<sup>31</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabýrgð I*, bls. 81.

<sup>32</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabýrgð I*, bls. 81.

<sup>33</sup> Vagn Greve: *Det strafferetlige ansvar*, bls. 66.

<sup>34</sup> Knud Waaben: *Det kriminelle forsæt*, bls. 198.

hætta er fyrir hendi, þ.e.a.s. möguleiki eða hætta á tjóni, sem unnt er að vísa á í hverju einstöku tilviki. Einstök ákvæði kunna að fela í sér sérstaka kröfu tengda hættustiginu, t.d. „augljós hætta“ skv. ákvæði 4. mgr. 220. gr.

*Almenn hættubrot* fela í sér að verknaður er álitinn refsiverður af því að hann telst almennt vera hættulegur. Hins vegar er ekki gerð krafa um sönnun á tilvist hættunnar. Þegar verknaður uppfyllir kröfur lagaákvæðis er refsað alveg óháð því hvort hætta var útilokuð af einni eða annarri ástæðu.

Hættubrot eru brotaflokkur þar sem verknaður er talinn refsiverður eftir hættustigi. Þessi lagasetningartækni hefur í för með sér að brotið getur hugsanlega náð yfir fleiri verknaði sem verða þá refsiverðir, en slíkt getur verið fyrirbyggjandi vörn gegn því að til tjóns sé stofnað. Lagasetningartæknin getur þar að auki haft þann kost í för með sér að löggin gefi þegnum skýrari fyrirmæli um hvað er ekki leyfilegt.<sup>35</sup>

Það er mikilvægt að hafa í huga að aðgreining þessi milli sérgreindra, almennra og blandaðra hættubrota hefur ekkert með hættustigið að gera. Það er því ekki þannig að einn flokkurinn taki til nærliggjandi eða meiri háttar hættu, en að hinn flokkurinn taki til minni háttar hættu. Það getur verið túlkunarvandamál hvort einstakt ákvæði eigi að skiljast á einn eða annan hátt. Túlkunarvandamálið getur falist í því þegar löggin nota óræð orðatiltæki eins og „hættulegur“, „óforsvaranlegur“, „trufla öryggi“ o.s.frv.

Í réttarframkvæmd verða varla dregin skörp skil milli þessara flokka. Hugtökin beina athyglinni að nokkrum dæmigerðum valmöguleikum við framsetningu verknaðarlýsingar og við túlkun.<sup>36</sup>

---

<sup>35</sup> Knud Waaben: *Strafferettens almindelige del*, bls. 56.

<sup>36</sup> Knud Waaben: *Strafferettens almindelige del*, bls. 57.



## 4 Efnisþættir

### 4.1 Skilyrði sem uppfylla þarf svo unnt sé að refsa

Það eru mörg skilyrði sem þarf að uppfylla til að manneskju verði refsað. Þessi skilyrði má flokka í fernt. Í fyrsta lagi verður að vera refsíákvæði sem tekur til háttseminnar, hún þarf að vera refsínæm. Í öðru lagi mega ekki vera fyrir hendi neinar refsileysisástæður. Í þriðja lagi þarf ásetningur sakborninga, eða gáleysi þeirra, að taka til allra þátta verknaðar og í fjórða lagi þarf gerandi að vera sakhæfur.<sup>37</sup> Hér á eftir verður fjallað stuttlega um refsínæmi og refsileysisástæður.

#### 4.1.1 Refsínæmi

Það er grundvallaratriði að í settum lögum komi skýrt fram hvaða háttsemi geti talist afbrot.<sup>38</sup> Háttsemi telst refsínæm þegar hún fellur undir verknaðarlýsingu refsíákvæðis, eða sem öldungis má jafna til hegðunar, sem þar er lýst sbr. 1. gr. hgl. um refsiheimildir. Verknaðarlýsing refsíákvæða er rakin á mismunandi stigi atburðarrásar. Við tjónsbrot tekur hún til þriggja þátta, þ.e. *frumverknaðar, verknaðaraðstæðna og afleiðinga*. Þegar um hættubrot er að ræða er nægilegt að hagsmunum sé stofnað í hættu svo að hún teljist refsínæm. Þó að skaðlegar afleiðingar geti hlotist af hættubrotum þurfa þær ekki að koma fram til þess að brot teljist fullframið.

Með efnisþáttum brots er átt við öll þau efnisatriði sem eru greind í brotalýsingu refsíákvæðis. Þeir taka bæði til frumbrotsins sem slíks og svo til afleiðinga þess, að svo miklu leyti sem afleiðing er þáttur í broti. Ásetningur og gáleysi, þegar við á, verður að taka til allra efnisþátta verknaðar, þar á meðal til afleiðinga hans eins og honum er lýst í refsíákvæði sem fullfrömdum.<sup>39</sup>

##### 4.1.1.1 Frumverknaður

Í frumverknaði felst ytri líkamleg hreyfing sem er manni sjálfráð eða möguleg og verður greind í umhverfinu, þótt hún sé eigi framkvæmd.<sup>40</sup>

Aðferðir við frumverknað eru misjafnar. Helstu verknaðaraðferðir almennra hegningarlaga eru t.d. líkamlegt ofbeldi, hótanir, misneyting, frelsissvipting, blekkingar eða svik, fölsun eða spjöll á eignum. Ekki hafa öll ákvæði refsilaga að geyma sérgreindar verknaðaraðferðir eins og sjá má í 211. gr. eða 217. gr. Væntanlega er síður talin þörf á nákvæmri útlistun á aðferðum þegar afleiðingar verknaðar eru svo alvarlegar líkt og greinir í

<sup>37</sup> Ragnhild Hennum: „tilregnelighet“, <http://www.materialisten.no/fulltekst/hennum-nett.pdf>

<sup>38</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 177.

<sup>39</sup> Ármann Snævarr: *Þættir úr refsirétti II*, bls. 33.

<sup>40</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 33.

211. gr. Önnur ákvæði refsilaga tiltaka nákvæmlega aðferðir, eins og sjá má í 194. gr. eða 225. gr. hgl.<sup>41</sup> Í ákvæðum 4. mgr. 220. gr., 215. gr. og 219. gr. hgl., sem fjallað er sérstaklega um í þessari ritgerð, er ekki að finna sérgreindar verknaðaraðferðir. Það leiðir af eðli máls, að í þessum tilvikum hljóta aðferðir að vera einhvers konar afbrigði af ofbeldi í rýmri merkingu þess orðs.<sup>42</sup>

#### 4.1.1.2 Verknaðaraðstæður

Stundum krefst verknaðarlýsing refsíákvæðis þess að tiltekin atriði séu fyrir hendi á verknaðarstund er tengjast frumverknaði, en eru þó ekki hluti af honum, þá er talað um verknaðaraðstæður. Þegar krafa er gerð um tiltekna staðar- eða tímaákvörðun er t.d. mikilvægt að tilgreind atriði séu fyrir hendi þegar verk er unnið.<sup>43</sup> Sjá má dæmi um þetta í 212. gr. hgl., en hún hljóðar svo: „ef móðir deyðir barn sitt í fæðingunni eða undir eins og það er fætt, og ætla má að hún hafi gert það vegna neyðar, ótta um hneisu eða sökum veiklaðs eða ruglaðs hugarástands, sem hún hefur komist í við fæðinguna, þá varðar það fangelsi allt að 6 árum.“ Ákvæðið tilgreinir sérstaklega ákveðna *tímasetningu*, þ.e. „í fæðingunni eða undir eins og það er fætt“. Auk þess sem ákvæðið tilgreinir ákveðinn *geranda* sem er bundið við móður, og *þolanda*, sem bundið er við barn hennar. Ákvæði 212. gr. hgl. er því persónubundið, en nýlegur héraðsdómur er dæmi um þar sem sakfelld var fyrir brot gegn 212. gr. hgl.

*Hérd. Rvk. 28. mars 2012 (S-1651/2011).*

A var ákærð fyrir að hafa deytt barn sitt, sem hún hafði fætt, þegar hún var ein á vinnustað sínum. Lík barnsins fannst í ruslagámi fyrir utan vinnustaðinn, en samkvæmt niðurstöðu krufningar á barnið að hafa látist af völdum kyrkingar. Var það niðurstaða dómsins að ákærða hefði kyrkt barnið mjög skömmu eftir fæðinguna. Í forsendum héraðsdóms segir: „Það er álit hinna sérfróðu meðdómsmanna að ákærða hafi verið sér alls ómeðvituð um þungunina og nær öruggt að fæðingin hafi komið henni í opna skjöldu. Fæðingin, sem var óundirbúin og án aðstoðar, hefur að öllum líkindum valdið skelfingarviðbrögðum með tímabundnu minnisleysi eða hugrofi eins þekkt er úr áfallasálfræði. Hvort slíkt minnisleysi hafi verið algert eða staðið meðan ákærða kom líkinu fyrir er ógerlegt að meta.“ Var það niðurstaða dómsins að ákærða hafi deytt barnið undir eins og það var fætt (leturbreyting höfundar) í veikluðu eða rugluðu hugarástandi sem hún komst í við fæðinguna. Varðar brot hennar við 212. gr. almennra hegningarlaga.

Í ákvæðum 4. mgr. 220. gr., 215. gr. og 219. gr. hgl. er ekki krafist sérstakra verknaðaraðstæðna á verknaðarstundu. Verknaðaraðstæður í ákvæðunum eru því ótilgreindar.

<sup>41</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 35-36.

<sup>42</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 64.

<sup>43</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 36.

#### 4.1.1.3 Afleiðing

Það er mismunandi hvort refsíákvæði áskilur að háttsemi hafi tiltekna afleiðingar eða ekki, eða hvort áskilið sé að hún hafi tiltekna hættueiginleika.

Afleiðing verks eða áhrif er þriðji þáttur verknaðarlýsingar á tjónsbrotum. Miðast fullframningarstig brotanna ýmist við að afleiðing af því tagi komi fram, eða því er hagað svo í lögum, að fullframningarstigið sé fært frammar í atburðarrásinni. Þannig má segja að þó afleiðing hafi ekki komið fram þá telst brot fullframið, enda taki ásetningur (gáleysi) til afleiðinganna.<sup>44</sup> Afleiðing getur komið fram strax við framningu verksins, í kjölfar þess eða smám saman. Sé afleiðing brots ekki komin fram getur tilraun til tjónsbrots verið grundvöllur refsíabyrgðar.<sup>45</sup> Tilraunaverk getur samkvæmt 20. gr. hgl. aðeins orðið refsivert ef það er unnið af ásetningi. Eitt af grundvallareinkennum tilraunar er að andlag ásetnings sé hið sama og við fullframið brot.<sup>46</sup>

Ákvæði 215. gr. hgl. er tjónsbrot, eins og fyrir segir, en það gerir kröfu um þá afleiðingu að mansbani hljótist af háttsemi. Ákvæði 219. gr. hgl. um líkamsmeiðingar af gáleysi er einnig tjónsbrot, en þar eru gerðar kröfur um þær afleiðingar að tjón hljótist á líkama eða heilbrigði, sem jafnast á við þær líkamsmeiðingar sem getið er á um í ákvæði 218. gr. og 218. gr. a. Það sama gildir ekki um hættubrot, því ekki er lögð áhersla á verknaðinn né gerð krafa um að afleiðing komi fram í þeim brotum. Það er nóg að hagsmunum sé stofnað í hættu til að skapa refsíabyrgð.<sup>47</sup> Í 4. mgr. 220. gr. hgl. er því ekki einblínt á afleiðingar verksins, heldur eingöngu hvort og þá hvaða hagsmunum hefur verið stofnað í hættu.

#### 4.1.2 Ólögmæti

Refsinæmur verknaður verður einnig að vera ólögmætur. Þótt háttsemi sé refsiverð á ytra borði og eigi undir tiltekið refsíákvæði, þá kunna sérstakar ástæður að réttlæta háttsemina eins og á stóð og gera hana lögmæta og þar með refsilausa. Refsinæm afleiðing tjónsbrots verður samkvæmt ólögmætisskilyrðinu að fullnægja kröfum um orsakatengsl og vávæni. Afleiðing refsiverðs verks verður að teljast sennileg en ef á þessi tengsl skortir, getur það leitt til sýknu af ákæru.

Í refsíákvæðum er misjafnt hvort ólögmætisskilyrðið er tilgreint í verknaðarlýsingu þeirra eða ekki. Algengt er að ólögmætisskilyrðið sé ekki nefnt sérstaklega heldur aðeins undirskilið, en óþarft og hugsanlega óviðeigandi er að taka fram að verknaður þurfi að vera

<sup>44</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 76.

<sup>45</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 37.

<sup>46</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 106.

<sup>47</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 79.

ólögmætur eða óréttmætur þegar um verulega skýra réttarröskun er að ræða þegar verk eru alvarleg í eðli sínu. Ólögmætisskilyrðin eru ekki tiltekin í ákvæði 4. mgr. 220. gr. hgl., né í 215. gr. eða 219. gr. hgl. Í dómi *Hrd. 18. janúar 2007 (454/2006)*. (*Gangstéttarhellubrot*)<sup>48</sup> kastaði ákærði gangstéttarhellubroti í andlit X, sem hann var á flótta undan. Ákærði reyndi að bera fyrir sig neyðarvörn, sem ekki var fallist á. Héraðsdómur sakfelldi ákærða fyrir brot gegn 4. mgr. 220. gr. hgl. en Hæstiréttur felldi háttsemi ákærða undir 2. mgr. 218. gr. hgl.

Í öðrum tilvikum kynni verknaðarlýsing ákvæðis að vera óeðlileg án sérstaks ólögmætisfyrirvara. Tilviljun eða mismunandi mat kann að ráða því hvort ólögmætisfyrirvarinn er tilgreindur í refsíákvæði eða ekki.<sup>49</sup>

---

<sup>48</sup> Ítarlega reifun á þessum dómi er að finna í kafla 7.5.

<sup>49</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 38-39.

## 5 Uppsetning ákvæða 4. mgr. 220. gr. hgl. og 252. gr. dk hgl.

Ákvæði 220. gr. hgl. annars vegar og 252. gr. dk. hgl. hins vegar eru sambærileg að mörgu leyti, en þó ekki öllu. Ákvæði 4. mgr. 220. gr. er fjórða og síðasta málsgrein 220. gr. hgl. en ákvæði 252. gr. dk. hgl. er sérstakt ákvæði, með tveimur öðrum málsgreinum. Uppsetning þeirra er því ekki nákvæmlega eins, þó hið íslenska ákvæði sé leitt af hinu danska.

Danska ákvæðið hljóðar svona:

### § 252

Med fængsel indtil 8 år straffes den, der for vindings skyld, af grov kådhed eller på lignende hensynsløs måde volder nærliggende fare for nogens liv eller førlighed.

Stk. 2. På samme måde straffes den, der på hensynsløs måde forvolder fare for, at nogen smittes med en livstruende og uhelbredelig sygdom.

Stk.3. justitsministeren fastsætter efter forhandling med sundhedsministeren, hvilke sygdomme der er omfattet af stk. 2.

Í fyrstu málsgrein segir að fangelsi allt að átta árum skuli sá sæta, sem í ábataskyni, af gáska eða á líkan ófyrirleitinn hátt stofnar lífi eða heilsu einhvers í nærliggjandi hættu. Fyrsta málsgrein 252. gr. dk. er mikilvægust fyrir efni þessarar ritgerðar.

Ákvæði 2. mgr. 252. gr. dk. hgl. felur í sér sérreglu af völdum smithættu. Dönsku hegningarlögin frá árinu 1930 innihéldu sérstök ákvæði sem tóku til kynsjúkdóma, en það voru ákvæði 256-259 gr. Þessi sérstöku ákvæði um kynsjúkdóma sem var að finna í 256-259. gr. voru felld úr gildi árið 1988. Í tengslum við þá niðurfellingu var ákveðið í þinginu að í alvarlegum tilfellum af útbreiðslu smitsjúkdóma, gæti ákvæðum 25. kafla dk. hgl., sem fjallar um brot gegn lífi og líkama, verið beitt eftir aðstæðum.<sup>50</sup>

2. mgr. 252. gr. dk. hgl. fjallar um hættu á því að smitast af lífshættulegum og ólæknandi sjúkdómum. Gerð er krafa um að það sé mjög líklegt að þeir sem smitist látist innan ákveðins tíma, þ.e.a.s. að hámarki innan 12-15. ára. Í 3. mgr. 252. gr. kemur svo fram að dómsmálaráðherra ákveði í samráði við heilbrigðisráðherra, hvaða sjúkdómar falla undir 2. mgr. 252. gr. dk. hgl.<sup>51</sup>

Smithættu skal vera valdið á ófyrirleitinn hátt. Smit getur t.d. átt sér stað við samfarir eða aðrar kynferðislegar athafnir. Einnig getur smit átt sér stað við blóð- eða sæðisgjafir og notkun á sýktum sprautum. Ásetnings er krafist til allra efnispátta. Unnt er að refsast aðila ef hann hefur gert ráð fyrir að vera smitaður, þrátt fyrir að hann hafi ekki gengist undir

<sup>50</sup> Vagn Greve, Asbjørn Jenssen, Poul Dahl Jenssen og Gorm Toftegaard Nielssen: *Kommenteret straffelov. Speciel del*, bls. 388.

<sup>51</sup> Vagn Greve, Asbjørn Jenssen, Poul Dahl Jenssen og Gorm Toftegaard Nielssen: *Kommenteret straffelov. Speciel del*, bls. 390.

læknisskoðun. Ekki er hægt að refsa aðila, í óhappatilviki, eins og t.d. ef smokkurinn dettur af.<sup>52</sup>

Íslenska ákvæðið um að stofna lífi eða heilsu einhvers í hættu á ófyrirleitinn hátt, er eins og fyrr segir að finna í 4. mgr. 220. gr. hgl. Í 1.-3. mgr. 220. gr. eru ákvæði sem flokkast undir sérgreind hættubrot, þar sem tilteknum réttarhagsmunum er stofnað í hættu.

Ákvæðið hljóðar svo:

**220. gr.** Hver, sem kemur manni í það ástand, að hann er án bjargar, eða yfirgefur mann, sem hann átti að sjá um, í slíku ástandi, skal sæta fangelsi allt að 8 árum.

Hafi móðir yfirgefið barn sitt bjargarvana þegar eftir fæðingu þess, og ætla má, að það sé gert af sams konar ástæðum og í 212. gr. getur, má beita vægari refsingu að tiltölu og jafnvel láta refsingu falla niður, ef barnið hefur ekkert teljanlegt tjón beðið.

Refsingu, sem í 1. mgr. segir, skal sá sæta, sem úthýsir ferðamanni eða segir honum rangt til vegar, enda hefði hann átt að geta séð, að ferðamanninum myndi verða að því háski búinn.

[Fangelsi] allt að 4 árum skal sá sæta, sem í ábataskyni, af gáska eða á annan ófyrirleitinn hátt stofnar lífi eða heilsu annarra í augljósan háska.

Það ber ekki mikið á 4. mgr. 220. gr. eins og ákvæðið er uppsett, en í ákvæði 252. gr. er höfuðáherslan á 1. mgr., sem 4. mgr. 220. gr. er leidd af.

Orðalag ákvæðanna tveggja er svipað, en ekki alveg nákvæmlega eins. Einnig eru refsímörkin ólík. Í 1. mgr. 252. gr. segir: „Fangelsi allt að *átta árum* skal sá sæta, sem í ábataskyni, af gáska, eða á *líkan* ófyrirleitinn hátt stofnar lífi eða heilsu einhvers í *nærleggjandi* hættu.“ Ákvæði 4. mgr. 220. gr. segir að mestu leyti hið sama, að því undanskildu að í 4. mgr. 220. gr. hgl. er kveðið á um að fangelsi allt að *fjórum árum* skuli sá sæta, sem í ábataskyni, af gáska eða á *annan* ófyrirleitinn hátt stofnar lífi eða heilsu annarra í *augljósan* háska.

Danski fræðimaðurinn Knud Waaben telur að líklega hefði verið betra að skrifa „annan“ í danska ákvæðinu í staðinn fyrir „líkan“, en í framkvæmd skilst ákvæði 252. gr. dönsku hegningarlaganna þó þannig að á „annan“ ófyrirleitinn hátt á við.<sup>53</sup>

Í ákvæði 252. gr. dk. hgl. er kveðið á um að valda *nærleggjandi* hættu. Nánar verður fjallað um það hugtak síðar, en ákvæði 4. mgr. 220. gr. hgl. tiltekur að stofna þurfi lífi eða heilsu annarra í *augljósan* háska.

<sup>52</sup> Vagn Greve, Asbjørn Jenssen, Poul Dahl Jenssen og Gorm Toftegaard Nielssen: *Kommenteret straffelov. Speciel del*, bls. 391.

<sup>53</sup> Knud Waaben: *Strafferettens specielle del*, bls. 24.

## 6 Efnisþættir 4. mgr. 220. gr. hgl.

Ákvæði 4. mgr. 220. gr. er að finna í XXIII. kafla hegningarlaga, sem fjallar um manndráp og líkamsmeiðingar. Ákvæðið hljóðar svo, sem fyrr segir.

[Fangelsi] allt að 4 árum skal sá sæta, sem í ábataskyni, af gáska eða á annan ófyrirleitinn hátt stofnar lífi eða heilsu annarra í augljósan háska.

Ákvæðinu var breytt með lögum 82/1998, sbr. 113. gr. en í stað orðanna „varðhaldi eða fangelsi“ kom „fangelsi“.

Réttarhagsmunir sem 4. mgr. 220. gr. er ætlað að vernda, er líf eða heilsa eins eða fleiri. Þessir hagsmunir þykja fremur óákveðnir og brotið telst til blandaðra hættubrota.<sup>54</sup> Í dönskum rétti segir Knud Waaben 252. gr. dönsku hegningarlaganna vera sérgreint hættubrot en ekki blandað líkt og við teljum 4. mgr. 220. gr. vera. Danir flokka hættubrot einungis í tvo flokka, almenn hættubrot og sérgreind.<sup>55</sup>

Í greinargerð með hegningarlögunum kemur fram að 4. mgr. 220. gr. sé nýmæli, en ákvæðið er leitt af 252. gr. dönsku hegningarlaganna frá 1930. Svo almennt ákvæði um refsíabyrgð þess sem veldur mikilli hættu var ekki að finna í dönsku hegningarlögunum frá árinu 1866. Ákvæði af þessu tagi hafa, með tækniþróun, fengið aukið vægi sem vörn gegn hættulegum verknuðum, og þykja hafa sannað mikilvægi sitt í hegningarlögunum.<sup>56</sup>

Uppruna ákvæðis 252. gr. dk. hgl. má rekja til 248. gr. dk. hgl., síðan 1912, sem fjallaði um að stofna lífi eða heilsu einhvers í hættu, í tengslum við að fremja refsiverðan verknað. Við samningu ákvæðisins var einnig stuðst við ákvæði 227. gr. dk. hgl. síðan árið 1917. Það ákvæði fól í sér víðtækari ábyrgð en 248. gr. dk. hgl., sem m.a. tók til þess aðila, sem á ófyrirleitinn hátt stofnaði lífi einhvers í augljósa hættu eða olli hættu á miklum líkamsskaða. Hins vegar takmarkaði ákvæði 227 gr. dk. hgl. ábyrgðina, þannig að það átti ekki við þá hættu sem skapaðist gagnvart heilsu líkt og ákvæði 248. gr. dk. hgl. hafði gert. Ákvæði 252. gr. dk. hgl. fékk á sig endanlega mynd árið 1930, sem fylgir í meginráttum upprunalegum drögum.<sup>57</sup> Ákvæðinu hefur þó verið breytt nokkrum sinnum, m.a. árið 1994, og 2001, en þær breytingar áttu við 2. og 3. mgr. ákvæðisins. 1. mgr. 252. gr. dk. hgl. var breytt árið 2002, en þá var refsiramminn hækkaður úr fjórum árum í átta ár.<sup>58</sup>

<sup>54</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 80.

<sup>55</sup> Vagn Greve, Asbjørn Jenssen, Poul Dahl Jenssen og Gorm Toftegaard Nielssen: *Kommenteret straffelov. Speciel del*, bls. 385.

<sup>56</sup> Stephan Hurwitz: *Den danske Kriminalret. Speciel del*, bls. 244.

<sup>57</sup> Stephan Hurwitz: *Den danske Kriminalret. Speciel del*, bls. 244.

<sup>58</sup> Stephan Hurwitz: *Den danske Kriminalret. Speciel del*, bls. 244

Í frumvarpi með dönsku hegningarlögunum kemur fram að ákvæði 1. mgr. 252. gr. virðist vera viðbót við ákvæðin um manndráp af gáleysi skv. 241. dk. hgl. og líkamsmeiðingar af gáleysi skv. 249. gr. dk. hgl. Þegar um ófyrirleitinn verknað er að ræða sem gæti verið til þess fallinn að valda manneskju alvarlegum meiðslum eða jafnvel dauða, en afleiðingin af verknaðinum verður vægari en það, þá kann að vera þörf á að beita 252. gr. dk. hgl. Ástæðan fyrir því mun vera sú að ekki er hægt að refsast fyrir tilraun fyrir brot gegn ákvæðum skv. 241. gr. eða 249. gr. dk. hgl., enda eru þau gáleysisbrot.<sup>59</sup>

Hættunni þarf að vera valdið á ófyrirleitinn hátt skv. ákvæði 252. gr. dk. hgl. Einungis í dæmaskyni er nefnt að verknaðurinn sé framinn í *ábataskyni* eða af *gáska*.<sup>60</sup> Til þess að brot teljist fullframið er nægilegt að *lífi eða heilsu manna sé stofnað í hættu*.<sup>61</sup> Stofna þarf til *augljósrar lífshættu* eða hættu á heilsutjóni. Það virðist vera nóg að ein manneskja verði fyrir hættunni og orðin vísa til þess að það megi líta framhjá hættu á minniháttar líkamstjóni. Á því augnabliki sem stofnað er til hættu getur verið erfiðleikum bundið að greina á milli þess hvort afleiðing hættunnar leiði til örkuðla eða líkamstjóns.<sup>62</sup>

## **6.1 Verknaðaraðferðirnar „í ábataskyni“ „af gáska“ og „á annan ófyrirleitinn hátt“**

Samkvæmt ákvæði 4. mgr. 220. gr. þarf háttsemi að vera ófyrirleitinn. Í ákvæðinu er tiltekið „í ábataskyni“ og „af gáska“, en það er sem fyrr segir einungis nefnt í dæmaskyni og er ekki um tæmandi upptalningu verknaðaraðferða að ræða.<sup>63</sup> Við skýringu á ákvæði 4. mgr. 220. gr. hgl. er við hæfi að skoða hvað felst í því að hættu sé valdið „í ábataskyni“, „af gáska“ eða „á annan ófyrirleitinn hátt“.

### *6.1.1 Í ábataskyni*

Samkvæmt íslenskri orðabók merkir ábati gróði eða ávinningur. Ef hættu er valdið í ábataskyni er átt við tilfelli þar sem sakborningur ætlar að hagnast eða spara útgjöld. Má nefna sem dæmi ef sakborningur notar morknar spýtur til að smíða vinnupall, vanrækir viðhald á vélum, leigir út gallaðan krana eða ef sakborningur leigir út langferðabíl í hættulegu ástandi.<sup>64</sup>

<sup>59</sup> Stephan Hurwitz: Den danske kriminalret. Speciel del, bls. 244.

<sup>60</sup> Stephan Hurwitz: Den danske kriminalret. Speciel del, bls. 244.

<sup>61</sup> Alþt. 1939, A-deild, bls. 391.

<sup>62</sup> Knud Waaben: *Strafferettens specielle del*, bls. 24.

<sup>63</sup> Vagn Greve, Asbjørn Jenssen, Poul Dahl Jenssen og Gorm Toftegaard Nielssen: *Kommenteret straffelov. Speciel del*, bls. 385 og Knud Waaben: *Strafferettens specielle del*, bls. 24.

<sup>64</sup> Knud Waaben: *Strafferettens specielle del*, bls. 24 og Vagn Greve, Bent Unmark Larsen og Per Lindegaard: *Kommenteret straffelov. Speciel del* (1980), bls. 271.



Í dag myndu lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað, eða önnur sérrefsilög nánast alltaf vera notuð í svona málum.<sup>65</sup> Sem dæmi má nefna 1. mgr. 46. gr., sbr. 1. mgr. 99. gr. laga nr. 46/1980, en í 1. mgr. 46. gr. segir að vélar, vélahlutar, ílát, geymar, katlar, áhöld, tæki, virki hvers konar og húshlutar, samstæður og annar búnaður skuli þannig úr garði gerður, að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta. Einnig mætti sem dæmi nefna ákvæði 67. og 68. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sem fjalla um skoðun ökutækja og eftirlit. Annað dæmi er t.d. 4. mgr. 5. gr. laga nr. 64/2000 um bílaleigur, en það ákvæði kveður á um að bílaleiga skuli tryggja að skráningarskyld ökutæki í útleigu séu ætíð í góðu ásigkomulagi og fullnægi kröfum sem gerðar eru um þau.

Í *VLT 1936*, bls. 1. var múrarmeistari sýknaður af ákæru þar sem við framkvæmd hans vantaði upp á notkun á stýfum við skólpræsisuppgröft. Hann skorti skilning á hættunni sem skapaðist við þetta og þ.a.l. skorti hann ásetning til ávinnings.<sup>66</sup> Í réttarframkvæmd er þessi liður ákvæðisins, þ.e. „í ábataskyni“ minnst notaður.<sup>67</sup>

#### 6.1.2 Af gáska

Í 4. mgr. 220. gr. hgl. er fyrst talað um það þegar lífi eða heilsu annarra er stofnað í augljósan háská „í ábataskyni“. Því næst er talað um þegar sömu hagsmunum er stofnað í augljósan háská „af gáska“. Samkvæmt íslenskri orðabók merkir gáski mikla kæti, galsa eða glens. Þegar maður brýtur gegn þessum hluta ákvæðisins hefur hann farið yfir mörkin í leik, spaugi, stríðni og öðru þess háttar sem kemur fram í miklu kæruleysi. Úr réttarframkvæmd má nefna nokkur dæmi þar sem um gáska er að ræða. Sem dæmi má nefna þegar ökutækjum er til gamans ekið upp á gangstétt í þeim tilgangi að stríða fótgangandi vegfarendum eða til að hræða þá.<sup>68</sup>

*UfR. 1966, bls. 637. (Hjólreiðakonur í hættu)*

T, sem var 17 ára, var fundinn sekur um brot gegn 252. gr. dk. hgl. fyrir athæfi sitt. Hann ók fólksbifreið inn á hjólreiðastíg í þeim tilgangi að hræða tvær hjólreiðakonur sem þar voru staddar. Hann ók bifreiðinni af miklum gáska og á ófyrirleitinn hátt stofnaði hann lífi og heilsu þeirra í augljósa hættu, þar sem hann ók á allt að 40 km hraða í hálku á eftir þeim. Þær stukku af hjólum sínum og ultu niður brekku við stíginn til að forða sér frá því að lenda undir bifreiðinni. T hélt ferð sinni áfram á mjög gáleysislegan hátt á 80 km hraða á snævi þöktum veginum, en missti stjórn á bifreiðinni, sem endaði á rafmagnsstaur.

*V. 1975, bls. 695. Ø*

T sem var 29 ára ók bíl sínum tvisvar sinnum þvert yfir götuna upp á gangstétt í átt að tveimur fótgangandi mönnum, þeim R og O, sem voru þar staddir. Hann ók gáleysislega, af miklum

<sup>65</sup> Vagn Greve, Asbjørn Jenssen, Poul Dahl Jenssen og Gorm Toftegaard Nielssen: *Kommenteret straffelov. Speciel del*, bls. 385.

<sup>66</sup> Vagn Greve, Bent Unmark Larsen og Per Lindegaard: *Kommenteret straffelov. Speciel del* (1980), bls. 271.

<sup>67</sup> Knud Waaben: *Strafferettens specielle del*, bls. 24.

<sup>68</sup> Knud Waaben: *Strafferettens specielle del*, bls. 24.

gáska og á ófyrirleitinn hátt stofnaði hann lífi og heilsu R og O í nærliggjandi hættu. Hann ætlaði að hræða þá, en þeir þurftu að stökkva til hliðar til að komast hjá því að vera eknir niður. Með athæfi sínu gerðist T brotlegur við 252. gr. dk.hgl. ásamt umferðarlögum.

Einnig eru dæmi þess að menn hafi flogið flugvél of lágt og þannig stofnað lífi eða heilsu manna í hættu.

*V. 1969, bls. 970.*

T sem var 22 ára flugmaður á heimavarnarliðsæfingu, flaug vél sinni svo lágt að hann rakst á tvær manneskjur sem tóku þátt í æfingunni á jörðu niðri, þannig að þær biðu bana af. T hafði af miklum gáska eða á annan ófyrirleitinn hátt stofnað lífi og heilsu nokkurra manna í augljósa hættu, þegar hann í sínu síðasta flugi flaug svo lágt, að aðrir sem tóku þátt í heimavarnarliðsæfingunni máttu fleygja sér niður á jörðina til þess að komast hjá því að verða fyrir flugvélinni. T var dæmdur fyrir brot á lögum um loftferðir, ásamt því sem þetta var talið brot á 241. gr. dk. hgl. um manndráp af gáleysi, en brotið var einnig talið varða við 252. gr. dk. hgl.

Menn hafa líka siglt hraðbátum gáleysislega og valdið augljósri hættu.

*V. 1975, bls. 1101.*

T var gefið að sök að hafa brotið gegn vatnalögum þegar hann sigldi hraðbáti yfir leyfilegum hraða á stöðuvatni og leyfði 11 ára syni sínum að stýra bátnum, en T sjálfur sá um bensíninngjöfina. Sonurinn sigldi nokkrum sinnum á miklum hraða í kringum trébát, í þeim tilgangi að skvetta vatni yfir farþega trébátsins. Ekki fór betur en svo að sonurinn sigldi á trébátinn, en faðir hans náði ekki að bregðast nógu fljótt við þegar hann sá hvert stefndi. Trébáturinn hallaði mikið við áreksturinn og fékk hann þónokkuð vatn inn á sig, en hraðbátnum hvolfdi og sökk hann í vatnið með þeim afleiðingum að fjórir farþegar féllu útbyrðis. Farþegar beggja bátanna upplifðu sig í lífshættu, og það mátti teljast tilviljun, að áreksturinn hefði ekki alvarlegri afleiðingar. Rétturinn taldi að ákærði hefði mátt gera sér grein fyrir, að sigling hraðbátsins væri ófyrirleitin, og fæli í sér augljósa hættu á árekstri. Sú hætta var aukin til muna þegar ákærði lét stjórn bátsins í hendur 11 ára sonar síns. Ákærði var fundinn sekur um brot gegn 252. gr. dk. hgl.

Í Danmörku er ákvæðinu nokkuð oft beitt þegar menn leika sér með skotvopn.<sup>69</sup> Fræðimenn telja að ekki þurfi að skjóta úr vopninu, en vopnið verður að hafa verið hlaðið.<sup>70</sup> Í íslenskri réttarframkvæmd hefur leikur að skotvopnum m.a. talist refsiverður gáski samkvæmt 4. mgr. 220. gr. hgl. Á slíkt reyndi í Hæstaréttardómi frá árinu 1995, þar sem nokkrir félagar fóru á gæsaveiðar saman en ferðin fór úr böndunum.

*Hrd. 1995, bls. 2244. (Náðhús við gangnamannakofa)*

Ákærði var á gæsaveiðum ásamt félögum sínum í Gnúpverjaafrétti. Þeir gistu í gangnamannakofa á Skeiðamannafit á Skeiðaafrétti. Þegar einn félaginn þurfti að bregða sér á náðhús vestan við gangnakofann, var ætlun ákærða að „hrekka hann svolítið“, og tók hann leirdúfuskot og skaut því úr haglabyssunni á náðhúsið af 30 metra færi. Leirdúfuskot eru smá, og þau hrundu af hlið náðhússins þegar þau lentu á því. Ákærði tók því næst annað skot og skaut að náðhúsinu, en fyrir mistök tók hann skot ætlað til gæsaveiða. Þau eru mun öflugri en leirdúfuskot og fóru því í gegnum kofann og í félagann sem var í náðhúsinu. Tjónþoli fékk

<sup>69</sup> Knud Waaben: *Strafferettens specielle del*, bls. 24.

<sup>70</sup> Vagn Greve, Asbjørn Jenssen, Poul Dahl Jenssen og Gorm Toftegaard Nielssen: *Kommenteret straffelov. Speciel del*, bls. 385.

fimm högl í höfuð og háls, en hann gerði hvorki refsí- né bótakröfu á hendur ákærða vegna þessa atviks. Dómurinn taldi atferli ákærða háskalegt og glannafengið og það leysti hann ekki undan ábyrgð þótt honum hefði orðið á mistök við val skotfæra. Hann átti að gera sér grein fyrir þeirri hættu sem var samfara slíkri beitingu skotvopns, þar sem hann hafði allnokkra reynslu við meðferð skotvopna og hafði verið handhafi skotvopnaleyfis í 2 ár þegar atburðurinn átti sér stað.

### 6.1.3 Á annan ófyrirleitinn hátt

Að vera ófyrirleitinn merkir, samkvæmt íslenskri orðabók að vera ósvífinn, ógætinn, frekur eða óvandaður að meðulum.<sup>71</sup> Í ákvæði 4. mgr. 220. gr. hgl. er sem fyrr segir nefnt að háttsemi geti verið valdið í ábataskyni eða af gáska. Í framhaldi af orðunum kemur mun almennara orðalag, „á annan ófyrirleitinn hátt“. Hættu sem valdið er „í ábataskyni“ eða „af gáska“ er einungis nefnd í dæmaskyni í ákvæðinu, en það má greinilega leiða af orðunum „eða á annan ófyrirleitinn hátt“. Á annan ófyrirleitinn hátt má lýsa þannig að öryggi annarra er gróflega haft að engu. Enn fremur má vera ljóst, að háttsemin hlutlægt séð þarf að einkennast af því að vera ófyrirleitinn. Sakborningur þarf að þekkja þá þætti, sem eru undirstaða matsins, þ.e. hann þarf að þekkja aðstæður og gera sér grein fyrir skaðvænlegum eiginleikum háttseminnar.<sup>72</sup> Það að sakborningur setji sjálfan sig í hættu telst ekki nægileg sönnun fyrir því að hann hafi skort vitneskju um hættuna af verknaði.<sup>73</sup>

Hér má sem dæmi um „á annan ófyrirleitinn hátt“ nefna hættulegt hnífakast.

*UfR. 1976, bls. 93. H (Hættulegt hnífakast)*

T var sakfelldur fyrir brot á 252. gr. dk. hgl. fyrir að stofna lífi eða heilsu sambýliskonu sinnar, A, í nærliggjandi hættu þegar hann kastaði brauðhníf og svo eldhúshníf á eftir henni, úr stuttri fjarlægð.

Einnig má nefna íslenskan dóm sem varðar m.a. hnífakast, þar sem lífi manns var stofnað í hættu á ófyrirleitinn hátt.

*Hrd. 2002, bls. 1607 (67/2002). (Hnífsárás, tilraun til manndráps)*

A var ákærður og sakfelldur fyrir tilraun til manndráps með því að hafa stungið R tvisvar sinnum af afli í háls og síðu. Hann var einnig ákærður fyrir að hafa kastað hníf að bróður R, Z, er Z elti hann í kjölfar árásarinnar á R. Af gögnum málsins og skýrslum vitna þótti ekki mega draga þá ályktun að ásetningur A hefði staðið til þess að valda Z meiðslum með því að kasta að honum hníf, heldur hafi fyrst og fremst vakað fyrir honum að tefja eftirför Z. Því var A ekki sakfelldur fyrir tilraun til líkamsárásar gagnvart Z samkvæmt 2. mgr. 218. gr. hgl., heldur fyrir brot á 4. mgr. 220. gr. alm. hgl. sem leggur refsingu við því að stofna lífi eða heilsu annarra í hættu.

<sup>71</sup> Snara.is

<sup>72</sup> Vagn Greve, Asbjørn Jenssen, Poul Dahl Jenssen og Gorm Toftegaard Nielssen: *Kommenteret straffelov. Speciel del*, bls. 385.

<sup>73</sup> Vagn Greve, Bent Unmark Larsen og Per Lindegaard: *Kommenteret straffelov. Speciel del* (1980), bls. 272.

Þess eru dæmi að hleypt hafi verið gáleysislega af skotvopni við veiðar eða á skotæfingu. Flestir dómar þar sem reynir á 252. gr. dönsku hegningarlögganna fjalla um tilvik þar sem hleypt er af skoti, t.d. við veiðar, á götum eða í gördum, móti bílum og svo framvegis.<sup>74</sup> Óvenjulegri tilfelli eru t.d. að finna í dönskum dómi frá árinu 1972, þar sem ákærði á ófyrirleitinn hátt stofnaði lífi og heilsu manns í hættu.

*UfR. 1972, bls. 690. (Klippt á bremsuslängur)*

Hinn 29 ára T var sakfelldur fyrir brot gegn 252. gr. dk. hgl. þar sem hann hafði klippt á bremsuslängur framhjóra eftirvagns vörubíls, vitandi að A ætlaði að nota vagninn sama kvöld. Bremsurnar virkuðu aðeins að hálfu eftir að T hafði klippt á bremsuslängurnar, en með athæfi sínu stofnaði T lífi eða heilsu A í nærliggjandi hættu. Þess má geta að T viðurkenndi að hann hefði gert sér grein fyrir því að hætta væri á því að A myndi lenda í alvarlegu óhappi þegar hann kæmi út í umferðina með bremsulausan vagninn. Það kom hins vegar aldrei til þess, þar sem A varð þess var að bremsurnar virkuðu ekki sem skyldi áður en hann fór út í umferðina. A var því aldrei í neinni hættu, og var því brotið tilraun.<sup>75</sup>

Undir þriðja liðinn, „á annan ófyrirleitinn hátt“, falla einnig atvik þar sem ökumaður reynir að flýja, og ekur á móti manneskju sem er í vegi hans. Slíkt átti sér t.d. stað í *Hrd. 1993, bls. 789. (Hættuakstur Húsavík/Akureyri)*, þar sem lögreglubíll hafði verið lagt fyrir veginn til að hindra för ákærða, en ákærði virti það að engu og ók mjög óvarlega framhjá lögreglumönnum og bifreiðinni sem þveraði veginn. Undir þriðja liðinn falla einnig tilvik þar sem maður hefur skotið úr skotvopni rétt yfir höfuðið á öðrum manni, en enginn ásetningur er til morðs.<sup>76</sup>

*UfR. 1985, bls. 315. H (Mótorhjólaklíka ruddist inn í hús)*

T braust inn í hús I, J og K, ásamt öðrum félögum sínum, þar sem hann gerðist sekur um ofbeldi, manndráp, ólögmæta nauðung, velsæmisbrot og brot gegn 252. gr. dk. hgl. T ætlaði að þröngva K til samræðis en hætti við áætlanir sínar þegar hann sá að hún var á blæðingum. T skaut því næst úr byssu sinni rétt yfir höfuð K þar sem hún lá nakin í rúminu og stofnaði lífi hennar og heilsu í nærliggjandi hættu. T skaut svo rottweiler hund í eigu J í höfuðið en hræinu var hent upp í rúmið til K, og T nuddaði blóði hundsins á hana. Skaut hann svo hundinn aftur í höfuðið þannig að hann drapst, en með því athæfi stofnaði hann lífi og heilsu K aftur í nærliggjandi hættu á ófyrirleitinn hátt. Að lokum skaut ákærði J í höfuðið af stuttu færi, þannig að hann lést samstundis.

Í framkvæmd hefur ákvæði 252. gr. dk. hgl. og 4. mgr. 220. gr. hgl. verið beitt í fjölda tilfella tengdum hættulegum akstri.

*UfR. 2005, bls. 77. Ø*

T1 og T2 voru 19 ára gamlir á verknaðarstundu. Þeir voru ákærðir fyrir brot á mörgum ákvæðum umferðarlaga, auk þess sem þeir voru ákærðir fyrir brot á 252. gr. dk. hgl. fyrir að hafa ekið í kappakstri „á miklum hraða, langa vegalengd. T2 var einnig ákærður fyrir brot á

<sup>74</sup> Knud Waaben: *Stafferettens specielle del*, bls. 25.

<sup>75</sup> Alf Ross: „Om konkret og abstrakt fare“, bls. 426-427.

<sup>76</sup> Vagn Greve, Asbjørn Jenssen, Poul Dahl Jenssen og Gorm Toftegaard Nielssen: *Kommenteret straffelov. Speciel del*, bls. 386.

241. gr. dk. hgl. um manndráp af gáleysi, fyrir að hafa ekið á annan bíl á meðan kappakstrinum stóð, með þeim afleiðingum að ökumaður bílsins lést. Í bæjarréttinum voru ákærðu sýknaðir af ákæru um að hafa ekið í kappakstri og því sýknaðir af ákæru um brot gegn 252. gr. dk. hgl. T1 var einnig sýknaður af broti gegn 241. gr. dk. hgl. í dómi bæjarréttar. Landsrétturinn taldi hins vegar sannað að akstur ákærðu hefði haft einkenni kappaksturs. Þeir hefðu þannig stofnað lífi og heilsu annarra í augljósa hættu því brotið gegn 252. gr. dk. hgl. auk þess sem akstur T2 leiddi til dauða ökumanns bíls sem hann ók á. Talið var sannað að T2 hefði ekið á óforsvaranlega miklum hraða á nokkuð mjóum vegi. Það leiddi til þess að hann átti litla möguleika á að hafa vald yfir ökutækinu við þær óvæntu aðstæður sem upp komu, þegar hann mætti bíl úr gagnstæðri átt.

Hættan verður, sem fyrr segir, að vera raunveruleg. Það er t.d. ekki nóg að aksturinn sjálfur sé almennt hættulegur. Sem dæmi getur 1. mgr. 252. gr. dk. hgl. verið beitt gegn ökumanni sem tekur óvænt framúr öðrum bíl, þannig að það setur þann sem ekur á móti í hættu. Ekki er hægt að nota ákvæðið ef það er enginn sem kemur akandi á móti. Ákvæðinu er einnig beitt gegn farþegum sem trufla aksturinn, t.d. með því að taka í handbremsuna eða rífa í ökumanninn.<sup>77</sup> Vari hættulega ástandið í lengri tíma, getur verið betra að nota 1. mgr. 250. gr. dönsku hegningarlöganna, en sambærilegt ákvæði í íslenskum hegningarlögum mun vera 1. mgr. 220. gr. hgl.<sup>78</sup>

## 6.2 Að valda hættu fyrir líf eða heilsu manna

Hættunni þarf að hafa verið valdið. Í réttarframkvæmd er þetta ákvæði skilið svo vítt, að það nær einnig yfir þau atvik þegar manneskja sem lendir í hættu, veldur verknaðinum sjálf.<sup>79</sup>

*UfR. 1998, bls. 427. H (Rússnesk rúlletta)*

Hinn 27 ára T1 var ákærður fyrir að hafa af miklum gáska eða á annan ófyrirleitinn hátt, stofnað lífi eða heilsu annarra í hættu, þegar hann skoraði á kunningja sinn A að taka þátt í „rússneskri rúllettu“. Hann lét A hafa skammbyssu sem var hlaðin einu skoti af sex mögulegum, en byssan var með spenntan gikk. A skaut sig í gagnaugað og beið bana af. T1 var fundinn sekur um að hafa brotið gegn 252. gr. dk. hgl. með því að stofna lífi og heilsu annarra í nærliggjandi hættu og fyrir manndráp af gáleysi skv. 241. gr. dk. hgl.

Gerandinn þarf að stofna lífi eða heilsu einhvers í hættu. Það þarf ekki að vera hætta á að þolandi hljóti örorku af verknaðinum þó ákvæði þessu sé beitt, en það þarf að vera hætta á heilsutjóni. Heilsutjónið þarf að einhverju leyti að samsvara því sem kveðið er á um í 1. mgr. 249. gr. dk. hgl. um líkamsmeiðingar af gáleysi. Það er líklega ekki hægt að gefa sér einhverjar fastar forsendur til viðmiðunar um hversu mikið tjónið er sem hætta er á, þar sem

<sup>77</sup> Vagn Greve, Asbjørn Jenssen, Poul Dahl Jenssen og Gorm Toftegaard Nielssen: *Kommenteret straffelov. Speciel del*, bls. 386.

<sup>78</sup> Ákvæði 1. mgr. 220. gr. hljóðar svo: „Hver sem kemur manni í það ástand, að hann er án bjargar, eða yfirgefur mann, sem hann átti að sjá um, í slíku ástandi, skal sæta fangelsi allt að 8 árum.“

<sup>79</sup> Vagn Greve, Asbjørn Jenssen, Poul Dahl Jenssen og Gorm Toftegaard Nielssen: *Kommenteret straffelov. Speciel del*, bls. 386.

aðalatriðið hér er hættan en ekki tjónið. Í réttarframkvæmd er ákvæðið notað á nokkuð víðtæku sviði. Sem dæmi um víðtæka beitingu ákvæðisins má nefna hættu á augnskaða.<sup>80</sup>

*UfR. 1980, bls. 642. (Skotið úr glugga)*

T1 og T2 voru ákærðir fyrir að hafa af miklum gáska eða á annan svipaðan hátt stofnað lífi eða heilbrigði nokkurra í nærliggjandi hættu, þegar þeir skutu um það bil 10 skotum, til skiptis með loftriffla út um glugga að manneskjum sem voru staddar á gangstéttinni hinum megin við götuna. Þeir miðuðu á fæturna og reiknuðu ekki með að það gæti orðið mikill skaði af verknaðinum, heldur frekar að þetta væri eins og „smellur“ á fæturna. Samkvæmt læknisvottorði lentu skotin svo djúpt í líkama tveggja vegfarenda sem skotið var á, að þau voru látin vera ósnert í líkama þeirra. Eftir rannsókn á rifflinum og skotkrafti hans var ljóst að mun minni kraft þurfti til en þarna var til staðar samkvæmt fjarlægð frá skotmarki o.fl., til að valda óbætanlegu tjóni, sérstaklega ef skotin hefðu hæft viðkvæm svæði líkt og augun. T1 og T2 voru fundnir sekir um brot á 4. mgr. 244. gr. og 252. gr. dk. hgl.

Fræðimaðurinn Knud Waaben sagði það ekki útiloka notkun ákvæðisins í 252. gr. dk. hgl. að sá sem hefur verið staddur í hættu, lætur lífið eða hlýtur líkamsskaða. Þvert á móti sagði hann að í þeim tilvikum væri refsiramminn strangari samkvæmt 252. gr. dk. hgl. heldur en samkvæmt 241. gr. um manndráp af gáleysi og 249. gr. um líkamsmeiðingar af gáleysi og því væri eðlilegra að beita ákvæði 252. gr. dk. hgl. Af þessum sökum geta meðal annars komið upp vandamál tengd sambandinu milli ákvæðanna, sem fjalla um að stofna lífi eða heilsu einhvers í hættu skv. 252. gr. dk. hgl. og svo ákvæðanna um manndráp af gáleysi skv. 241. gr. dk. hgl. og líkamsmeiðinga af gáleysi skv. 249. gr. dk. hgl.<sup>81</sup>

Knud Waaben sagði sterk rök vera fyrir því að beita heldur 252. gr. dk. hgl., frekar en 241. gr. dk. hgl. um manndráp af gáleysi eða 249. gr. dk. hgl. um líkamsmeiðingar af gáleysi, ef andlát eða líkamsskaði eru afleiðing af hættu sem unnt væri að heimfæra undir 252. gr. dk. hgl. Almennt er ekki hægt að nota fésekt við ákvörðun refsingar þegar 252. gr. dk. hgl er beitt.<sup>82</sup>

*6.2.1 Breytingar á ákvæðum 252. gr., 241.gr. og 249. gr. danskra hegningarlaga árið 2002*  
Ákvæði 252. gr., 241. gr. og 249. gr. dk. hgl. var breytt árið 2002. Fyrir lagabreytinguna var refsing fyrir brot gegn ákvæði 252. gr. dk. hgl. varðhald eða fangelsi allt að fjórum árum. Ákvæði 241. gr. dk. hgl. um manndráp af gáleysi fól í sér sektir eða varðhald allt að fjórum árum ef refsipýngingarástæður voru fyrir hendi. Ákvæði 249. gr. dk. hgl. fól í sér sektir eða varðhald, allt að fjórum árum ef refsipýngingarástæður voru fyrir hendi.

Sjá má að ásetningsákvæði 252. gr. dk. hgl. fól í sér strangari refsiramma líkt og fræðimaðurinn Knud Waaben hélt fram. Hins vegar eiga rök hans ekki við í dag, þar sem í

<sup>80</sup> Vagn Greve, Asbjørn Jenssen, Poul Dahl Jenssen og Gorm Toftegaard Nielssen: *Kommenteret straffelov. Speciel del*, bls. 386.

<sup>81</sup> Knud Waaben: *Stafferettens specielle del*, bls. 25.

<sup>82</sup> Knud Waaben: *Stafferettens specielle del*, bls. 25.

öllum framangreindum ákvæðum var refsiramminn hækkaður úr því að vera mest fjögurra ára fangelsi upp í átta ára fangelsi, ef sérstakar refsíþyngjandi ástæður eru fyrir hendi. Refsimörkin eru því hin sömu í dag samkvæmt dönsku ákvæðunum.

Í íslenskum hegningarlögum eru hámarks refsingar samkvæmt 4. mgr. 220. gr. og 219. gr. 4. ára fangelsi, en samkvæmt 215. gr. hgl. er 6 ára fangelsi hámarksrefsing. Þar sem refsímörkin hér á landi eru ólík þeim í Danmörku, hafa rök Waabens ekki við hjá okkur.

Nánar verður fjallað um þau ákvæði sem tengjast 4. mgr. 220. gr. og 252. gr. síðar í ritgerðinni.

### 6.3 Nærleggjandi hætta og augljós háski

Í ákvæði 4. mgr. 220. gr. hgl. er þess krafist að lífi eða heilsu annarra sé stofnað í *augljósan háska*. Ákvæði 252. gr. dk. hgl. gerir kröfu um *nærleggjandi* hættu en það er skýrt á sama hátt.

Samkvæmt dönskum fræðibókum er hugtakið „nærleggjandi hætta“ í 252. gr. dönsku hegningarlaganna skilið sem krafa um líkur á einhverri afleiðingu. En hugtakið má einnig skilja sem kröfu um að ákveðin hætta eigi að vera augljós.<sup>83</sup> Nærleggjandi möguleiki getur komið fram í dómum. Bókstafleg túlkun getur leitt til þess að hugtakið nái til minni afleiðinga en „mikil hætta“ eða „lífshætta“, en nái á hinn bóginn yfir fleiri afleiðingar en hugtakið „yfirgnæfandi líkur“.<sup>84</sup>

Hæstiréttur hefur ekki tekið ótvíræða afstöðu til orðanna „nærleggjandi hætta“ eða „augljós háski“. Í norski réttarframkvæmd má finna dóma þessu tengt. Í *RT. 1948, bls. 1274* höfðu ákærðu tekið þátt í verknaði sem fól í sér að umkringja kofa og skjóta að fólki sem var þar innandyrá. Þeir voru dæmdir fyrir manndráp og fyrir tilraun til manndráps. Í dóminum kom fram að í ljósi aðstæðna, hefðu ákærðu haft fullan skilning á að mjög nærleggjandi hætta væri fyrir hendi um að til bardaga gæti komið við þá sem voru í kofanum og að einhverjir þeirra gætu verið drepnir.<sup>85</sup> Í öðrum norskum dómi frá svipuðum tíma, sagði að ákærða hefði verið full ljóst að það gæti leitt til bardaga við heimavarnarliðið og það hefði verið nærleggjandi möguleiki á því að einn eða fleiri af þeim sem tóku þátt í honum kynnu að verða særðir eða drepnir. Í þessum dómum telur Hæstiréttur ekki að lögnum hafi verið ranglega beitt.<sup>86</sup>

<sup>83</sup> Vagn Greve, Bent Unmark Larsen og Per Lindegaard: *Kommenteret straffelov. Speciel del* (1980), bls. 271 og Knud Waaben: *Strafferettens specielle del*, bls. 24.

<sup>84</sup> Knud Waaben: *Det kriminelle forsæt*, bls. 183.

<sup>85</sup> Knud Waaben: *Det kriminelle forsæt*, bls. 183-184.

<sup>86</sup> Knud Waaben: *Det kriminelle forsæt*, bls. 184.

Samþykki fórnarlambis er engin afsökun.<sup>87</sup> Hættu á smávægilegu líkamstjóni má telja falla utan við ákvæðið, þar sem það telst ekki flokkast undir augljósan háska.<sup>88</sup> Stundum eru notuð orð í lögum sem greina hættustigið sérstaklega. Það gildir sennilega um orðin „yfirvofandi hætta“ skv. 102, og 180. gr. dk. hgl. og „nærleggjandi hætta skv. 252. gr. dk. hgl eða eins og það er orðað í ákvæði 4. mgr. 220. gr. „augljós hætta“. Í flestum tilfellum er orðið hætta þó notað án nánari greiningar með tilliti til hættustigsins. Þá er látið nægja að segja eitthvað almennt um það hversu miklar líkur eru á tjóni svo að hættan eigi réttilega við.<sup>89</sup>

Í eldri tíð var í nokkrum tilvikum dæmt í málum þar sem hugtakið „nærleggjandi hætta“ kom fram. Það var í tilvikum þar sem ákærði hleypti af byssuskoti út á götum, út um glugga, á veitingastöðum og þess háttar, þar sem unnt var að tala um skýran ásetning til þess að valda hættu. Í öðrum tilvikum, eins og þeim að skjóta viðvörunarskoti, virðist hugtakið „nærleggjandi hætta“ í öllu falli túlkuð frekar vítt.<sup>90</sup>

---

<sup>87</sup> Vagn Greve, Bent Unmark Larsen og Per Lindegaard: *Kommenteret straffelov. Speciel del* (1980), bls. 271 og Knud Waaben: *Strafferettens specielle del*, bls. 24.

<sup>88</sup> Knud Waaben: *Strafferettens specielle del*, bls. 24.

<sup>89</sup> Alf Ross: „Om konkret og abstrakt fare“, bls. 407.

<sup>90</sup> Knud Waaben: *Det kriminelle forsæt*, bls. 208.



## 7 Dómar þar sem reynt hefur á 4. mgr. 220. gr. hegningarlaganna

Í íslenskri dómaframkvæmd hefur reynt á 4. mgr. 220. gr. við ýmsar aðstæður. Brotið hefur verið gegn ákvæðinu tengt flugvélum, bifreiðum, skipum, við notkun skotvopna og sprengiefnis, auk þess sem ákvæðinu hefur verið beitt um önnur tilvik. Lang algengast er að 4. mgr. 220. gr. sé beitt í tengslum við akstur bifreiða, en einnig er henni beitt nokkuð oft þegar um skotvopn og sprengiefni er að ræða. Verða hér reifaðir nokkrir dómar til skýringar.

### 7.1 Flugvél

Einn dóm er að finna í dómasafni Hæstaréttar frá árinu 1968 þar sem brotið er gegn 4. mgr. 220. gr. hgl. Þar var lífi eða heilsu manna var stofnað í hættu með háttsemi ákærða sem var farþegi í flugvél, en bæði flugmanninum í flugvélinni, sem og öðrum mönnum í þéttbýli sem flogið var yfir var stofnað í hættu.

*Hrd. 1968, bls. 235. (Flugvél)*

Ákærði S leigði flugvél til skemmtiflugs og flaug flugmaðurinn H með hann í 45 mínútur. Þegar H hugðist lenda óskaði S eftir að flugið yrði lengt um 15 mínútur, sem flugmaðurinn féllst á. H sagði S hafa verið með áfengi meðferðis, en hann virtist ekki orðinn drukkinn þegar þeir lentu. Nokkru síðar kom ákærði aftur og leigði flugvél til skemmtiflugs í hálf klukkustund, en þá virtist hann örlítið undir áhrifum áfengis. Að hálf tíma loknum vildi ákærði lengja flugið, en H vildi ekki fallast á málaleitan hans og hóf aðflug að Reykjavíkurlflugvelli. H reyndi aðflug nokkrum sinnum, en ákærði S greip í stjórnþæki og átti við bensínjök vélarinnar með þeim afleiðingum að flugvélin kastaðist til, og flugmaðurinn varð að hætta við landingu á Reykjavíkurlflugvelli. H flaug upp á Sandskeið og lenti þar án afskipta ákærða eftir að hafa róað hann niður, en S var orðinn hneykslanlega ölvaður í umrætt sinn. Með athæfi sínu stofnaði S lífi eða heilsu flugmannsins H í augljósa hættu. Í dómi Hæstaréttar sagði: „Það framferði ákærða að taka til stjórnþækja flugvélarinnar TFFLE í umrætt sinn og hindra þannig flugmanninn í að lenda á Reykjavíkurlflugvelli setti flugmanninn í yfirvofandi lífshættu og orsakaði einnig hættu fyrir aðra menn, þar sem flogið var á flugleiðum og yfir þéttbýli.“ S var m.a. dæmd refsing fyrir brot gegn 4. mgr. 220. gr.

### 7.2 Skip

Ekki er að finna marga dóma þar sem stofnað hefur verið til hættu með skipum í íslenskri refsilögsögu, þannig að 4. mgr. 220. gr. taki til háttseminnar. Í dómasafni Hæstaréttar er að finna einn dóm sem er kominn til ára sinna, en þar var háttsemi bresks skipstjóra talin varða við 4. mgr. 220. gr. hgl.

*Hrd. 1962, bls. 291. (Varðskip í hættu)*

Skipstjórinn D, sem starfaði á breska togaranum b/v GT, var ákærður fyrir að hafa m.a. í tvígang gert tilraun til að sigla á varðskipið Albert þegar varðskipið reyndi að stöðva togaran við ólöglegar veiðar í miklum sjógangi og stormi út af Straumnesi, innan fiskveiðilandhelgi Íslands. Varðskipsmennirnir komu í bæði skiptin naumlega í veg fyrir árekstur við breska togaran. Í héraðsdómi sagði: „Var svo skammt milli skipanna, að vart hefur munað meira en 20 föðmum, og þegar þess er gætt, að skipin eru um 20 og um 30 m löng og sigla með um 350 m hraða á mínútu, og myrkur er, stormur og stórsjór, þá er augljóst, að það er eingöngu að þakka skjótri hugsun og snarræði varðskipsmanna, að forðað varð stórslysi. Samkvæmt 4. mgr.

220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 telst brot fullframið, ef lífi manna er stefnt í voða, m. a. á „ófyrrleitinn hátt“. Verður að telja, að skipstjóri b/v GT, ákærði í máli þessu, hafi með stjórn skips síns gerzt sekur um brot, er varði við nefnt ákvæði hegningarlaganna.“ Hæstiréttur tók undir þetta og sagði að ákærða hafi borið skylda til að nema staðar samkvæmt skipun yfirmanna varðskipsins. Í þess stað hagaði hann siglingu á þann hátt að mönnum á varðskipinu og togaranum var bráður háski búinn.

Atferli skipstjórans varðaði refsingu samkvæmt 4. mgr. 220. gr. hgl. þar sem sigling hans skapaði mikla hættu gagnvart varðskipsáhöfninni, ásamt því sem hans eigin áhöfn var bráður háski búinn með þessu atferli.

### 7.3 Bifreiðar

Eins og fyrr segir hefur oftast reynt á 4. mgr 220. gr. hgl. í tengslum við umferðarlagabrot sem hafa valdið mikilli hættu. Ekki þarf að hafa hlotist tjón af slíkri háttsemi. Í þessum dómum er í flestum tilvikum sakfelld fyrir háttsemi sem var framin við stjórnun vélknúinna ökutækja, og fellur undir 4. mgr. 220. gr. hgl.

*Hrd. 1974, bls. 1110. (Tollvörður dreginn eftir bifreið)*

V var ákærður fyrir hlutdeild að smygli á áfengi með bróður sínum og fyrir að hindra einkennisklæddan tollvörð í að sinna starfi sínu. Tollvörðurinn J stöðvaði bifreið V til að skoða innihald tösku sem JP hafði tekið frá borði skipsins og sett í bíl V. V neitaði að sýna innihald töskunnar og gaf sig ekki þrátt fyrir beiðni tollvarðar. V ók bifreiðinni af stað þrátt fyrir að tollvörðurinn héldi um stýri hennar. V ók áfram á ófyrrleitinn hátt á miklum hraða þónokkra vegalengd með tollvörðinn hangandi utan á bifreiðinni, þannig að hann dróst með henni. Stofnaði V lífi J í augljósan háska með akstrinum þar sem bersýnileg hætta var á að hann missti takið á bifreiðinni, skylli í götuna og færi jafnvel undir bifreiðina. V var sýknaður af ákæru um að hafa verið kunnugt um að ólöglega innflutt áfengi væri í tösku þeirri er JP hafði meðferðis. Hins vegar var hann fundinn sekur um að hafa hindrað tollvörðinn í að gegna skyldustörfum sínum með beinni líkamlegri nauðung, og fyrir að hafa stofnað lífi hans í augljósan háska. V var fundinn sekur fyrir brot gegn valdstjórninni samkvæmt 106. gr. hgl. og fyrir brot gegn 4. mgr. 220. gr. hgl.

*Hrd. 1979, bls. 906. (Lögreglumaður dreginn eftir bifreið á Seyðisfirði)*

Ákærði, Á, ók bifreið sinni eftir götum Seyðisfjarðar mjög hratt og ógætlega á allt að 140 km hraða á klukkustund. Hann var undir áhrifum áfengis og sinnti ekki stöðvunarmarkjum lögreglu. Ákærða var einnig gefið að sök að hafa stofnað lífi eða heilsu lögreglumannsins Þ í augljósan háska með því að aka bifreiðinni á ofsahraða um 400 metra vegalengd, er lögreglumaðurinn hékk í henni og dróst með bifreiðinni. Ekki varð fullyrt að ákærði hafi séð eða orðið var við er lögreglumaðurinn náði taki á bifreið hans, en hann viðurkenndi að hafa orðið var við Þ skömmu síðar. Þrátt fyrir það stöðvaði hann ekki bifreiðina heldur ók áfram á miklum hraða. Þ slepti takinu þegar Á var kominn á svo mikla ferð að bifreiðin kastaðist til. Bifreið Á endaði skömmu síðar úti í skurði við hafnargarðinn. Með athæfi sínu stofnaði ákærði lífi eða heilsu lögregluþjónsins í augljósan háska, og gerðist hann með akstri sínum brotlegur við 4. mgr. 220. gr. hgl.

Í þessum tveimur framangreindu dómum er lífi og heilsu tollvarðarins og lögreglumannsins stofnað í augljósan háska með ófyrrleitnum akstri ákærðu. Hættan beinist

augljóslega að tollverðinum og lögreglumanninum sem hanga utan á bifreiðunum sem ekið er ógætilega áfram.

*Hrd. 1982, bls. 124. (Kappakstur á Suðurnesjum)*

Þeir M og V voru ákærðir fyrir að hafa í sameiningu valdið dauða S og stórfelldum meiðslum R, með háttalagi sínu. M og V þreyttu kappakstur eftir Reykjanesbraut á allt að 160 km hraða á klukkustund. Á endanum skullu bifreiðarnar saman af miklu afli þegar M sem var á undan, beygði til vinstri við gatnamót þótt hann vissi af bifreið meðákærða á eftir sér. V var á sama tíma að taka fram úr bifreið M vinstra megin þrátt fyrir að það væri óheimilt á þessum stað. M og V þóttu hafa stofnað lífi og heilsu annarra farþega, í báðum bifreiðunum, á ófyrirleitinn hátt í augljósan háska með háttalagi sínu. Ákærðu voru sakfelldir fyrir brot gegn 215. gr., 219. gr. og 4. mgr. 220. gr. ásamt ákvæðum umferðarlaga.

Ákærðu höfðu sammælst um að fara í umræddan kappakstur og voru farþegar þeirra meðvitaðir um það. Þeir mótmæltu ekki ákvörðun ákærðu, og verður að líta svo á að þeir hafi samþykkt hana. Ekki var þó hægt að fallast á það með verjendum ákærðu að samþykki þetta hafi leyst þá undan refsingu fyrir brot á þeim ákvæðum almennra hegningarlaga sem greinir í ákæru. Hins vegar leiddi það til lækkunar við mat á refsingu ákærðu skv. 4. mgr. 220. gr. hgl. Í þessum dómi (*Kappakstur á Suðurnesjum*) má sjá að hættan beinist að tilgreindum farþegum sem eru í bifreiðunum og er stofnað í augljósan háska við athæfið skv. 4. mgr. 220. gr. hgl.

*Hrd. 1989, bls. 306. (Maður á reiðhjólum ekinn niður á Laugavegi)*

T var ákærður fyrir að hafa ekið bifreið, án nægilegrar aðgæslu, eftir Laugavegi með þeim afleiðingum að bifreiðin rakst aftan á reiðhjól M, sem hjólaði eftir götunni í sömu átt. Við það féll M í götuna, en þegar hann stóð upp eftir fallið stofnaði T lífi eða heilsu hans í augljósan háska á ófyrirleitinn hátt, með því að aka bifreiðinni aftur á M, þannig að hann kastaðist upp á vélarlok bifreiðarinnar og í framrúðu hennar. Ákærði ók svo bifreiðinni með M hangandi á vélarlokinu nokkurn spöl og snögghemlaði síðan þannig að M féll í götuna. Eftir þetta ók T bifreiðinni hratt og óvarlega eftir Laugavegi, fór hægra megin fram úr bifreiðum og að hluta til upp á gangstétt, þannig að gangandi vegfarendur áttu fótum fjör að launa. Þannig stofnaði hann lífi og heilsu gangandi vegfarenda í augljósa hættu, en samkvæmt framburði vitna varð að telja sannað að fólk hefði verið á gangstéttinni er ákærði ók eftir henni. T var sakfelldur á báðum dómstigum fyrir brot gegn 4. mgr. 220. gr. hgl, auk ýmissa ákvæða umferðarlaga.

T stofnaði lífi og heilsu M í augljósan háska með því að aka bifreiðinni á M eftir að hann hafði risið upp eftir fallið, svo að hann kastaðist upp á vélarlok bifreiðarinnar og í framrúðu hennar. Athæfi þetta var talið varða við 4. mgr. 220. gr. hgl, en í þessu tilviki beindist hættan að M. Svo virðist sem ásetningur T hafi verið nokkuð mikill. Bæði reyndi hann oftast en einu sinni að aka M niður, sem fól í sér mikla hættu á að tjón hlytist af, og svo ók hann af vettvangi. T stofnaði einnig lífi og heilsu gangandi vegfarenda í hættu þegar hann ók bifreið sinni eftir fyrrgreind atvik, hratt og óvarlega niður Laugaveg, að hluta til upp á gangstétt. Sannað var samkvæmt vitnisburði að það var fólk á gangstéttinni er ákærði ók eftir henni. Þessi háttsemi var einnig talin varða við 4. mgr. 220. gr. hgl.

Annan sambærilegan dóm er að finna í dómasafni Hæstaréttar, þar sem lífi og heilsu manns var stofnað í hættu þegar hann reyndi að hindra för ákærða eftir að bílar þeirra rákust saman.

*Hrd. 1994, bls. 566. (Maður á vélarhlíf)*

E var meðal annars ákærður fyrir að hafa á ófyrirleitinn hátt stofnað lífi og heilsu J í stórhættu í kjölfar umferðaróhapps. Málavextir voru þeir að E bakkaði bifreið sinni ógætilega úr bílastæði við Kaupfélag Árnesinga, þannig að hún rakst á bifreið J. Aðilar voru ekki sammála um hvernig best væri að ljúka málinu. Ákærði tók þá ákvörðun að aka bifreiðinni brott af vettvangi, en J reyndi að aftra því. Ók E þá af ásetningi á J þar sem hann stóð fyrir framan bifreiðina í þeim tilgangi að hindra brottför E. J neyddist til að setjast upp á vélarhlíf bifreiðarinnar þegar E ók á hann, og halda sér í rúðupurrkurnar. E snögghemlaði eftir stuttan spöl svo J féll í götuna og skrámaðist og marðist á fótum. Í héraðsdómi sagði: „Akstur ákærða var tillitslaus, glannalegur og hættulegur. Hann var því andstæður meginreglum umferðarlaga, sem bjóða öikumönnum að sýna öðrum vegfarendum tillitssemi og varúð, þannig að aksturinn valdi ekki hættu eða tjóni, en greið og örugg umferð byggist á því að þessar forsendur séu virtar. Ákærði braut þannig gegn 1. mgr. 4. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Háttsemi ákærða var ófyrirleitin og þess eðlis, að lífi og heilsu [J], sem sat á bifreiðinni, var augljós hætta búin. Hún var því einnig refsiverð samkvæmt 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en enga þýðingu hefur að stiggreina hættuna í þessu sambandi.“

Hættan beindist að J í umrætt sinn þar sem ákærði ók á hann af ásetningi. Lífi og heilsu J var augljós hætta búin með þessu háttalagi. Héraðsdómur taldi ekki ástæðu til að stiggreina hættuna í þessu sambandi.

*Hrd. 13. september 2007 (11/2007). (Maður reynir að aka á fyrrverandi konu sína)*

X var ákærður fyrir að hafa á ófyrirleitinn hátt stofnað lífi eða heilsu A, fyrrum eiginkonu sinnar, í augljósan háska þegar hann ók bifreið að henni yfir steiptan kant á bílastæði fyrir utan veitingastaðinn McDonald's. A hafði gengið fram fyrir bifreiðina á meðan hún var kyrrstæð, eftir að hafa spennt annað barnið þeirra í bílbelti í bifreið X. Ákærði bar á þessum tíma þungan hug til A, en hann gaf enga haldbæra skýringu á því athæfi að aka bifreiðinni yfir steiptan kant á bílastæðinu í stað þess að aka út úr því á þeim stað, sem til þess var ætlaður. Vitnum bar saman um að X hefði ekið bifreiðinni þannig að hún stefndi á konuna, en A hefði með naumindum tekist að forða sér undan henni. Fallist var á það í dómnum að ákærði hafi með framferði sínu stofnað lífi eða heilsu A í augljósan háska, og hafi því gerst sekur um brot sem telst réttilega heimfært til 4. mgr. 220. gr. hgl. Verður að telja brot ákærða sérlega hættulegt þar sem tilviljun ein réði því að A varð ekki fyrir tjóni og gat komið sér frá bifreiðinni með naumindum. Ekki var ákært fyrir brot gegn umfl, og því ekki fallist á það með ákærða að einungis ætti að færa brot hans undir 1. mgr. 4. gr. umfl. 50/1987.

Ásetningur ákærða virðist vera að aka á fyrrverandi konu sína, en tilviljun ein réði því að A komst frá bifreiðinni og varð ekki fyrir tjóni. Með þessari háttsemi setti ákærði A í augljósan háska á ófyrirleitinn hátt.

*Hrd. 1999, bls.4740. (Hótel Selfoss)*

G var sakfelldur fyrir að hafa ekið jeppabifreið undir áhrifum áfengis frá bílastæði við Hótel Selfoss. Einnig fyrir að hafa með óvarlegum akstri sínum stofnað í hættu lífi eða heilsu fjölda fólks sem þar var saman komið. Ákærði ók bifreiðinni inn í mannþröngina og á ljósastaur með þeim afleiðingum að staurinn brotnaði og féll niður á gangstétt við innganginn. Nokkrir tugir manna voru saman komnir utan við Hótel Selfoss samkvæmt lýsingu vitna. Bifreið ákærða var

upphækkuð stór jeppabifreið, en ákærði ók bifreiðinni að hópnum og á ljósastaur sem féll þar sem fólk stóð. Atvik þessi voru metin þannig að ákærði hefði vísitandi stofnað til hættu þeirrar sem þarna skapaðist, og með því hafi hann brotið gegn 4. mgr. 220. gr. hgl.

Í dómi þessum var sakfelldur fyrir brot á 4. mgr. 220. gr. hgl, en hún var látin tæma sök gagnvart 1. mgr. 4. gr. umferðarlaga. Ákærði var með háttseminni talinn hafa vísitandi stofnað til hættu þeirrar er þarna skapaðist, þegar bifreiðinni var ekið beint inn í mannþröngina og á ljósastaur sem féll niður á gangstétt þar sem fólk var saman komið. Vitni töldu mildi að ekki urðu slys á fólki.

Í *Hrd. 1996, bls. 1613. (Ekið á konu við barnaskóla)* var um að ræða sýknu af ákæru á 4. mgr. 220. gr. hgl., þar sem ekki voru færðar nægilega miklar sönnur á að ákærði hefði stofnað lífi konunnar í hættu.

Málsatvik voru þau að M var staddur við barnaskóla á Keflavíkurflugvelli, þar sem hann var að aka börnum í skólann. Hann var ákærður fyrir að hafa á ófyrirleitinn hátt stofnað lífi eða heilsu D í augljósan háská, með því að hafa tvisvar ekið af ásetningi á hana, þar sem hún stóð á veginum og aðstoðaði börn úr skólabíl, en hún hlaut minniháttar áverka. Framburður vitna veitti ekki fullnægjandi sönnun fyrir því að ákærði hefði brotið gegn 4. mgr. 220. gr. hgl.

Ákærði var hins vegar sakfelldur fyrir brot á umferðarlögum þar sem honum bar brýn skylda til að sýna yftrustu gát og fara í öllu eftir þeim leiðbeiningum og fyrirmælum, sem stjórnandi umferðar um lóð skólans gaf honum, en hann virti þau fyrirmæli að vettugi.

Einnig var um sýknu af broti gegn 4. mgr. 220. gr. hgl. að ræða í dómi *Hrd. 1981, bls. 490*, en sakfelldur var fyrir brot gegn valdstjórninni.

*Hrd. 1981, bls. 490. (Vörslusvipting á Ford Bronco)*

Í máli þessu hafði verið gert fjárnám hjá ákærða H og átti að fara fram vörslusvipting hjá honum. Þegar draga átti bifreiðina í burtu reiddist ákærði og kallaði fógetann Ó „helvítis ræfil“, settist inn í bifreiðina og læsti að sér. Stóð fógetinn Ó þá fyrir bifreiðinni til að hindra för ákærða. Þrátt fyrir að Ó stæði fyrir bifreiðinni og búið var að krækja keðjum í bifreiðina ræsti ákærði hana og ók burt, hægt og rólega þó, þannig að Ó átti ekki í miklum vandræðum að víkja sér undan bifreiðinni. Ákærði H var sakfelldur fyrir brot gegn valdstjórninni skv. 106. gr. hgl. og fyrir brot gegn 108. gr.

Í héraðsdómi var talið að 4. mgr. 220. gr. ætti ekki fyllilega við. Þótti ekki sannað að ákærði H hefði stofnað lífi eða heilsu Ó í hættu á ófyrirleitinn hátt, þar sem H ók hægt og rólega af stað og Ó átti ekki í vandræðum með að víkja sér undan bifreið ákærða. Því var fallið frá ákæru samkvæmt 4. mgr. 220. gr. fyrir Hæstarétti, og kom það ákvæði því ekki til skoðunar.

Í *Hrd. 1993, bls. 789. (Hættuakstur, Húsavík-Akureyri)* var ökumaður bifreiðar sýknaður af broti gegn 168. gr. hgl. en sakfelldur fyrir 4. mgr. 220. gr.

Málsatvik voru þau að ákærði S sem hafði verið sviptur ökuréttindum, ók bifreið langt yfir leyfilegum hámarkshraða. S ók á allt að 140 km hraða á klukkustund og sinnti ekki stöðvunarmerkjum lögreglu um þjóðvegi í Suður Þingeyjarsýslu. S ók óvarlega framhjá lögreglumönnum á Vaðlaheiði, en þeir höfðu lagt lögreglubifreið þvert yfir veginn til að hindra för ákærða. S hindraði með óvarlegum hætti a.m.k. í tvígang framúrakstur lögreglubifreiðar á Svalbarðsstrandarvegi, og loks ók hann á lögreglubifreið sem var kyrrstæð í bæjarhliðinu á Bólstað í Bárðardal, þannig að hún endaði utanveggar ofan í skurði. Ákærða var einnig gefið að sök að hafa stofnað lífi eða heilsu lögreglumannanna H og S í hættu við útihúsin á Bólstað, þegar hann ók bifreiðinni ógnandi á eftir þeim, þannig að þeir urðu að hlaupa undan bifreiðinni, allt að 30 metra eins og fætur toguðu þar til þeir komust yfir girðingu. Bifreiðin mun hafa verið um 2,5 metra frá lögreglumönnum er styst var, samkvæmt framburði ákærða og vitna. Ákærði kvað tilgang sinn hafa verið að hræða lögreglumennina frá frekari afskiptum, en andmælti því að með framangreindum akstri hafi hann stofnað heilsu eða lífi lögreglumannanna í hættu því hann hefði haft fullt vald á bifreiðinni auk þess sem öll stjórnþæki hefðu verið í lagi. Í ákæruskjali voru brot ákærða heimfærð undir ýmis umferðarlagabrot, auk þess sem 1. mgr. 168. gr. og 4. mgr. 220. gr. voru taldar eiga við.

Bæði í héraðsdómi og Hæstarétti var ákærði sýknaður af broti gegn 168. gr. hgl., en héraðsdómur rökstuddi það á þennan hátt:

Þegar litið er til framburðar ákærða, er hefur nokkra stoð í framburði lögreglumanna, þess efnis, að ökumenn annarra ökutækja, þ. á m. í Bárðardal, hafi átt auðvelt með að hliðra til fyrir bifreið hans, þá þykir ekki fyllilega sannað, að svo hafi staðið á, að 1. mgr. og/eða 2. mgr. 168. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eigi við um akstur hans í greint sinn.

Þó sýknað hefði verið af ákæru um brot gegn 168. gr. hgl. var sakfelld fyrir brot gegn 4. mgr. 220. gr. á báðum dómstigum, auk þess sem sakfelld var fyrir margþætt brot gegn ákvæðum umferðarlaga. Talið var að ákærði hefði með glæfralegum akstri sínum stofnað heilsu og jafnvel lífi lögreglumannanna í augljósa hættu þegar hann ók á eftir þeim við útihúsin. Sú háttsemi beindist aðeins gegn lögreglumönnum, og varðaði við 4. mgr. 220. gr. hgl. Lögreglumennirnir sem reyndu að stöðva för ákærða á Vaðlaheiði með því að leggja lögreglubíl þvert yfir veginn töldu sig ekki í mikilli hættu þegar ákærði ók hratt framhjá þeim, en annar þurfti þó að stökkva frá. Þessi háttsemi var ekki felld undir 4. mgr. 220. gr. hgl.

Ákvæði 168. gr. felur í sér almannahættu en jafnframt telst það ákvæði vera almennt hættubrot, en réttarhagsmunir þeir sem ákvæðinu er ætlað að vernda eru óákveðnir. Þar sem ökumenn annarra ökutækja áttu auðvelt með að hliðra til fyrir bifreið ákærða var 168. gr. ekki talin eiga við um athæfi hans. Í dómi *Hrd. 1993, bls. 1081. (Hættulegur akstur frá Reykjavík til Mosfellsbæjar)* voru álitæfnin mörg.

Ákærði S var m.a. sakaður um að hafa með ofsakstri margsinnis raskað umferðaröryggi á leið sinni og stofnað lífi og heilsu vegfarenda í augljósa hættu. Í ákæru var háttsemi hans talin varða við 168. gr., 219. gr., og 4. mgr. 220. gr. hgl. S ók á ofsahraða innanbæjar, gegn rauðu ljósi, gegn einstefnu og ók út úr borginni á allt að 160 km hraða á klukkustund. Á leið sinni ógnaði hann umferðaröryggi margsinnis með ógætilegum akstri og stofnað lífi og heilsu vegfarenda í augljósa hættu. Á þessum hraða ók ákærði bifreiðinni viðstöðulaust aftan á lögreglubifreið við

Úlfarsfell. Lögreglubifreiðin var þar með blikkandi viðvörunarljós og hafði verið ekið í sömu átt og bifreið ákærða og var ætlað að hindra för hans. Akstur ákærða á lögreglubifreiðina var svo harkalegur, að öðrum lögreglumannanna (J), sem í henni voru, var naumlega bjargað meðvitundarlausum út úr lögreglubifreiðinni, skömmu áður en bifreiðin varð alelda. Lögreglumaðurinn hlaut lífshættuleg og varanleg líkamsmeiðsli við áreksturinn.

Í héraðsdómi var 168. gr. hgl. talin tæma sök gagnvart 4. mgr. 220. gr. hgl. og gagnvart ákvæðum umferðarlaga, með þessum orðum:

Ákærði hóf strax við sundlaugarnar ofsaakstur og ók um Laugarás og Langholtsveg með allt að 135 km hraða. Dómurinn telur því almannahættu hafa stafað af akstursmáta ákærða alla leið frá sundlaugunum og á slysstað á Vesturlandsvegi. Með því að heimfæra þessa háttsemi undir 168. gr. almennra hegningarlaga telur dómurinn, að ekki eigi jafnframt að beita tilvitnuðum ákvæðum umferðarlaga og auglýsingar nr. 250/1987, þar sem 168. gr. tæmi sök gagnvart þeim ákvæðum sem og gagnvart 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga, sem þannig verður ekki beitt jafnframt.

Í Hæstarétti sagði hins vegar:

Akstri ákærða er lýst í héraðsdómi. Fallast verður á, að hann hafi brotið gegn 168. gr. almennra hegningarlaga með því að raska öryggi bifreiða og umferðaröryggi almennt á leið þeirri, sem hann ók. Ákvæðið í 4. mgr. 220. gr. laganna varðar sérstaklega hættu fyrir líf eða heilsu annarra, og verður því beitt jafnhliða 168. gr. Hefur ákærði einnig brotið þetta ákvæði. Þá hefur hann, eins og lýst er í hinum áfrýjaða dómi, brotið 219. gr. laganna. Jafnframt verður beitt ákvæðum umferðarlaga nr. 50/1987, sem í ákæru greinir, þ.e. 1. mgr. 4. gr., 1. og 2. mgr. 5. gr., 1. mgr. 36. gr. og 1. og 2. mgr. 37. gr., allt sbr. 100. gr., og 3. gr. auglýsingar nr. 250/1987, enda felast í þeim nánari reglur um umferð, þar á meðal heimilan ökuhraða.

Ákvæði 168. gr. og 4. mgr. 220. gr. hgl. lýsa bæði hættubrotum, fyrra ákvæðið lýsir almennu hættubroti en hið síðara blönduðu hættubroti. Í héraðsdómi og Hæstarétti var litið svo á að brot ákærða gegn 168. gr. yrði einnig að teljast almannahættubrot. Síðasta setning Hæstaréttar bendir til þess að rétturinn virði verknaðinn sem tvö sjálfstæð brot fremur en árekstur refsíákvæða út af sama brotinu.<sup>91</sup>

Hæstiréttur segir í dómi sínum að ákvæði 4. mgr. 220. gr. hgl. varði „sérstaklega hættu fyrir líf eða heilsu annarra“, en telja má að Hæstiréttur vísi hér bæði til lífs og heilsu lögreglumannanna sem og annarra vegfarenda sem ákærði stofnaði í hættu á ferð sinni út úr bænum.

Í dómi *Hérd. Austl. frá 23. maí 1997* gekk maður berserksgang í litlu bæjarfélagi fyrir austan, þar sem hann braut og bramlaði á stórri vinnuvél.

*Hérd. Austl. 23. maí 1997 (S-226/1997). (Skotbómulyftari)*

H var m.a. ákærður fyrir brot á almannafriði og brot á umferðarlögum og fyrir að raska umferðaröryggi. Athæfi hans þótti varða við 123. gr., 168. gr., og 4. mgr. 220. gr. hgl., ásamt

<sup>91</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 258.

ákvæðum umferðarlaga og áfengislaga. H var talinn hafa stofnað lífi og heilsu ótiltekins fjölda fólks í hættu með því að aka 7 tonna vinnuvél með göfflum að framan, um götur Eskifjarðar, undir áhrifum áfengis. H ók á lögreglubifreið, lyfti henni með lyftaragöfflum með þeim afleiðingum að lögreglubifreiðin hvolfdist og skall á þakið. Í framhaldi af því gerði hann atlögu að tveimur lögreglumönnum sem staddir voru í bifreiðinni. Hann gerði ítrekaðar tilraunir til að aka upp tröppur grunnskólans, en þar voru lögreglumennirnir tveir ásamt öðrum vegfarendum sem höfðu náð að forða sér undan akstri H. H ók einnig inn í andyri lögreglustöðvarinnar og olli spjöllum þar. H ók á bifreið sem kom úr gagnstæðri átt, velti henni og hamaðist á henni með göfflum vinnuvélarinnar, þrátt fyrir að í bifreiðinni væru þrjár manneskjur. H var einnig ákærður fyrir að hafa ekið á eftir tveimur vegfarendum, sem komust undan á hlaupum. H var einnig gefið að sök að hafa ekið á þrjár mannláusar bifreiðar og skemmt þær. Brot H þóttu í ákæruskjali varða við 123. gr., 168. gr., 4. mgr. 220. gr. hgl., og þóttu þau varða við ákvæði áfengislaga og umferðarlaga. Háttsemi H þótti einnig varða við ákvæði 106. gr. hgl., 2. mgr. 218. gr., sbr. 20. gr. hgl. og 2. mgr. 257. gr. hgl. Í dómi héraðsdóms var H sakfelldur með þessum rökum: „Ljóst er af því sem rakið hefur verið að með hinum ófyrirleitna og háskalega akstri sínum á öflugum þungavinnutæki, sem lýst er í ákæru og hann hefur verið sakfelldur fyrir, stofnaði ákærði umferðaröryggi vegfarenda í stórkostlega hættu. Jafnframt stofnaði hann lífi og limum vegfarenda með akstri sínum í augljósa hættu, einkum þeirra er í bifreiðunum voru, sem hann ók á greint sinn og þeim vegfarendum sem áttu fótum fjör að launa undan þungavinnutækinu, er hann ók því á Strandgötu, á bílastæði við Grunnskóla Eskifjarðar og við tröppur þær er liggja við vestari enda skólans. Hefur hann með þessari háttsemi sinni brotið gegn 168. gr. og 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, svo og með akstri þeim sem nánar er lýst í ákæru[...].“ Hér var sýknað af ákvæðum 123. gr. hgl., 1. mgr. 4. gr. umfl. og 21. gr. áfengislaga. Héraðsdómur taldi eins og hér stóð á, að ekki ætti að beita framangreindum ákvæðum samhliða 168. gr. og 4. mgr. 220. gr.

Í þessum dómi var sakfelldur fyrir brot gegn 168. gr. og 4. mgr. 220. gr., ásamt nokkrum ákvæðum umferðarlaga. Í héraðsdómi var rökstutt af hverju sýknað var af ákvæðum 123. gr. hgl., 1. mgr. 4. gr. umfl. og 21. gr. áfengislaga með þessum hætti:

Ákvæðum 123. gr. almennra hegningarlaga, 1. mgr. 4. gr. umferðarlaga og 21. gr. áfengislaga nr. 82/1969 verður ekki [bætt]<sup>92</sup> samhliða framangreindum lagaákvæðum, eins og hér stendur á.

Dómi þessum var ekki áfrýjað til Hæstaréttar. Fræðimaðurinn Jónatan Þórmundsson telur ákvæði umferðarlaga hafa vikið 123. gr. hgl. til hliðar. Í 123. gr. hgl. er refsingin sektir, eða fangelsi allt að sex mánuðum, en ákvæði 25. gr. umferðarlaga leggur allt að tveggja ára fangelsi við slíku broti. Sjá má af þessu að 123. gr. hgl. með sex mánaða refsihámark er hér alls óraunhæf.<sup>93</sup>

#### 7.4 Skotvopn og sprengiefni

Meðferð skotvopna og sprengiefna getur falið í sér mikla hættu, og þarf lítið útaf að bregða svo að mikil hætta geti skapast eða stór tjón hlotist af. Í íslenskri dómaframkvæmd er að finna nokkra dóma þar sem 4. mgr. 220. gr. hgl. hefur verið beitt í tengslum við meðferð skotvopna og sprengiefna, og verða nokkrir reifaðir hér.

<sup>92</sup> Höfundur telur að hér eigi að standa „beitt“.

<sup>93</sup> Jónatan Þórmundsson: „Íslenskur umferðarrefsiréttur“, bls. 73.



*Hrd. 1961, bls. 124.*

H var gefið að sök að hafa í þremur ákæruliðum brotið gegn 4. mgr. 220. gr. hgl. Í fyrsta lagi átti hann að hafa búið til sprengjur eða „kínverja“ heima hjá sér, sem hann síðan sprengdi víðsvegar um Akranesbæ. Í öðru lagi var H gefið að sök að hafa framkvæmt sprengingu í fjörinni við Dráttarbraut Akraness, og að hafa kastað nokkrum heimagerðum sprengjum á Akranesi, með þeim afleiðingum að rúður brotnuðu í húsum. Í þriðja lagi var honum gefið að sök að hafa skotið af byssu út um glugga heima hjá sér og af lóðinni við húsið. Í héraðsdómi sagði: „Ekki hefur rannsókn málsins leitt í ljós eða sannanir fengizt fyrir því, að ákærði hafi með umræddu atferli sínu stofnað lífi eða heilsu annarra í „augljósan háska“. Verður hann því ekki sóttur til saka fyrir brot á 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, svo sem ætlazt er til í ákæruskjali, og ber því að sýkna hann af ákæru fyrir brot á nefndu hegningarlagaákvæði.“ Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu héraðsdóms hvað þetta varðar.

Ákærði var sýknaður af ákæru fyrir brot gegn 4. mgr. 220. gr. hgl., þar sem ekki tókst að sýna fram á að lífi eða heilsu annarra hefði verið stofnað í augljósan háska.

Í Hæstarétti gekk dómur síðla árs 1973 en atburðarás sú, er greinir í dóminum, fól í sér mörg afbrot ungs manns sem gekk berserksgang með skotvopni í fjölbýlishúsi við Yrsufell í Reykjavík. Hann var m.a. sakfelldur fyrir tilraun til manndráps, en það var alvarlegasta afbrotið sem hann var sakfelldur fyrir.

*Hrd. 1973, bls. 912. (Yrsufell)*

Ákærði bar þungan hug til fyrrum eiginkonu sinnar og fyrrum tengdamóður sinnar, en fjölskylduerjur höfðu verið viðloðandi. H var gefið að sök í ákæruskjali að hafa skotið umsvifalaust einu skoti af haglabyssu, gegnum hurð að íbúð E (fyrrum tengdamóður sinnar), þar sem E og Þ, sonur hennar, stóðu fyrir innan. Högl og tréflísar þyrluðust yfir þau og þau særðust bæði. H var enn fremur ákærður fyrir að hafa í framhaldi af þessu ruðst inn í íbúð E og beint stöðugt að henni byssuhlaupinu, og loks látið tvö skot ríða af gegnum eldhúshurðina. E varð þannig fyrir mikilli haglahríð sem lenti einkum í vinstra læri hennar, kvið og hendi, og blæddi mikið úr. Í dómi Hæstaréttar sagði: „Ófrjáls taka ákærða á haglabyssu og skotfærum verður eigi skýrð á annan hátt en þann, að á þeim tíma, er hann komst yfir skotvopnið og skotfærin, hafi búið með honum sá ásetningur að nota skotvopnið til ofríkisverka í eða við íbúð fyrrverandi tengdamóður sinnar, en þangað hélt hann rakleiðis frá þeim stað, er hann tók skotvopnið og skotfærin. Ákærði skirrðist ekki við að skjóta gegnum hurð að íbúð E, þótt langlíklegast væri, að fólk væri innan við hurðina og að það yrði fyrir skothríðinni, miðað við skotstyrkleika byssunnar og gerð hurðarinnar. Þegar virt er allt atferli ákærða, áður en hann hóf skothríðina, svo og háttsemi hans þar næst á eftir, verður að telja, að það hefði eigi aftrað honum í að skjóta, þótt honum hefði verið ljóst, að skothríðin drægi til líftjóns. Atferli hans, það er nú var lýst, og aðför hans og skothríð að E í íbúð hennar og eftir að hún komst út úr henni, þykir samfelld varða hann refsingu samkvæmt 211., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga. Verður honum eigi jafnframt refsað samkvæmt 220. gr., 4. málgr., og eigi heldur samkvæmt 217. gr. alm. hegningarlaga.“ Ákærði braust því næst inn í íbúð S og beindi hlaðinni haglabyssu að fólki því, sem þar var fyrir, og er HJ greip í byssuna, hljóp skot úr henni sem lenti í fæti HJ með þeim afleiðingum að taka varð fótinn af fyrir ofan hné. Óvarlegt þótti að telja fullsannað, að ákærði H hafi hleypt af skoti þessu af ásetningi. Af þeim sökum var honum refsað samkvæmt 219. gr. hgl. H var talinn hafa stofnað lífi þeirra sem voru í íbúð S, í hættu á mjög ófyrirleitinn hátt, og var honum því refsað skv. 4. mgr. 220. gr. hgl. Við ákvörðun refsingar bar m. a. að hafa í huga þær fjölskylduerjur, sem sakargögn báru vott um, og jafnframt að atferli ákærða var stórháskalegt og leiddi til hörmulegs líkamstjóns.

Í þessum dómi má sjá óvenjulega blöndu af líkindaásetningi og dolus eventualis. Ásetningurinn er ákvarðaður í tveimur þrepum. Í fyrra þrepinu er líkindaásetningur með tilliti

til skotárásar gerandans í gegnum hurð að íbúð E, en þar var fólk á ferli fyrir innan og gat orðið fyrir skotunum. Í síðara þrepinu er dolus eventualis (skilyrta afbrigðið) með tilliti til þess líftjóns sem af þessu gat hlotist.<sup>94</sup>

Háttsemi ákærða, þegar hann skaut í gegnum hurð að íbúð E, var talin sem tilraun til manndráps, og taldi Hæstiréttur að 4. mgr. 220. gr. hgl. yrði ekki beitt samhliða því ákvæði, og ekki heldur 217. gr. hgl.

Hins vegar var sú háttsemi ákærða að beina hlaðinni byssu að fólkinu inn í íbúð S talin varða við 4. mgr. 220. gr. hgl., þar sem hann var talinn stofna lífi og heilsu fólksins í hættu á mjög ófyrirleitinn hátt. Lítið þurfti til að valda miklu tjóni, sem svo varð, þegar einn af gestum íbúðarinnar greip um byssuhlaupið, sem varð til þess að skot fór í fótlegg hans, svo að taka þurfti hann af ofan við hné. Sú háttsemi var talin varða við 219. gr. hgl., þar sem ekki þótti möguleiki á að sanna að ákærði hefði haft ásetning til þess að valda þessum skaða.

Nýlega féll dómur í Héraðsdómi Reykjavíkur, þar sem sérlega ófyrirleitinn skotárás átti sér stað við Bíldshöfða. Þar var skotið tveimur skotum að bíl úr afsagaðri haglabyssu.

*Hérd. Rvk. 22. mars 2012 (S-110/2012). (Skotárás í Bryggjuhverfi)*

Ákærðu A, K og T voru meðal annars ákærðir fyrir tilraun til manndráps, fyrir að hafa skotið tvisvar að bíl X úr afsagaðri haglabyssu. Annars vegar á bifreiðastæði við bifreiðasöluna Höfðahöllina og svo á ferð við Bíldshöfða þar sem ákærðu eltu X og Y á bifreið. K skaut úr haglabyssu einu skoti í áttina að bifreiðinni framanverðri, en hæfði ekki. Ákærðu veittu X eftirför, en ákærði K skaut öðru skoti úr haglabyssunni út um glugga bifreiðarinnar þegar komið var að hringtorgi við Bíldshöfða, og hæfði bifreið X að aftan, með þeim afleiðinugum að afturrúða bifreiðarinnar brotnaði og miklar skemmdir urðu á bifreiðinni. Auk þess hafnaði brot úr hagli í baki vinstra aftursætis bifreiðarinnar. Ákærði K viðurkenndi að hafa skotið tvisvar af afsagaðri haglabyssu að bifreiðinni. Hann kvaðst hafa beint byssunni yfir bifreið X er hann skaut fyrra skotinu og miðað á afturhlerann í síðara skotinu. Ætlunin var að hræða þá sem í bifreiðinni voru, en ekki hafi verið ætlun að slasa neinn. Í forsendum héraðsdóms sagði: „Samkvæmt framansögðu telst ekki nægilega sýnt fram á að ákærði hafi beitt skotvopninu með þeim hætti að mennirnir sem í bifreiðinni voru hefðu getað beðið bana af, eða að ásetningur ákærða hafi staðið til þess. Verður ákærði sýknaður af ákæru um tilraun til manndráps. Á hinn bóginn er til þess að líta að sú háttsemi ákærða að skjóta í tvígang af byssunni að bifreiðinni var sérlega ófyrirleitinn. Hlaut hann að sjá það fyrir að með því stofnaði hann lífi og heilsu mannanna tveggja sem í bifreiðinni voru í augljósan háska. Verður ákærði sakfelldur fyrir brot gegn 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga.“ T var sakfelldur fyrir hlutdeild í broti meðákærða, en T ók bifreiðinni við eftirförina, og var aksturslag hans til marks um að hann hefði reynt að nálgast bifreið X og Y, en hann vissi líka að K var vopnaður byssu. Brot hans var talið varða við 4. mgr. 220. gr., sbr. 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga. Háttsemi A var í ákæru talin til hlutdeildarverknaðar, en hann var sýknaður af þeim ákærulið, þar sem hann hafði ekki vitað um byssuna fyrr en K skaut af henni við Tangabryggju, auk þess sem hann slóst í för með meðákærðu með skömmum fyrirvara og ráðið varð af myndbandsupptöku úr öryggismyndavél að hann hefði haft sig lítið frammi á vettvangi.

Eins og fram kom í dóminum var ekki talið að ákærði K hefði beitt vopninu með þeim hætti að mennirnir hefðu getað beðið bana af, eða að ásetningur hans hefði staðið til þess.

<sup>94</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð II*, bls. 77-78.

Skot úr afsagaðri haglabyssu af rúmlega 15 metra færi var ekki talið duga til þess að flokkast sem tilraun til manndraps. Hins vegar þótti ákærði hafa stofnað lífi og heilsu þeirra X og Y í augljósan háska og því átti 4. mgr. 220. gr. hgl. við um háttsemi hans.

Í dómasafni Hæstaréttar er að finna hrottalegan dóm frá árinu 1984 þar sem maður reyndi að myrða tvær franskar systur sem voru á ferðalagi um landið.

*Hrd. 1984, bls 454. (Franskar systur í sæluhúsi)*

Ákærði, G, tók systurnar M og Y, upp í bifreið sína skammt frá Höfn í Hornafirði og ók þeim að sæluhúsi á Skeiðarársandi um klukkan 20.30. Um klukkan 23.00 kom ákærði aftur að sæluhúsinu, en þá var komið myrkur. Hann hafði enga haldbæra skýringu á því hvert erindi hans var í sæluhúsið, en frásögn hans um tilefni komu hans þangað var tortryggileg. Þegar G kom í sæluhúsið, sagðist hann hafa fundið hasslykt, og af þeim sökum ætlaði hann að handtaka systurnar og fara með þær til lögreglu. Þær neituðu að fylgja honum og varð það tilefni átakanna. Ákærði var talinn hafa farið út í bifreiðina og snúið til baka með hlaðna haglabyssu og beint hlaupinu inn í húsið. Dómurinn leit svo á að ákærði hefði ráðist að M og barið hana með byssuskeftinu svo hún missti meðvitund. Y tókst að komast út úr sæluhúsinu þegar ráðist var M. Þegar M komst til meðvitundar kvaðst hún hafa heyrt óp frá systur sinni, og svo tvo skothvelli. Því næst heyrði hún að bifreið var ekið burtu. Ákærði kvaðst hafa farið út á eftir Y til að leita hennar til að „sansa þetta til“. Hann hafi svo séð hana á þjóðveginum í ljósum bifreiðarinnar. Hún hlýddi honum ekki með því að stoppa og því skaut hann úr byssunni upp í loftið. Í því kom S á vettvang á dráttarbifreið. G skýrði þá ranglega frá því að Y hefði orðið fyrir umferðarslysi. Bað hann S um að sækja aðstoð og hindraði ákærði þannig að Y fengi hjálp. Ákærði setti Y síðan í farangursgeymslu bifreiðarinnar, að því er virðist strax og S var farinn á brott. Ákærða var ljóst að Y væri særð, en hann athugaði það ekki nánar. Bifreið ákærða fannst morguninn eftir með líki Y í farangursgeymslunni. G fannst morguninn þar á eftir, vopnaður tveimur hlöðnum byssum. Dómurinn taldi sannað að þótt viðurkenning ákærða lægi ekki fyrir um að hann hafi orðið Y að bana með því að skjóta hana í bakið með haglabyssunni og loka hana síðan í farangursgeymslu bifreiðarinnar, þar sem hún fannst síðar látin, að reikna yrði honum þennan verknað til ásetnings. Með líkamsárásinni á M og með því að skilja hana eftir bjargarlausu og láta ekkert um hana vita gerðist ákærði brotlegur gegn 2. mgr. 218. gr. og 1. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981, en við 211. gr. sömu laga með því að svipta Y lífi.

Í ákæru var brot ákærða, þ.e. að skilja M eftir bjargarlausu og láta ekkert um hana vita, m.a. talið varða við 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga, en dómari færði brot ákærða undir 1. mgr. 220. gr. og studdi þá heimfærslu við 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála.<sup>95</sup>

<sup>95</sup> 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála hljóðaði svo: „Aldrei má dæma sökunaut fyrir aðra hegðun en þá, sem í ákæruskjali greinir né heldur dæma aðrar kröfur á hendur honum. Rétt er þó dómara að dæma áfall á hendur sökunaut, þótt aukaatriði brots, svo sem staður og stund þess, séu ekki skýrt eða rétt greind, enda telji dómari að vörn verði ekki áfátt þess vegna. Dómari getur gefið sökunaut, verjanda og sækjanda færi á því að tjá sig um sakaratriði að þessu leyti, ef þurfa þykir. Dómara er og rétt undir sama skilorði að dæma eftir öðrum refsiakvæðum en segir í ákæru, en gefa skal hann þá nefndum aðilum kost á því að reifa málið að því leyti og af nýju, ef því er að skipta.“

## 7.5 Önnur tilvik

Margskonar önnur tilvik er að finna í dómaframkvæmd. Þau verða ekki flokkuð í sérstaka flokka, líkt og gert er varðandi brot tengd bifreiðum eða skotvopnum og sprengiefnum, o.s.frv. þar sem þau má telja sem einstök tilvik.

*Hrd. 18. janúar 2007 (454/2006). (Gangstéttarhellubrot)*

G var sakfelldur fyrir að kasta gangstéttarhellubroti í andlit X með þeim afleiðingum að X hlaut skurð sem náði frá hægri augnkrók niður eftir andliti auk þess sem sex tennur brotnuðu í munn hans. G var á flótta undan X sem hljóp á eftir honum ásamt nokkrum vinum sínum, en fallist var á að G hafi ætlað að nota hellubrotið til að verja sig eða ógna. Í forsendum héraðsdóms sagði: „Ekki verður af atvikum málsins og framburðum vitnanna ályktað að ásetningur ákærða hafi staðið til þess að valda kæranda skaða, heldur hafi fyrst og fremst vakað fyrir honum að ógna þeim sem á eftir honum fóru. Verður hann ekki sakfelldur fyrir brot gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga. Hins vegar stofnaði ákærði á mjög ófyrirleitinn hátt lífi og heilsu kæranda í verulega hættu með því að sveifla hellubrotinu á loft og sleppa því, vitandi af því að honum var veitt eftirför. Hefur hann með þessari atlögu brotið gegn 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga.“ Hæstiréttur sagði hins vegar: „Ákærða hlaut hins vegar að vera ljóst að sú háttsemi hans að sveifla þungu hellubrotinu og henda því um leið og hann sneri sér við, vitandi að X var fast á hæla honum, var stórhættuleg og til þess fallin að líkamstjón hlytist af. Verður brot hans því heimfært undir 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með áorðnum breytingum“.

Brot G var því heimfært undir 2. mgr. 218. gr. í Hæstarétti, en ekki 4. mgr. 220. gr. hgl., líkt og héraðsdómur gerði. Héraðsdómur taldi háttsemi ákærða ekki ætlaða til þess að valda skaða, heldur aðeins til að ógna en Hæstiréttur var ekki á sama máli, og taldi háttsemi ákærða stórhættulega og til þess fallna að valda líkamstjóni. Ekki var fallist á að verknaður G hefði verið unninn í neyðarvörn, líkt og ákærði reyndi að halda fram, en hann var á hlaupum undan X sem var mun stærri og þyngri en hann. Ákærði var hræddur og mátti vænta að X og félagar hans réðust á hann. Skilyrði neyðarvarnar eru að ekki hafi verið beitt vörnum sem eru auglýsilega hættulegri en sú árás sem vofir yfir. Sú háttsemi að kasta hellubrotinu á þann veg sem lýst var, var stórhættuleg og því ekki unnt að fallast á að verknaðurinn hafi verið unninn í neyðarvörn.

Í dómi *Hrd. 17. desember 2009 (78/2009)*. var ákærði sakfelldur fyrir brot gegn 4. mgr. 220. gr., þar sem hann stofnaði lífi og heilsu brotapolá í augljósan háska á ófyrirleitinn hátt, þegar hann skildi eftir gúmmíbolta í leggöngum hennar eftir samfarir.

*Hrd. 17. Desember 2009 (78/2009). (Gúmmíbolti skilinn eftir í legi)*

X var sakfelldur fyrir hættubrot með því að hafa á ófyrirleitinn hátt stofnað lífi eða heilsu A í augljósan háska er hann í kynmökum við A setti gúmmíbolta, sem hún taldi vera kynlífsleikfang upp í leggöng hennar og skildi þar eftir án vitneskju hennar. Þremur vikum síðar kom í ljós að boltinn, sem var 6 sentimetrar að þvermáli, var enn í leggöngum A. Hún var þá komin með bólgur og alvarlega sýkingu í leggöng og þurfti að fjarlægja boltann með aðgerð. Var talið að X hefði ekki átt að geta dulist að stúlkán væri í augljósum háska ef hann skildi boltann eftir í leggöngunum án hennar vitneskju. Háttsemi hans var talin varða við 4. mgr. 220. gr. almennra

hegningarlaga nr. 19/1940. Matsgerð tveggja sérfræðinga í smit- og kvensjúkdómalækningum var lögð fram, þar sem fram kom að ef ekkert hefði verið að gert hefði framhald tilgreindrar kynlífsathafnar getað leitt til alvarlegra hliðarverkana og jafnvel sýkinga, sem hefðu getað ógnað lífi og heilsu A. Ástandið gekk ekki svo langt að líffæri sködduðust, og ekki sköpuðust þær aðstæður að líf A væri í hættu. Í forsendum héraðsdóms sagði: „Sé aðskotahlutur sem þessi skilinn eftir uppi í leggöngum er það til þess fallið að valda hættu á heilsu- og jafnvel líftjóni. Átti ákærða ekki að geta dulist að stúlkan væri í augljósum háska, ef hann skildi boltann eftir í leggöngum hennar án þess hún vissi að hann hefði gert svo.“ Dómur héraðsdóms var staðfestur í Hæstarétti.

Háttsemi ákærða hefði getað leitt til mun alvarlegrri sýkinga, sem hefðu getað ógnað lífi og heilsu A, hefði ekkert verið að gert. Þess má geta að í dómi þessum var ákært til vara fyrir brot gegn líkamsmeiðingum af gáleysi, skv. 219. gr. hgl.

## 8 168. gr. hegningarlaganna

Í réttarframkvæmd hefur reynt á tengslin milli 168. gr. hgl. og 4. mgr. 220. gr. Því verður dómaframkvæmd tengd ákvæði 168. gr. hgl. skoðuð, þar sem ákvæðinu er beitt ásamt fyrrnefndu ákvæði.

Ákvæði 168. gr. hgl. er að finna í XVIII. kafla hgl., en það er talið vera almannahættubrot. Eins og fyrr segir eru almannahættubrot ávallt talin alvarleg afbrot, þar sem erfitt er að sjá fyrir afleiðingar hættunnar og koma í veg fyrir þær, leiði hættan til frekari réttarröskunar.<sup>96</sup> Almannahættu má skilgreina sem torbeislaða hættu, sem er óútreiknanleg eða ófyrirsjáanleg.<sup>97</sup> Ákvæði 168. gr. hgl. er jafnframt talið vera almennt hættubrot, en í þeim er lögð áhersla á að hættueðli háttseminnar er að stofna ótilteknum hagsmunum í hættu.<sup>98</sup>

Ákvæði 168. gr. hgl. hljóðar svo:

Ef maður raskar öryggi járnbrautarvagna, skipa, loftfara, bifreiða eða annarra slíkra farar-eða flutningstækja, eða umferðaröryggi á alfaraleiðum, án þess að verknaður hans varði við 165. gr., þá skal hann sæta fangelsi allt að 6 árum...[Sama gildir ef raskað er öryggi botnfastra mannvirkja á landgrunninu.]  
Ef brot er framið af gáleysi, þá varðar það sektum eða [fangelsi allt að 1 ári].

Það verður ekki beinlínis ráðið af orðum 168. gr. að almannahætta sé refsiskilyrði í ákvæðinu. Upptalning í ákvæði þessu er ekki tæmandi talin. Í 168. gr. hgl. eru álitæfnin þau, hvort almannahætta sé alltaf áskilin eða hvort það sé aðeins við tilteknar aðstæður. Annað álitæfni er hver getur verið valdur að almannahættu. Ökumaður, getur valdið almannahættu með akstri sínum, ekki síður en utanaðkomandi aðili. Í *Hrd. 1993, bls. 1081. (Ofsaakstur Mos)* kom fram í forsendum héraðsdóms að ákærði hefði raskað öryggi bifreiða og annarra slíkra farar- eða flutningatækja með almannahættubrotum sínum, og þar með almennu umferðaröryggi á alfaraleiðum. Óákveðnum hagsmunum ótiltekings fjölda vegfarenda var stofnað í augljósa hættu með akstri ákærða.<sup>99</sup> Í ákæru var háttsemi ákærða talin varða við 168. gr., 219. gr., og 4. mgr. 220. gr. hgl.

Mismunandi afstaða kom fram í héraðsdómi og Hæstarétti hvort telja ætti háttsemi ákærða brjóta gegn 168. gr. og 4. mgr. 220. gr. sem tvö sjálfstæð brot eða hvort um væri að ræða árekstur refsíákvæða vegna eins brots. Í héraðsdómi var 168. gr. talin tæma sök gegn 4. mgr. 220. gr. hgl., en í Hæstarétti var fallist á að ákærði hefði brotið gegn 168. gr. þegar hann raskaði öryggi bifreiða og umferðaröryggi almennt á þeirri leið, sem ákærði ók. Hæstiréttur taldi hins vegar ákvæði 4. mgr. 220. gr. hgl. taka til hættunnar sem varðar líf eða heilsu

<sup>96</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 81.

<sup>97</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 80.

<sup>98</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 80.

<sup>99</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 81.

annarra, og því var talið að ákvæðinu ætti að vera beitt jafnhliða 168. gr. hgl. Hæstiréttur virðist líta brot ákærða sem tvö sjálfstæð brot, en ekki árekstur refsíákvæða útaf sama brotinu líkt og héraðsdómur taldi.<sup>100</sup>

Í dómaframkvæmd hefur 168. gr. hgl. verið beitt þónokkrum sinnum, og þá oftast en ekki í tengslum við 4. mgr. 220. gr. Í fyrr reifuðum dómi *Hrd. 1993, bls. 789. (Hættuakstur Húsavík-Akureyri)*, var sakfelld fyrir brot gegn 4. mgr. 220. gr. hgl., en sýknað af ákæru um brot gegn 168. gr. hgl., þar sem ekki þótti fyllilega sannað að 1. eða 2. mgr. 168. gr. ætti við um akstur hans. Ástæðan fyrir því var sú að aðrir ökumenn áttu auðvelt með að hliðra til fyrir bifreið ákærða, og því var óákveðnum hagsmunum sem ákvæðinu er ætlað að vernda, ekki stefnt í hættu.

Í nýlegum dómi *Hérd. Vestl. 4.nóvember (S-94/2009)* var hins vegar sýknað af ákæru um brot gegn 4. mgr. 220. gr. hgl. og 168. gr. hgl.

J var gefið að sök að hafa ekið bifreið sinni of hratt miðað við aðstæður í Hvalfjarðargöngunum, þar sem leyfilegur hámarks hraði var 30 km á klst. Ók hann án nægjanlegrar varúðar og tillitssemi, í beygju þar sem vegsýn var skert, framhjá kyrrstæðum ökutækjum og vegfarendum og viðstöðulaust á vinstri helmingi gegn framúraksturbanni samkvæmt umferðarmerkingum þar sem hann tók fram úr vöruflutningabifreið. Hann virti ekki fyrirmæli lögreglumanns sem var við umferðarstjórn í Hvalfjarðargöngunum í umrætt sinn vegna kvikmyndatöku sem þar fór fram. Við framúraksturinn ók hann á móti bifreið sem kom úr gagnstæðri átt, en ökumaður þeirrar bifreiðar varð að víkja til hliðar til að forðast árekstur.

Héraðsdómur sýknaði hins vegar ákærða með þessum rökstuðningi:

Úr gagnstæðri átt kom bifreiðin NM-F81, en í henni voru þrjár stúlkur sem voru að koma á tókustað kvikmyndar í botni Hvalfjarðarganga. Þar sem þær voru nánast komnar á áfangastað og hraði á þessum vegarkafla hafði verið lækkaður niður í 30 km/klst. verður einnig að ætla að hraði þeirrar bifreiðar hafi ekki verið mikill. Að öllu þessu virtu og þegar þess er gætt að ákærði ók mjög skamman spöl á röngum vegarhelmingi eftir að hann jók ferðina þykir ekki nægjanlega sannað að ákærði hafi með akstrinum, þótt vítaverður væri, raskað umferðaröryggi og stofnað á ófyrirleitinn hátt í augljósan háska lífi og heilsu vegfarenda í bifreiðinni NM-F81, farþegans Vilhjálms í bifreið ákærða og lögregluvarðstjóra á vettvangi þannig að brotið verði talið varða við 168. gr. og 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Háttsemi ákærða var talin varða við hin ýmsu ákvæði umferðarlaga, en ekki var talið nægilega sannað að hann hefði stofnað lífi eða heilsu vegfarenda auk lögreglumannsins í hættu. Telur höfundur að hér hefði mátt fella háttsemi ákærða undir 4. mgr. 220. gr. í það minnsta miðað við dómaframkvæmd, en það hefur þurft minna til en ofsakstur í göngum til að telja brotið gegn greininni. Varað var við akstri ákærða með símtali þegar hann fór inn í

<sup>100</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 258

göngin, en í göngunum voru kvikmyndaupptökur í gangi og margt fólk á staðnum þar sem atvik áttu sér stað. Fólki var beint af veginum skömmu áður en ákærði kom akandi á miklum hraða. Framúrakstur yfir óbrotna línu, í göngum, og á móti bíl sem kemur úr gagnstæðri átt hlýtur að fela í sér að stofna lífi og heilsu manna í hættu, auk þess sem lögreglumaðurinn þurfti að víkja frá til að lenda ekki fyrir bifreiðinni.

Í nýlegum dómi *Hérd. Rvk. (S-351/2012)* þar sem próflaus piltur ók á ofsahraða í miðbæ Reykjavíkur með hörmulegum afleiðingum má sjá hvernig þessum ákvæðum er beitt samhliða.

*Hérd. Rvk. 5.júlí 2012 (S 351/2012) (Eyþór Darri)*

T var ákærður fyrir hegningar- og umferðarlagabrot, með því að hafa ekið bifreið um götur Reykjavíkur án þess að hafa öðlast ökuréttindi og langt yfir leyfilegum hámarkshraða og án aðgæslu. Hann ók frá gatnamótum Geirsgötu og Lækjargötu, áleiðis vestur Geirsgötu þar sem leyfilegur hámarkshraði var 50 km/klst., beygði yfir á miðakrein af hægri akrein án nægjanlegrar varúðar og missti í kjölfarið stjórn á bifreiðinni á gatnamótum Geirsgötu og Tryggvagötu, þannig að bifreiðin rann með hliðarskriði yfir gatnamótin, á milli tveggja bifreiða sem þar voru, lenti á kantsteini, kastaðist yfir gangbraut og yfir á grjótbed þar sem bifreiðin rakst á 490 kg. stein. Bifreiðin kastaðist af grjótbedinu yfir á húsvegg, þar sem vinstri afturhlið bifreiðarinnar rakst á húsvegginn og vinstra afturhornið fór inn um rúðu á húsinu. Í kjölfarið stöðvaðist bifreiðin. Við þetta hlaut farþeginn X, sem sat í hægri aftursæti bifreiðarinnar, alvarlega höfuðáverka, sem leiddi til þess að hann lést á sjúkrahúsi innan við tveimur dögum síðar. T stofnaði einnig lífi og heilsu farþega bifreiðarinnar A í augljósa hættu og raskaði umferðaröryggi og öryggi vegfarenda á akstursleiðinni á ófyrirleitinn hátt. Þessi háttsemi ákærða var talin varða við 168. gr., 215. gr. og 4. mgr. 220. gr. alm. hgl. auk þess sem þetta varðaði við fjölda ákvæða umferðarlaga. Ákærði játaði sök fyrir utan ökuhraðann, sem hann kvað hafa verið 70 km á klst. Fyrir lá útreikningur prófessors á ökuhraðanum, en samkvæmt honum var mögulegur lágmarkshraði 102 km klst. Ekkert kom fram í málinu sem benti til annars en að orsök slyssins yrði rakin til hraðaakstursins.

Ákærði ók bifreiðinni próflaus og á ofsahraða um miðborg Reykjavíkur þar sem var þónokkur bílaumferð og umferð gangandi vegfarenda, en mörg vitni lýstu bílaumferð og umferð gangandi vegfaranda á þessum tíma. Ákærði var án ökuréttinda sem gerði hættu af akstri hans meiri en ella að mati héraðsdóms. Þetta var til þess fallið að styðja þá niðurstöðu dómsins að ákærði hefði með háttsemi sinni gerst sekur um almannahættubrot, sem varðar við 168. gr. alm. hgl. auk þess sem heimfæra bar brot ákærða til 4. mgr. 220. gr., en ákærði stofnaði lífi og heilsu farþega bifreiðarinnar A, í augljósa hættu og raskaði umferðaröryggi og öryggi vegfarenda. Ákærði var einnig sakfelldur fyrir manndráp af gáleysi, samhliða almannahættubroti 168. gr. hgl. og broti gegn 4. mgr. 220. gr. hgl.

Í dómi *Hérd. Austl. 16. mars 2011 (S-114/2010)* var að finna ítarlegan rökstuðning fyrir sakfellingu ákærða vegna brots gegn 168. gr. hgl. og 4. mgr. 220. gr. hgl.



Ákærða var gefið að sök að hafa ekið langt yfir hámarkshraða í gegnum íbúðarhverfi, svo um miðbæ Egilsstaða og svo áleiðis til Fellabæjar, of hratt miðað við aðstæður. Við gatnamót að flugvallarveginum var honum einnig gefið að sök að hafa tekið glæfralega framúr bifreið eða bifreiðum, þannig að umferð bifreiða úr gagnstæðri átt hafi þurft að víkja vel út í kant til að forða árekstri við ákærða. Með þeirri háttsemi taldi dómurinn sannað að ákærði hefði á ófyrirleitinn hátt stofnað lífi eða heilsu ótilgreindra ökumanna og farþega þeirra bifreiða sem komu úr gagnstæðri átt í augljósa hættu. Háttsemi þessi var talin varða við 4. mgr. 220. gr. hgl.

Í dómi héraðsdóms var svo vikið að því hvort ákærði hefði með akstri sínum raskað öryggi bifreiða eða umferðaröryggi á alfaraleið, svo varðaði við 168. gr. hgl., en þar sagði:

Af verknaðarlýsingu þess ákvæðis, þeirri takmörkuðu dómaframkvæmd sem er til staðar og umfjöllun fræðimanna, verður ráðið að þar sé lýst almannhættubroti, þar sem verndarandlagið er ekki einungis líf og líkami manna heldur jafnframt eignir þeirra. Þá er ekki samkvæmt orðalagi ákvæðisins gert að skilyrði að um augljósa hættu hafi verið að ræða líkt og í 4. mgr. 220. gr. sömu laga. Álítur dómurinn að við mat á því hvort með akstrinum hafi verið brotið gegn 168. gr. almennra hegningarlaga verði að horfa heildstætt á akstur ákærða og aðstæður allar þegar atburðurinn átti sér stað. Akstursleið ákærða lá fyrst í gegnum íbúðarhverfi, svo um miðbæ Egilsstaða þar sem verslanir og fyrirtæki er að finna og síðan út fyrir þéttbýliskjarna Egilsstaða áleiðis til Fellabæjar. Akstur ákærða átti sér stað um kl. 15:48 á þriðjudegi, samkvæmt því sem greinir í lögregluskýrslum. Á þeim tíma dags mátti vænta talsverðrar umferðar bifreiða jafnt sem gangandi vegfarenda, auk þess sem vænta má að skóladegi barna hafi að jafnaði verið lokið. Samkvæmt framburði þeirra lögreglumanna er veittu ákærða eftirför og framburði ákærða sjálfs var töluverð umferð bifreiða á þeirri leið sem ákærði ók, til að mynda á Fagradalsbraut, við Bónus-verslun og á hringvegi. Þá bar annar lögreglumanna um umferð gangandi vegfarenda við Bónusverslunina og þar í grennd.

Með framburði vitna var talin komin fram lögfull sönnun þess, að með framangreindri háttsemi ákærða hefði umferðaröryggi á alfaraleið verið raskað að mestum hluta þeirrar leiðar sem ekin var. Talið var sannað að akstur ákærða umrætt sinn hafi miðað að því að hann kæmist undan afskiptum lögreglu, en ákærði sýndi með akstri sínum slíkt skeytingarleysi um öryggi annarra í umferðinni að virða verður háttsemi hans sem ásetningsbrot. Háttsemi hans var því heimfærð til 1. mgr. 168. gr. hgl.

Rökstuðningur héraðsdóms í máli þessu verður að teljast mjög ítarlegur og góður. Akstur ákærða var metinn heildstætt, auk þess sem aðstæður voru metnar þegar atburður átti sér stað.

Í dómi *Hérd. Rvk. (S-520/2010)* má sjá beitingu 168. gr. hgl. og 4. mgr. 220. gr. hgl., þar sem um var að ræða ofsakstur í höfuðborginni. Þar reyndi ákærði m.a. að stinga af undan lögreglu á ofsahraða og gerði hann einnig tilraun til að aka á lögreglubifreið.

*Hérd. Rvk. 4. febrúar 2011 (S-520/2010)*

B var m.a. ákærður fyrir að hafa ekið bifreið sinni, óhæfur um að stjórna henni örugglega vegna áhrifa slævandi lyfja í blóði. Honum var einnig gefið að sök að hafa ekki hlýtt fyrirmælum lögreglu og ekki sinnt stöðvunarmerkjum hennar, auk þess sem hann ók á ofsahraða um götur Reykjavíkur og Kópavogs. Þannig raskaði ákærði umferðaröryggi á alfaraleið og stofnaði á ófyrirleitinn hátt lífi og heilsu farþega bifreiðarinnar, annarra vegfarenda og lögreglumanna sem reyndu að stöðva akstur hans, í augljósan háská. Reynt var að stöðva akstur ákærða með því að

aka lögreglubifreið í hlið bifreiðar hans en við það snérist bifreiðin, en ekki tókst þó að stöðva för ákærða. Ákærði stefndi því næst beint á lögreglubifreið sem ók á móti honum, en ökumaður lögreglubifreiðarinnar neyddist til að aka út af veginum til að forða árekstri. Ákærði hélt för sinni áfram þar til lögreglubifreið var ekið utan í bifreið hans með þeim afleiðingum að hún lenti utanvegar. Ákærði kom henni þó aftur inn á veginn, þar sem lögreglubifreiðinni var aftur ekið í hlið bifreiðar ákærða og hann svo umkringdur af fleiri lögreglubifreiðum. Háttsemi ákærða var talin varða við 168. gr. hgl. og 4. mgr. 220. gr. hgl. auk ýmissa umferðarlaga. Í héraðsdómi sagði: „Brot ákærða samkvæmt ákærinni frá 26. október eru í fyrsta lagi talin varða við 168. gr. almennra hegningarlaga, en í henni er lögð refsing við því ef maður raskar öryggi þar greindra samgöngutækja eða umferðaröryggis á alfaraleiðum. Hér fyrr var komist að þeirri niðurstöðu að ákærði hefði ekið á þeim hraða sem honum er gefið að sök að hafa ekið á í ákærinni og að öðru leyti eins og þar er rakið. Af gögnum málsins, þar á meðal myndbandsupptökum úr lögreglubifreiðum sem veittu ákærða eftirför, má ráða að ákærði hefur ekið á framangreindum hraða í myrkri og úrkomu eftir götum þar sem var allnokkur umferð bifreiða. Verður að fallast á það með ákærvaldinu að hann hafi með þessu framferði raskað umferðaröryggi á alfaraleiðum og með því brotið gegn 168. gr. almennra hegningarlaga. Þá er og fallist á að með framferði sínu hafi ákærði á ófyrirleitinn hátt stofnað lífi eða heilsu lögreglumannanna, sem veittu honum eftirför og reyndu að stöðva hann, í augljósan háska. Hið sama á við um farþega er var í bifreið ákærða. Samkvæmt þessu varðar brot ákærða við 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga. Brot hans varðar einnig við þau ákvæði umferðarlaga sem tilgreind eru í ákæru.“

Í þessu sambandi má einnig benda á dóm *Hérd. Austl. 23. maí 1997 (S-226/1997)* (*Skotbómulyftari*) sem fyrr er reifaður í kafla 7.3 en þar var ákærði sakfelldur fyrir brot á 4. mgr. 220. gr. hgl. auk 168. gr. hgl., þegar hann gekk berserksgang á sjö tonna vinnuvél í litlum bæ fyrir austan. Ákærði var sakfelldur með þessum rökum:

Ljóst er af því sem rakið hefur verið að með hinum ófyrirleitna og háskalega akstri sínum á öflugum þungavinnutæki, sem lýst er í ákæru og hann hefur verið sakfelldur fyrir, stofnaði ákærði umferðaröryggi vegfarenda í stórkostlega hættu. Jafnframt stofnaði hann lífi og limum vegfarenda með akstri sínum í augljósa hættu, einkum þeirra er í bifreiðunum voru, sem hann ók á greint sinn og þeim vegfarendum sem áttu fótum fjör að launa undan þungavinnutækinu, er hann ók því á Strandgötu, á bílastæði við Grunnskóla Eskifjarðar og við tröppur þær er liggja við vestari enda skólans. Hefur hann með þessari háttsemi sinni brotið gegn 168. gr. og 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, svo og með akstri þeim sem nánar er lýst í ákæru.

Að lokum er hér nefndur dómur *Hrd. 24. maí 2012 (33/2012)*. (*Tryllingslegur akstur*) sem féll í maí síðastliðnum.

H var ákærður fyrir umferðar- og hegningarlagabrot er hann ók bifreið sinni undir áhrifum áfengis og ávana- og fíkniefna, án þess að sinna stöðvunarmerkjum lögreglu. Hann ók langt yfir hámarkshraða um götur Reykjavíkur, þar sem talsverð umferð var, rigning og götur blautar. Ákærði bakkaði bifreið sinni á mikilli ferð á lögreglubifreið, en lögreglumennirnir komust við illan leik út úr stórskemmdri bifreiðinni og inn í slökkvistöð þegar hann gerði sig líklegan til að aka aftur á lögreglubifreiðina. Ákærði ók óvarlega á miklum hraða yfir gatnamót Snorrabrautar og Bergþórugötu, með þeim afleiðingum að hann ók utan í bifreið sem þar var kyrrstæð, en í bifreiðinni voru ökumaður og tveir farþegar. Við áreksturinn kastaðist bifreiðin yfir á aðra bifreið, en ákærði ók viðstöðulaust áfram. H var einnig ákærður fyrir tilraun til sérstaklega hættulegrar líkamsárásar, þar sem hann ók bifreið sinni á fimm útkeyrsluhurðir í húsnæði Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins við Skógarhlíð, en fjórir starfsmenn slökkviliðsins sem voru inni á slökkvistöðinni komust naumlega undan bifreið ákærða. Vitni báru um umferð, bæði

bílaumferð og gangandi vegfarendur á þeim tíma sem ákærði ók á ofsahraða um götur borgarinnar. Í héraðsdómi sagði: „með ofsaakstri sínum, raskaði ákærði umferðaröryggi á alfaraleið, eins og lýst er í 1. mgr. 168. gr. almennra hegningarlaga, auk þess sem hann stofnaði lífi eða heilsu vegfarenda á akstursleið sinni í augljósan háska, eins og lýst er í 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga. Var það mat dómsins að ákærði hefði með aksturslagi sínu einnig stofnað lífi að minnsta kosti sumra slökkviliðsmannanna í augljósan háska á ófyrirleyttinn hátt, sbr. 4. mgr. 220. gr. hgl., en slökkviliðsmennirnir voru þarna að gegna skyldustarfi sínu sbr. 1. mgr. 106. gr. hgl. Háttsemi ákærða að bakka á lögreglubifreiðina var metin sem tilraun til líkamsmeiðinga, skv. 2. mgr. 218. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr. hgl.

Brot ákærða voru stórfelld og stofnaði hann með háttsemi sinni lífi og heilsu fjölda fólks í hættu að tilefnislausu og á einkar ófyrirleitinn hátt. Ásetningur hans til að fremja brotin var einbeittur og mikil mildi að ekki fór mun verr. Ofsaakstur ákærða um höfuðborgina var talinn falla undir ákvæði 1. mgr. 168. gr. hgl. auk 4. mgr. 220. gr. hgl., og féll sú háttsemi hans, að keyra á útkeyrsluhurðir á húsnæði slökkvistöðvarinnar, einnig undir 4. mgr. 220. gr. hgl. þar sem með því hafi hann stofnað a.m.k. lífi sumra slökkviliðsmannanna í augljósan háska á ófyrirleitinn hátt.

## 9 Hugtakið saknæmi

Ákvæði 4. mgr. 220. gr. hgl. er ásetningsbrot eins og fyrr hefur komið fram. Að framan hefur verið fjallað um efnisþætti ákvæðisins, en ásetningur þarf að taka til allra efnisþátta í ákvæðinu svo refsíabyrgð verði felld á aðila samkvæmt því.

### 9.1 Saknæmisskilyrði

Áskilnaður um að verk sé refsinnæmt og ólögmaett lýtur að hinum hlutlægu refsiforsendum. Með hinum hugrænu refsiforsendum er átt við það refsiskilyrði að maður sem í hlut á sé sakhæfur og einnig að hann fremji verknað þó hann viti að það sé honum saknæmt, þ.e. unnið af ásetningi eða eftir atvikum gáleysi.<sup>101</sup> Hugtakið saknæmi er að lögum bundið við huglæga afstöðu geranda til verksins.<sup>102</sup> Um er að ræða hin huglægu skilyrði þess að refsíabyrgð verði lögð á mann. Í 18. gr. hgl. eru saknæmisskilyrðin tilgreind, en þau eru ásetningur (dolus) eða gáleysi (culpa). Samkvæmt ákvæðinu er verknaður, sem refsing er lögð við í hegningarlögunum, ekki saknæmur nema hann sé unninn af ásetningi eða gáleysi og fyrir gáleysisbrot er einungis refsað sé sérstök heimild til þess í lögum.

Víða í settum lögum er tilgreint hvenær ásetningur er áskilinn, en ekki hvað í honum felst. Hvorki er að finna skilgreiningu á hugtökunum í lögum né lögskýringargögnum.<sup>103</sup> Hins vegar segir í almennum athugasemdum með II. kafla hgl: „Ekki þykir fært að ákveða með lögum skýrgreiningu á ásetnings- og gáleysishugtökum, né að ákveða mörkin þar á milli. Á úrlausn um þau atriði fremur heima í hinni almennu refsiréttarfræði en í beinni lagasetningu.“<sup>104</sup>

Í tímans rás hefur mótast skilgreining á ásetningshugtakinu í fræðilegri umfjöllun refsiréttar, og er það með hliðsjón af langri þróun þess í íslenskri og norrænni dómaframkvæmd. Jónatan Þórmundsson hefur skilgreint hugtakið ásetning, en skilgreining hans miðast við tjónsbrot:

Það er ásetningur, ef hinn brotlegi vill koma því til vegar, sem refsíákvæði lýsir afbrot (tilgangur), ef hann *álítur það óhjálkæmilega afleiðingu* verknaðar síns (óhjálkæmileg afleiðing) eða hann *álítur yfirgnæfandi líkur* á því, að afleiðingin komi fram (líkindaásetningur), og loks ef hann *álítur*, að afleiðing *kunni að koma fram*, en hann hefði engu að síður framið verknaðinn, þótt hann hefði talið víst, að afleiðingin kæmi fram (dolus eventualis: skilyrt afbrigði), eða þá hinn brotlegi lætur sér í léttu rúmi liggja, hvort afleiðingin kemur fram (dolus eventualis: jákvæð afstaða til afbrots).<sup>105</sup>

<sup>101</sup> Ármann Snævarr: *Þættir úr refsirétti II*, bls. 38.

<sup>102</sup> Jónatan Þórmundsson: *Grundvallarreglan um saknæmi (2000)*, bls. 1.

<sup>103</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð II*, bls. 59 og bls. 123.

<sup>104</sup> Alþt. 1939, A-deild, bls. 357.

<sup>105</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð II*, bls. 60.

Þegar lög lýsa verknað refsinsæman án tillits til afleiðinga hans, er um samhverft brot að ræða. Þegar ásetningur er miðaður við samhverft brot hljóðar skilgreiningin svo:

Það er ásetningur, ef hinn brotlegi *veit*, að þær aðstæður eru fyrir hendi, sem felast í verknaðarlýsingu refsíákvæðis, ef hann *telur víst*, að þær séu fyrir hendi, eða hann *býst ákveðið við því*, og loks ef hann *álítur*, að þessar aðstæður *kunni að vera fyrir hendi*, en hann hefði engu að síður framið verknaðinn, þótt hann hefði talið víst, að aðstæðurnar væru fyrir hendi, eða þá að hann lætur sér í léttu rúmi liggja, hvort þessar aðstæður eru fyrir hendi.<sup>106</sup>

Í þessari skilgreiningu samsvara hinir einstöku liðir hliðstæðum liðum í skilgreiningunni um ásetning til tjónsbrot. Tilgangur hverfur úr skilgreiningunni og orðalagið er breytt vegna ólíkrar viðmiðunar hinnar huglægu afstöðu. Segja má að hættuásetningur hafi nokkra sérstöðu vegna framsetningar hættubrot, en þó mætti skilgreina vitundarstig geranda gagnvart hættueiginleikum verknaðar með áþekkingu hætti og gert er hér.<sup>107</sup> Þegar um hættubrot er að ræða er miðað við að fullvissa eða vitundarstig nálgast 100% með tilliti til hættueiginleika verknaðar.<sup>108</sup>

Í ásetningskröfunni felst að gerandi þekki aðstæður og sé meðvitaður um að geta valdið hættu.<sup>109</sup> Þess er krafist að verknaður sem getur valdið hættu sé framkvæmdur af ásettu ráði. Í því felst að viðkomandi þarf að hafa gert sér grein fyrir að hætta geti skapast við framkvæmd verknaðar, þannig að samkvæmt almennum lögum er hún nægileg til að úrskurða ásetning.<sup>110</sup> Ákvæði 4. mgr. 220. gr. hgl. krefst ásetnings til allra þátta verknaðarlýsingarinnar.

*UfR. 1971 bls. 520. V (Ásetningsskortur, skotið á eftir innbrotsþjófum á flóttu)*

Brotist hafði verið inn hjá skransalanum T sjö sinnum og frá honum stolið, einnig höfðu nokkrar tilraunir til innbrots verið gerðar. Hann fékk því T1 og T2 til að standa vörð að næturlagi. Hann hafði keypt þjófavörn og hafði girt lóð starfseminnar með stóru hliði með hengilás. Þegar þjófarnir A og B ætluðu svo að brjótast inn í fyrirtækið komu T1 og T2 þeim í opna skjöldu. A stökk inn í einkabíl og ók af staðnum á meðan B virtist hlaupa í burtu. T1 og T2 hleyptu af skoti úr stuttri fjarlægð á hjól ökutækisins til að sprengja þau. Ekki vildi betur til en svo að B hafði falið sig í farangursgeymslu ökutækisins, og fékk hann málmflísar af skotunum í ennið, gagnaugað, hvirfilinn og vinstri upphandlegg. T1 og T2 voru ákærðir fyrir að hafa stofnað lífi eða heilsu einhvers í nærliggjandi hættu af gáska eða á annan ófyrirleitinn hátt samkvæmt 252. gr. dönsku hegningarlaganna. Við umræddar kringumstæður var ekki talið að T1 og T2 hefðu haft ásetning til að stofna lífi eða heilsu nokkurs í nærliggjandi hættu, og voru þeir því sýknaðir af broti á 252. gr.

Hér mætti einnig nefna dóm *Hérd. Rvk. í máli nr. (S-110/2012) (Skotárás í Bryggjuhverfi)* sem reifaður er í kafla 7.4. Þar skaut ákærði úr afsagaðri haglabyssu framan á bifreið, en hækði ekki. Einnig skaut ákærði á eftir bifreiðinni á ferð, en af því skoti urðu miklar

<sup>106</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð II*, bls. 61.

<sup>107</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð II*, bls. 61.

<sup>108</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð II*, bls. 74.

<sup>109</sup> Knud Waaben: *Stafferettens specielle del*, bls. 25.

<sup>110</sup> Stephan Hurwitz: *Kriminalret. Speciel del*, bls. 245.

skemmdir á bifreiðinni. Ekki hlaust neitt líkamstjón af þessari háttsemi. Í dómi þessum stóð ásetningur til hættubrotsins, þ.e. ætlunin var að valda hættu, ólíkt því sem átti sér stað í fyrrnefndum dönskum dómi um ásetningsskort, þar sem skotið var á eftir innbrotsþjófum á flóttu.

Hið sama á við um gáleysi og áður segir um ásetning, að ólögfestar reglur um efni og ytri mörk gáleysis hafa smám saman mótast, mestmegnis fyrir tilstilli réttarframkvæmdar og fræðilegrar umfjöllunar. Jónatan Þórmundsson hefur skilgreint hugtakið gáleysi, en miðast skilgreining hans við bæði tjónsbrot og samhverf brot:

Það er gáleysi, ef hinn brotlegi *álítur* eða hefur *hugboð* um, að refsínæm afleiðing verknaðar *kunni að koma fram* (tjónsbrot), eða hann hefur hugboð um, að aðrir refsínæmir þættir verknaðarlýsingar *kunni að vera til staðar* (samhverft brot), en hann vinnur verkið *í trausti þess*, að afleiðingin komi ekki fram eða að hugboðið reynist ekki rétt. Enn fremur er það gáleysi, ef hinn brotlegi, sem gegn og skynsamur maður, *hefði átt að gera sér grein fyrir* nefndum aðstæðum og bregðast við í samræmi við þær, en hann hefur hins vegar ekki gætt þeirrar varkárni, sem af honum mátti ætlast.<sup>111</sup>

Að jafnaði eru ásetningur og gáleysi jafnréttá sem grundvöllur refsíabyrgðar og standa þannig hlið við hlið. Stundum stendur ásetningur einn og sér sem saknæmisskilyrði, sérstaklega í almennum hegningarlögum, og dugir þá ekki að verk sé unnið af gáleysi svo refsíabyrgð verði lögð á. Hins vegar stendur gáleysi aldrei eitt sér í lögum, þannig að ásetningsábyrgð sé útilokuð.<sup>112</sup>

Gáleysi er flokkað með tvennum hætti. Annars vegar í meðvitað og ómeðvitað gáleysi þar sem greinarmunur er gerður á grundvelli vitundarmælikvarða. Og hins vegar stórfellt og venjulegt gáleysi þar sem flokkunarkostur byggist á hreinum stigsmun.<sup>113</sup>

Sú meginregla gildir um andlag ásetnings að ásetningur þarf að taka til allra efnisþátta verknaðar eins og honum er lýst fullfrömdum í verknaðarlýsingu refsíákvæðis, þar á meðal til afleiðinga verknaðar. Ásetningur og fullframningarstig brotsins verða því að falla saman.<sup>114</sup> Hliðstæð regla gildir ekki um andlag gáleysis, heldur einungis eftir því sem við getur átt skv. 19. gr.<sup>115</sup>

---

<sup>111</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð II*, bls. 123.

<sup>112</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð II*, bls. 122.

<sup>113</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð II*, bls. 126-127 og Vagn Greve: *Det strafferetlige ansvar*, bls. 203.

<sup>114</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 75.

<sup>115</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 41.

## 10 Tegundir ásetnings

Eins og sjá má af skilgreiningu ásetnings til tjónsbrotá hefur honum verið skipt upp í fjögur hefðbundin ásetningsstig. Stigin, í sinni einföldustu mynd, eru í fyrsta lagi beinn ásetningur, sem skiptist annars vegar í tilgang og hins vegar óhjákvæmilega afleiðingu. Í öðru lagi líkindaásetningur, þar er mælikvarðinn miðaður við tiltölulega hátt líkindastig. Sakborningur telur þá yfirgnæfandi líkur á að afleiðing verknaðar komi fram.<sup>116</sup> Lægsta stig ásetnings er svo dolus eventualis og skiptist hann í tvö meginafbrigði, skilyrtan ásetning og jákvæða afstöðu til brotsins. Gerandi hefur þá a.m.k. grun eða hugboð um tiltekna refsinema afleiðingu verknaðar síns, eða lætur sér í léttu rúmi liggja hvort afleiðingin kemur fram eða ekki.<sup>117</sup> Erfitt er að greina á milli dolus eventualis og næstu sagnæmisstiga á eftir honum, sem eru efstu stig gáleysis.<sup>118</sup>

### 10.1 Hættuásetningur

Eitt afbrigði ásetnings er hættuásetningur, en hann birtist við hættubrot.<sup>119</sup> Það eru tvær leiðir til að skilgreina hættuásetningu. Annars vegar má líta svo á að hættuástandið sjálft geti verið afleiðing af verknaði. Þá er nær að lýsa hættuásetningu með hliðsjón af hinum almenna ásetningu til afleiðinga, sem miðast við tjónsbrot. Hættan getur þá verið sú afleiðing af verknaði sem gerandi hefur vilja til að koma til leiðar (tilgangur) eða að mjög líklegt er að komi fram, eða hún getur í dolus eventualis tilvikum verið afleiðing sem aðeins kann að koma fram.<sup>120</sup> Við hlið þessarar skilgreiningar er hins vegar að finna aðra og einfaldari skilgreiningu sem gengur út á að sakborningur hljóti að hafa verið meðvitaður um hættuna. Þessar tvær skilgreiningar eru ekki í mótsögn við hvor aðra. Sú fyrri miðast við tjónið og afleiðinguna en hin síðari miðast við hvort sakborningur hafi haft vitneskju eða verið meðvitaður um hættuna. Fyrri skilgreiningin sem miðast við hefðbundna skýringu á ásetningu er þrengri og óþjálli.<sup>121</sup> Í þessu sambandi má nefna dóm *Hrd. 1955, bls. 292. (leigubílstjóradómur)* þar sem ákærði hleypti af skoti úr riffli inni í leigubifreið, sem hann var farþegi í. Í Hæstarétti sagði: „Nú, þótt ekki verði litið svo á, að tilgangur ákærða hafi verið að svipta bifreiðastjóran lífi, *hlaut honum að vera ljóst*, að langlíklegast var, að líftjón hlytist af verki hans, þótt svo einstaklega tækist til í þessu tilfelli, að svo fór ekki.“

<sup>116</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíðabyrgð II*, bls. 60-61.

<sup>117</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíðabyrgð II*, bls. 80-82.

<sup>118</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíðabyrgð II*, bls. 86.

<sup>119</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíðabyrgð II*, bls. 22.

<sup>120</sup> Knud Waaben: *Det kriminelle forsæt*, bls. 202.

<sup>121</sup> Knud Waaben: *Det kriminelle forsæt*, bls. 202.

Danskir fræðimenn eru sammála um að leggja þá merkingu í hættuásetning að hann þýði raunverulega að sakborningur hafi verið meðvitaður um hættuna, en það virðist líka vera eðlilegasta lýsingin. Fræðimaðurinn Knud Waaben segir að almennt séð myndi það teljast flókið að álíta mis miklar líkur á möguleika á hættu. Þó það geti verið flókið að nota þrengri skilgreininguna og vísa til tilgangs, eða að miða við líkur, er engin ástæða til þess að hafna henni, því hún gæti jafnvel leitt til sanngjarnrar sýknu.<sup>122</sup>

Knud Waaben segir að ásetningur verði að vera til frumverknaðar og verknaðaraðstæðna. Ekki nægi að gerandi sýni aðeins gáleysi til þess.<sup>123</sup> Í öðru lagi segir hann að ásetningur sé hugmynd gerandans um tjón sem mögulega afleiðingu, þ.e.a.s. hvort geranda hafi dottið afleiðingin í hug þegar hann framdi verknaðinn.<sup>124</sup>

*Hrd. 1959, bls. 9. (Íkveikja)*

Ásetningur ákærða stóð til íkveikju, og var ætlun hans að komast yfir váttryggingarfé. Íkveikjan var framin að næturlagi, en ákærði vissi að á hæðinni fyrir ofan verslun hans byggju tveir aldraðir menn, og að einungis trégólf væri á milli hæða. Annar íbúanna lést í eldsvoðanum, en ákærði hlaut að hafa séð fyrir að mönnunum myndi vera búinn lífsháski af íkveikjunni. Ákærði var sakfelldur fyrir tilraun til váttryggingarsvika skv. 248.gr., sbr. 20. gr. hgl., (tilgangur) meiriháttar brennubrot skv. 2. mgr. 164. gr. hgl. (hættuásetningur, óhjákvæmileg afleiðing) og fyrir manndráp af gáleysi skv. 215. gr., sbr. einnig 1. mgr. 77. gr. hgl.

Almenna reglan um ásetning, það er að miða ásetning til afleiðinga, á einnig við um hættubrot. Talið hefur verið að skilgreina megi vitundarstig geranda gagnvart hættueiginleikum verknaðar með svipuðum hætti og ásetning til samhverfra brota.<sup>125</sup> Miðað við þá skilgreiningu getur manneskja haft ásetning til hættubrots, en aðeins hugboð um tjónið sem af því gæti leitt.<sup>126</sup>

Hættuásetningur er mjög víðtækur og virðist teygja sig inn á efnissvið meðvitaðs gáleysis hvað hættueiginleika varðar. Ábyrgðarsviðin kunna því að skarast að einhverju leyti.<sup>127</sup> Hættuásetningur er áskilinn til að unnt sé að refsast manni fyrir hættubrot í hegningarlögunum.

Hið mögulega tjón sem kallast hætta getur annað hvort verið sýnilegt sakborningi eða ekki. Þannig má í stuttu máli segja að ef sakborningur sér hættuna þá hafi hann ásetning. Innan hættuásetnings er tjóninu sjálfu ætlað þrengra svið. Tjónsbrot geta tekið til þess ef þú ert t.d. með mann sem hefur ásetning til að valda líkamstjóni, þá telst það vera líkamsáraásbrot frekar en hættubrot.<sup>128</sup> Ef það er ásetningur til tjóns, má segja að tjónsbrot

<sup>122</sup> Knud Waaben: *Det kriminelle forsæt*, bls 202.

<sup>123</sup> Knud Waaben: *Det kriminelle forsæt*, bls 203.

<sup>124</sup> Knud Waaben: *Det kriminelle forsæt*, bls 203.

<sup>125</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíðabyrgð II*, bls. 61.

<sup>126</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíðabyrgð II*, bls. 123.

<sup>127</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíðabyrgð II*, bls. 123.

<sup>128</sup> Knud Waaben: *Det kriminelle forsæt*, bls. 202.



eigi frekar við. Hættuásetningur á frekar við þegar það er ekkert tjónsbrot sem getur tekið til hættunnar.<sup>129</sup> Fræðimaðurinn Jónatan Þórmundsson skilgreinir þetta með svipuðum hætti, hann miðar ásetning til afleiðinga.

Aðstæðum tengdum hættubrotum er ekki alltaf eins háttáð. Í sumum tilvikum er það sjálfgefið að hætta myndast með framkvæmd verknaðar. Við vanrækslubrot liggur hættan fyrir um leið og aðili velur að halda sig til hlés og vera hlutlaus. Í öðrum tilvikum getur ástandið verið hættulaust þar til hættan birtist síðar sem afleiðing sem er tímalega aðskilin frá verknaðinum.<sup>130</sup>

Sænski fræðimaðurinn Strahl setti fram skoðanir sínar um hvaða kröfur skuli gera varðandi hugmyndir hins brotlega um afleiðingar. Hann telur að einungis þurfi að vera fyrir hendi vitneskja um aðstæður til að uppfylla ásetningskröfur. Strahl rökstyður skoðun sína þannig, að refsíákvæði myndu ekki þjóna tilgangi sínum ef ásetningur væri háður því hversu bjartsýnn hinn brotlegi væri. Strahl telur að tilgangur ákvæðanna sé að refsa fyrir hlutlægt séð hættulegar aðstæður, þ.e.a.s. sá sem framkvæmir hættulega athöfn hefur ásetning þegar hann þekkir hinar raunverulegu aðstæður. M.ö.o. Strahl vill ekki sýkna vegna saknæmisskorts ef brotþoli gerir sér grein fyrir aðstæðunum.<sup>131</sup>

Ekki eru allir sammála Strahl og hafa margir fræðimenn gagnrýnt skoðun hans. Fræðimaðurinn Knud Waaben telur að ekki sé nóg að hinn brotlegi hafi vitneskju um aðstæður. Hann segir að hinn brotlegi þurfi einnig að hafa hugsað um hættuna. Waaben telur ekkert óeðlilegt við það að sakborningur njóti góðs af því að hafa lagt rangt mat á hættuna. Óháð því hversu gróflega ákærða hefur yfirsést hættan eða gert lítið úr tjónsmöguleikanum, t.d. í morðmáli, ætti að sýkna ákærða af manndrápi af ásettu ráði, ef skýring hans væri tekin gild um að hann hafi reiknað með lítilvægri eða engri hættu á lífshættulegum endi.<sup>132</sup>

Strahl setur fyrirvara við kenningu sína varðandi tilfelli þar sem brotamañ skortir alla hugmynd um að verknaður hans falli undir refsíákvæði, þar sem honum var ókunnugt um hættuna.<sup>133</sup> Knud Waaben segir að ekki þurfi að vera skýr hugmynd um tjónið. Hann telur þannig vera undantekningar sem taka þurfi tillit til. Vitneskja um hættu þarf ekki endilega að vera fyrir hendi til að hafa skýra hugmynd um afleiðingar.

---

<sup>129</sup> Knud Waaben: *Det kriminelle forsæt*, bls. 202.

<sup>130</sup> Knud Waaben: *Det kriminelle forsæt*, bls. 202.

<sup>131</sup> Knud Waaben: *Det kriminelle forsæt*, bls 204.

<sup>132</sup> Knud Waaben: *Det kriminelle forsæt*, bls 204.

<sup>133</sup> Knud Waaben: *Det kriminelle forsæt*, bls 205.

Í huga geranda þarf tjón að vera hugsanleg afleiðing, þ.e. að eitthvað geti farið illa eða að eitthvað geti gerst.<sup>134</sup> Kenningar fræðimannanna eru þannig ekki svo ólíkar þegar upp er staðið, þar sem þeir nálgast hvor annan með fyrirvörunum.

Tekin hafa verið dæmi um tvenns konar tilvik þar sem fram koma hugleiðingar um skort á hættuásetningi. Annars vegar þar sem sakborningur hefur yfir höfuð ekki hugsað um neina óeðlilega afleiðingu, og hins vegar þar sem hann hugsaði um tjónsmöguleikana en gerði lítið úr áhættunni. Í síðarnefnda tilfellinu verður að gera ráð fyrir að ásetningur sé útilokaður, svo fremi sem ákærði hafi við það að íhuga vandlega aðstæður talið að hann hafi ástæðu til að vísa tjónsmöguleikanum á bug. Öðru máli gegnir ef hann hefur eingöngu vanmetið tjónsmöguleikann eða borið kæruleysislega von um að tjón hljótist ekki af, án þess að hafa forsendur til að ætla það.<sup>135</sup> Hér má sjá dóm sem lýsir þessu ágætlega.

*Ufr. 1919, bls. 360.*

Samkvæmt framburði ákærða áttaði hann sig á því að líf íbúanna var í yfirvofandi hættu, en hann hugsaði samt að eiginkona B svæfi yfirleitt létt og hún myndi örugglega vakna tímanlega til að bjarga íbúunum

Ásetning skortir ef aðili hefur aðeins ímyndað sér hættu sem er minni, eða af annarri og léttvægari gerð, en sú hættu sem lögin kveða á um. Gott dæmi sem skýrir hinn umrædda skilning á hættuásetningi er að finna í *VLT. 1940, bls. 152*. Þar var T sakfelldur fyrir gáleysisbrot skv. 2. mgr. 184. gr. dk. hgl.,<sup>136</sup> en hann hafði samkvæmt dómsorði beygt járnbrautarteina með því að aka yfir þá á bifreið sinni og hélt ferðinni áfram þar sem hann taldi enga hættu steðja að lest sem hann vissi að von var á stuttu síðar.<sup>137</sup>

Eðlilegt er að gera ráð fyrir því að ekki sé möguleiki á að setja eina reglu um innihald hættuásetnings sem ófrávikjanlega er hægt að beita yfir allar tegundir brota. Hver einstök brotategund krefst túlkunar og nákvæms mats. Það getur t.d. skipt máli hvort refsínæmi brotategundar fari eftir óeðlilegum einkennum sjálfrar athafnarinnar (almenn hættubrot), eða hvort refsiverðar athafnir er að finna innan ólíkra flokka athafna, sem talist geta eðlilegri og verða aðeins ámælisverðar ef í þeim felst raunveruleg hættu. (sérgreind hættubrot). Í síðarnefnda tilfellinu er helsta ástæðan að þess sé krafist að staðið sé við kröfuna um vitneskju um hættuna.<sup>138</sup>

<sup>134</sup> Knud Waaben: *Det kriminelle forsæt*, bls 205.

<sup>135</sup> Knud Waaben: *Det kriminelle forsæt*, bls 205.

<sup>136</sup> 1. Mgr. 184. gr. dk. hgl. tekur til þess sem truflar öryggi járnbrautalesta, farartækja, mótirhjóla eða annarra farartækja. 2. Mgr. 184. gr. fjallar um það ef brotið er framið af gáleysi, sem átti við í dómi þessum.

<sup>137</sup> Knud Waaben: *Det kriminelle forsæt*, bls 205.

<sup>138</sup> Knud Waaben: *Det kriminelle forsæt*, bls. 205-206.

## 10.2 Auðgunarásetningur og tengsl hans við hættuásetning

Eitt afbrigði ásetnings er auðgunarásetningur. Jónatan Þórmundsson hefur bent á að afstaða auðgunarásetnings til háttseminnar líkist hættuásetningi, þ.e. ásetningi til hættubrota, þar sem þau teljast fullframin þegar ásetningur er sannaður til að valda greiðslufalli.<sup>139</sup> Sé tekið mið af venjulegum hættuásetningi þarf aðeins að leiða það eitt í ljós hvort geranda var kunnugt eða ekki um hugsanlega hættu á fjártjóni vegna verksins.<sup>140</sup> Venjulegur hættuásetningur, þ.e. vitund um hugsanlega hættu á fjártjóni, telst ekki fullnægjandi mælikvarði á auðgunarásetningi, því sönnunarkröfur gengju þá of skammt.<sup>141</sup> Eitthvað meira en venjulegan hættuásetning þarf til og huga þarf að hættustigi ráðstöfunar og þeim hættulíkum sem gerandi telur vera á tjóni af völdum hennar. Ef sýna þyrfti fram á það hverju sinni að gerandi hefði með yfirgnæfandi líkum séð fram á að ráðstöfun hans myndi leiða til fjárhagstjóns, myndi það leiða til ófullnægjandi refsiverndar þar sem erfitt er að sýna fram á svo miklar hættulíkur.<sup>142</sup> Ef hættan er veruleg og augljós hlýtur það að teljast verulega ósanngjarnt ef vafinn um yfirgnæfandi líkur leiðir til sýknu. Heppilegra þykir að beita skilyrðinu um verulega fjártjónshættu sem er ofið saman úr huglægum og hlutrænum atriðum, þ.e. tilteknu hlutrænu hættustigi og huglægum hættulíkum.<sup>143</sup>

---

<sup>139</sup> Jónatan Þórmundsson: *Auðgunarbrot og nokkur skyld brot*. (1975), bls. 8.

<sup>140</sup> Jónatan Þórmundsson: *Auðgunarásetningur*. Línðæla. Sigurður Línðal sjötugur (2001), bls. 349.

<sup>141</sup> Jónatan Þórmundsson: *Auðgunarásetningur*. Línðæla. Sigurður Línðal sjötugur (2001), bls. 347.

<sup>142</sup> Jónatan Þórmundsson: *Auðgunarbrot og nokkur skyld brot*, bls. 9

<sup>143</sup> Jónatan Þórmundsson: *Auðgunarásetningur*. Línðæla. Sigurður Línðal sjötugur (2001), bls. 350-351.

## 11 Röksemdir fyrir vali löggjafans á saknæmisskilyrðum í einstökum lagaákvæðum

Í ritgerð þessari verður síðar fjallað um gáleysisákvæðin um manndráp af gáleysi skv. 215. gr. hgl. og líkamsmeiðingar af gáleysi skv. 219. gr. hgl., en þau gáleysisákvæði skarast við ásetningsákvæði 4. mgr. 220. gr. hgl. sem fyrir hefur verið lýst. Því er mikilvægt að skoða hver rök löggjafans eru fyrir að leggja refsíabyrgð við gáleysi. Það má telja almenna ólögfesta reglu að saknæmisstig afbrots hverju sinni, allt frá lágsta stigi gáleysis til hæsta stigs ásetnings, komi til álita við refsíákvörðun.<sup>144</sup> Því alvarlegra sem afbrotið er hefur saknæmið stighækkandi áhrif til refsíþyngingar. Mismunandi ásetnings- eða gáleysistig hafa verulega mikla þýðingu um niðurstöðu refsíákvörðunar. Aðgreining milli ásetnings og gáleysis er mikilvæg vegna mismunandi refsímarka og ólíks refsímats.<sup>145</sup> Í þeim ákvæðum hegningarlaga sem tiltaka sérrefsímörk með ótilteknum þyngingarástæðum, (t.d. þar sem um er að ræða mjög miklar sakir) eða ótilteknum málsbótum, er mikilvægt að saknæmisstig afbrots sé athugunarefni.<sup>146</sup>

Varla er annað en stigsmunur á ásetningi og gáleysi þegar grundvallareinkenni saknæmis eru skoðuð. Ákveðin huglæg afstaða býr að baki þeim sem talin er ámælisverð. Gerandinn vinnur þá eitthvað ólögmeitt og refsínaemt verk, eða hann vanrækir verk sem honum bar að vinna, þó hann ætti möguleika á að vinna það án utanaðkomandi tálmana. Sú huglega afstaða, sem fyrir er nefnd, nær yfir mjög breitt svið. Allt frá einbeittum vilja geranda til varúðar- eða athyglisskorts, sem vikur augljóslega frá þeirri hegðun sem gera má ráð fyrir hjá gegnum og skynsömum manni.<sup>147</sup>

Í lögskýringargögnum er sjaldan að finna einhverjar ástæður fyrir niðurstöðum löggjafans um þau álitaefni hvort takmarka skuli saknæmiskröfur við þrengra form ásetnings eða gáleysis en gert er ráð fyrir í 18. gr. hgl, t.d. með stórfelldu gáleysi í staðinn fyrir gáleysi almennt.

### 11.1 Grófleiki verknaðar

Það sjónarmið er yfirleitt lagt til grundvallar, að eftir því sem verknaður er talinn alvarlegri hlutrænt séð, þeim mun meiri ástæða sé til að refsing sé lögð við bæði ásetnings- og gáleysisbrotum. Hversu grófur eða alvarlegur verknaður telst vera er m.a. metið eftir afleiðingum hans og eðli verknaðarandlagsins eða þolandans. Einnig er aðferðin við

<sup>144</sup> Jónatan Þórmundsson: *Viðurlög við afbrotum*, bls. 257.

<sup>145</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð II*, bls. 28.

<sup>146</sup> Jónatan Þórmundsson: *Viðurlög við afbrotum*, bls. 247.

<sup>147</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð II*, bls. 13.

framkvæmd verknaðarins metin. Skoðað er hvort hún sé hættuleg eða vítaverð. Sem dæmi má nefna ákvæði 211. gr. hgl. um manndráp og ákvæði 218. gr. hgl. um líkamsmeiðingar, og svo sérstöku gáleysisákvæðin í 215. gr. hgl. um manndráp af gáleysi og 219. gr. hgl. um líkamsmeiðingar af gáleysi. Sjá má að ef refsiramminn í 211. gr. hgl. og hins vegar í 215. gr. hgl. er borinn saman, þá er hann afar mismunandi eftir því hvort um ásetningsbrot eða gáleysisbrot er að ræða. Í gáleysisákvæðum 215. gr. og 219. gr. hgl. er slakað verulega á saknæmiskröfunum tengdum svo alvarlegum verknuðum. Til þess að svipuðum heildaráhrifum verði náð fram væri líklega rökrétt, þegar verknaður er ekki talinn mjög alvarlegur, að þess sé krafist að saknæmisstigið sé nokkuð hátt. Þ.e. að krafist sé ásetnings eða stórfellds gáleysis. Við minniháttar brot er gáleysisábyrgð teygð mjög langt, en það mun stundum vera á kostnað réttaröryggis.<sup>148</sup>

## 11.2 Eðli verknaðar

Við setningu hegningarlagna 1940 var það augljóslega stefna löggjafans að ásetningur væri aðalsaknæmisform laganna, en í því sambandi má skoða 18. gr. hgl. Segja má að gáleysistilvik séu nánast tilgreind sem undantekningartilvik. Af þessu leiðir að í mörgum ákvæðum hegningarlaga nægir ekkert minna en ásetningur til verknaðar. Það má sjá í ákvæði 194. gr. hgl. um nauðgun eða 225. gr. um ólögmæta nauðung. Sum þessara brota eru alvarleg. Manndráp, stórfelldar líkamsmeiðingar og brenna eru einnig talin mjög alvarleg brot, en þó má refsa fyrir þau þótt þau séu framin af gáleysi.<sup>149</sup> Hugsanlega getur eðli verknaðar skipt máli í þessu sambandi. Í fyrsta lagi er auðveldara að leggja gáleysisábyrgð við tjónsbrotum en hættubrotum, eins og 4. mgr. 220. gr., eða samhverfum brotum. Í tengslum við eðli verknaðar, skiptir aðferðarlýsing ákvæðis máli, en aðferðir eins og ofbeldi og hótanir geta varla tengst öðru en ásetningi. Í þriðja lagi ef refsíábyrgð er fyrst og fremst byggð á heimildarskortu, t.d. þegar um nauðgun eða þjófnað er að ræða, þá eru lagatæknilegar ástæður stundum taldar mæla gegn gáleysisábyrgð. Ef villa er til staðar varðandi heimildarskort getur hún leitt til sýknu, en gáleysisábyrgð er útilokuð.<sup>150</sup> Sem dæmi má nefna nauðgun samkvæmt 194. gr. hgl., en hún krefst ásetnings til allra þátta verknaðarlýsingarinnar. Í því felst að brotamaður þarf að gera sér grein fyrir að fórnarlambið hafi ekki samþykkt samfarirnar. Í íslenskri og danskri réttarframkvæmd<sup>151</sup> hafa nokkrir sýknudómar í nauðgunarmálum leitt til

<sup>148</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíábyrgð II*, bls. 18-19.

<sup>149</sup> Vagn Greve: *Det strafferetlige ansvar*, bls. 196.

<sup>150</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíábyrgð II*, bls. 18-19.

<sup>151</sup> Tengt þessu má nefna dæmi af dönskum dómi, þar sem konu var nauðgað af hópi mótórhjólamanna, en þeir höfðu samræði vð hana til skiptis og hótudu henni með grenilurk. Þeir voru hins vegar sýknaðir af broti gegn nauðgunarákvæðinu, þar sem konan hafði hætt að veita mótspyrnu svo snemma.

kröftugra skoðanaskipta. Í því samhengi má nefna tilvik þar sem fórnarlambið er lamað af ótta og getur ekki veitt mótspyrnu.<sup>152</sup>

Ætla má að ef slakað yrði á saknæmiskröfum í hegningarlögum, þannig að gáleysi (eða stórfellt gáleysi) nægi almennt til sakfellingar, myndi slík breyting leiða til víðtækari refsiverndar en nú er við lýði. Að mati íslenska fræðimannsins Jónatans Þórmundssonar er það löngu tímabært, miðað við réttarþróun, að auka hlut gáleysis við hlið ásetnings í hegningarlögnum. Þetta myndi hafa það í för með sér að afmörkunin milli ásetnings og gáleysis yrði ekki jafn afdrifarík og hún er í dag fyrir úrslit mála.<sup>153</sup>

Lengi vel refsuðu dómstólar fyrir óábyrga hegðun í tengslum við 252. gr. dk hgl. þar sem stofnað var til hættu á ófyrirleitinn hátt. Í kjölfar þess að fræðin sýndu fram á að skortur væri á réttarheimildum til þess, var því hætt. Hér höfum við augljóst dæmi um, að ákærvald og dómstólar telja að þörf sé á að gera gáleysi refsivert í einhverjum núverandi ásetningsákvæðum.<sup>154</sup> Áðurnefnt ákvæði 252. gr. dk. hgl. krefst ásetnings, en ef athæfið er vægt að grófleika kann að vera refsað eftir lögreglusamþykkt, vopnalögum eða eftir öðrum lögum, þar sem aðeins liggur fyrir sök.<sup>155</sup>

---

Annað dæmi úr danskri dómaframkvæmd er það þegar 16 ára stúlka fékk far með vörubílstjóra sem var mun eldri en hún. Hann var með yfirlýsingar um kynlífsvandamál sín við stúlkuna, en á endanum stöðvaði hann bifreiðina og hafði samræði við hana. Maðurinn var sýknaður af ákæru um nauðgun, þar sem rétturinn taldi ekki hægt að hunska skýringu hans um að hann hefði skilið athafnaleysi (aðgerðarleysi) stúlkunnar sem samþykki.

<sup>152</sup> Vagn Greve: *Det strafferetlige ansvar*, bls 196.

<sup>153</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíðabyrgð II*, bls. 19-20.

<sup>154</sup> Vagn Greve: „Er tiden moden til en ny straffelov?“, bls. 273.

<sup>155</sup> Vagn Greve: „Er tiden moden til en ny straffelov?“, bls. 274

## 12 Ásetningur eða gáleysi

Áður en fjallað verður um gáleysisbrot er nauðsynlegt að ræða um mörkin á milli ásetnings og gáleysis, en þau eru ekki alltaf alveg skýr.

Töluverður stigsmunur er á ásetningi og gáleysi, og að einhverju leyti einnig nokkur eðlismunur. Þessi munur kemur fyrst og fremst fram í ólíkum refsímörkum laga, og mismunandi refsíákvörðunarástæðum, sbr. 6. tl. 70. gr. hgl, („hversu styrkur og einbeittur vilji hans hefur verið“). Að baki ásetningi og gáleysi liggur þó sama grundvallarhugmyndin. Í henni felst að gerandi verður að hafa tiltekna huglæga afstöðu til verknaðar, sem teljast verður ámælisverð eða vítaverð gagnvart öðrum mönnum og hagsmunum þeirra. Dómstólar og löggjafarvald útfæra þennan matskennda félagssiðferðilega mælikvarða nánar. Þá er gengið út frá að gerandinn hafi valfrelsi og athafnafrelsi. Framkvæmi maður athöfn í algjörri villu um aðstæður telst hún varla ámælisverð. Sama má segja um athafnaleysi, þar sem manni er skylt að vinna verk en er það ómögulegt.<sup>156</sup>

### 12.1 Hvar eru mörkin milli ásetnings og gáleysis?

#### 12.1.1 Efri mörk gáleysis

Mörk ásetnings og gáleysis skarast með ýmsum hætti. Í ritgerðinni er fjallað um 4. mgr. 220. gr. hgl sem krefst ásetnings, en ekki er alltaf hægt að sýna fram á ásetning ákærða, og mörkin eru þá ekki ætíð skýr. Þá er nauðsynlegt að grípa til gáleysisákvæða. Sem dæmi má skoða refsímörk ásetnings- og gáleysisákvæðanna í 211. gr. og 215. gr. hgl, um manndráp og hins vegar 218. gr. og 219 gr. um líkamsmeiðingar, en það skiptir miklu máli við mat á refsímörkum hvort brot var framið af ásetningi eða gáleysi.<sup>157</sup>

Þegar gerandi hefur tiltölulega lágt vitundarstig varðandi hugsanlega refsinaema verknaðarþætti, getur það verið grundvöllur fyrir lægsta stigi ásetnings, þ.e. dolus eventualis, og efsta stigi gáleysis, þ.e. meðvitaðs gáleysis. Það eru hin sérstöku viðbótarskilyrði, sem hengd eru aftan í vitundarstig geranda sem skilja á milli ásetnings og gáleysis, svo möguleiki sé á því að fella verknaðinn undir dolus eventualis. Mörkin milli ásetnings og gáleysis eru ansi vandstíkuð, en dæmi um má sjá í gömlum dómi Hæstaréttar, frá árinu 1945, bls. 30.

*Hrd. 1945, bls. 30. (Tréspíri)*

Málavextir voru þannig að þrír skipverjar fundu tunnu á reki úti á hafi sem innihélt áfengan vökva. Þeir skiptu innihaldinu á milli sín og ákváðu að fara leynt með fundinn. H fór með sýnishorn í lyfjaverslun bæjarins til þess að fá efnagreiningu á vökvanum, en vegna skorts á tækjum gat lyfsalinn ekki efnagreint vökvann. Hann hins vegar varaði við neyslu hans. Félögnum bar ekki saman um hvernig H hefði skýrt frá viðvörun lyfsalans en þeir gerðu ekki

<sup>156</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð II*, bls. 122.

<sup>157</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð II*, bls. 131.

frekari tilraunir til að láta rannsaka vökvann. Félagarnir virtust hafa gert sér grein fyrir því í upphafi að neysla vökvans væri varhugaverð. Engu að síður veitti einn þeirra kaupmanni í bænum vökvann, sem neytti hans í þrjá daga án þess að verða meint af. Við það styrktist trú þeirra á að vökvinn væri hættulaus til neyslu, og var vökvannum dreift til manna á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum. Afleiðingarnar voru hörmulegar, en níu létu lífið og ellefu veiktust alvarlega, þar af blindaðist einn. Í ákæru kom ekki fram hvort hinum ákærðu var gefið að sök ásetnings- eða gáleysisbrot. Í héraðsdómi sagði: „Meðferð þeirra beggja, H og G, á metanólinu var allathugaverð. Báðir gerðu þeir raunar ráð fyrir, að þetta væri drykkjarhæfur vínandi, en hins vegar var þeim báðum ljóst, að alger óvissa var um þetta, og vel kynni svo að vera, að alvarleg hætta stafaði af neyslu vökvans. Eins og fyrr segir, kveðst H hafa gefið Þ, I og J þær upplýsingar um vökvann, er hann sjálfur vissi. Hins vegar gaf hann A engar upplýsingar og enn öðrum, er hann veitti, gaf hann alrangar upplýsingar eða villandi (Ó, O). Ákærður G gaf sumum, er hann veitti eða útvegaði metanólið, réttar upplýsingar, eða þær er hann bezt vissi, en sumum hins vegar engar. Þykir verða að líta svo á, að þeir hafi báðir sýnt vítavert gáleysi við afhendingu metanólsins og að þeir hafi þess vegna orðið valdir að dauða og veikindum ofangreindra manna. Hafa þeir með þessu brotið gegn 215. og 219. gr. almennra hegningarlaga“. Hæstiréttur staðfesti forsendur héraðsdóms efnislega.

Ákærðu voru sakfelldir fyrir manndráp og líkamsmeiðingar af gáleysi. Í fræðiskrifum hefur því verið haldið fram um þennan dóm að huglæg afstaða ákærðu hefði mögulega getað fallið undir dolus eventualis.

Rangar eða villandi upplýsingar ákærðu til sumra tjónþola, og launung þeirra, gat bent til þess að um ásetning á háu stigi væri að ræða (líkindaásetning). Hins vegar, þeim til málsbóta, reyndu þeir að láta efnagreina vökvann og neyttu nokkurs af honum sjálfir. Ákærðu grunaði að vökvinn væri ódrykkjarhæfur, en hvort þá hafi grunað að neysla hans gæti verið lífshættuleg er óvíst. Varla verður talið að líkindastigið hefði getað nægt til líkindaásetnings. Hinir ákærðu létu áhættuna sér í léttu rúmi liggja, þótt alvarleg hætta væri á miklum heilsuspjöllum skv. 219. gr. hgl., þar sem þeir voru ekki vissir um innihaldið.

Erfiðara er að sýna fram á að dolus eventualis hafi staðið til manndráps hjá ákærðu. Í því sambandi verður að hafa í huga tilraunir af hálfu ákærðu til að láta kanna vökvann og að þeir hafi sjálfir neytt hans. Telja verður að ákærðu hafi látið freistast til dreifingar á vökvannum í trausti þess að ekki hlytist líftjón af. Afhending metanólsins (tréspírans) var talið vítavert gáleysi af hálfu ákærðu.<sup>158</sup>

### 12.1.2 Neðri mörk gáleysis

Refsivert gáleysi þarf að greina frá óhappatilviljun og lítilfjörlegu gáleysi sem getur ekki orðið grundvöllur refsiaðbyrgðar. Fræðimaðurinn Vagn Greve telur nær að flokka hið svokallaða refsilausa gáleysi undir óhappatilviljun frekar en að gera greinarmun á refsilausu og refsiverðu gáleysi,<sup>159</sup> líkt og fræðimaðurinn Stephan Hurwitz gerði. Stephan Hurwitz taldi

<sup>158</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsiaðbyrgð II*, bls. 87-88.

<sup>159</sup> Vagn Greve: *Det strafferetlige ansvar*, bls. 203-204



að allra lægsta stig gáleysis ætti að vera refsilaust.<sup>160</sup> Í refsímálum virðist gáleysisábyrgð vera teygð ansi langt niður þrátt fyrir að lágmarksstig refsiverðs gáleysis sé almennt orðað. Mörkin kunna þó að vera nokkuð mismunandi eftir eðli refsireglna. Refsivert gáleysi virðist jafnvel teygt nokkru lengra en ella þegar um mat á samhverfum brotum er að ræða, t.d. gegn öryggis og löggæslureglum.<sup>161</sup> Segja má að í framkvæmd nálgist refsivert gáleysi hlutlæga ábyrgð, t.d. þegar um minniháttar umferðarlagabrot er að ræða.<sup>162</sup>

Tjónsbrot, hættubrot og samhverf brot geta öll verið gáleysisbrot, en ákvæði sem fela í sér samhverf brot og hættubrot eru mjög algeng í sérrefsilöggjöfinni.<sup>163</sup> Við mat á fullfrömdum tjónsbrotum af gáleysi hefur því verið haldið fram að mörk refsiverðs gáleysis liggja nokkru ofar en gáleysismörk skaðabótaskyldu.<sup>164</sup>

## 12.2 Mismunandi ásetningsstig

Í fljótu bragði virðist ekki skipta miklu máli hvort ákærvaldi og dómstólum takist að sýna fram á ákveðið ásetningsstig hjá geranda hverju sinni. Þegar saknæmisskilyrðin eru könnuð nægir oftast að sanna hvort um sé að ræða ásetning eða gáleysi. Varðandi brot á sérrefsilögum nægir jafnvel sú niðurstaða að annaðhvort þeirra sé til staðar. Undantekningar er þó að finna frá þessu og sem dæmi um það getur gáleysi verið útilokað eða jafnvel takmarkað við stórfellt gáleysi. Ákvörðun refsingar tengist einstökum ásetningsstigum. Því alvarlegri sem afbrot eru því sterkari og afdrifaríkari eru réttaráhrifin sem hljóttast af.<sup>165</sup>

Nauðsynlegt getur verið að kanna og staðreyna ásetningsstig í ákveðnum tilvikum þegar reynir á skilin milli ásetnings og gáleysis. Sjá dæmi um það í *Hrd. 1945, bls. 30. (Tréspíri)* sem fyrir er reifaður. Saknæmi kann einnig að takmarkast við beinan ásetning. Sjá má að áskilja ber beinan ásetning um undirbúningsathafnir, þegar hann lýtur að næstu athöfnum geranda sjálfs. Dæmi um það má finna í *Hrd. 1992, bls. 987*. Þar lá fyrir afdráttarlaus játning ákærða. Hann játaði að hafa ætlað að bana S með hnífsstungu er hann sá S liggja sofandi við hlið fyrirverandi sambyliskonu sinnar. Talið var sannað út frá framburði ákærða að hjá honum hafi vakað styrkur og einbeittur vilji til að ráða S af dögum. Einnig var

<sup>160</sup> Vagn Greve: *Det strafferetlige ansvar*, bls. 203-204 og Stephan Hurwitz: *Strafferettens alm. del. bls. 247*.

<sup>161</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíábyrgð II*, bls. 131-132.

<sup>162</sup> Vagn Greve: *Det strafferetlige ansvar*, bls. 204.

<sup>163</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíábyrgð II*, bls. 132.

<sup>164</sup> Í *Hrd. 1996, bls. 3218* var ákærði sem var framkvæmdastjóri og verkstjóri, sýknaður af ákæru um brot á reglum um öryggi á vinnustöðum og líkamsmeiðingar af gáleysi fyrir að hafa vanrækt að sjá fyrir tilteknum öryggisbúnaði á vinnustað, svo að slys varð á starfsmanni. Slysið var talið hafa hlotist af gáleysi starfsmannsins sjálfs, og því var ákærði sýknaður. Úr orðum Hæstaréttar má lesa að lágmarksstig gáleysis í refsímáli væri nokkuð strangari en hefði verið í skaðabótamáli.

<sup>165</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíábyrgð II*, bls. 66-67.

staðreynt í dóminum að hnífstungan hafi verið til þess fallin að valda dauða árásarþola þar sem árásin var hættuleg og tilraunin var nothæf.<sup>166</sup>

### 12.3 Neðsta stig ásetnings, dolus eventualis

Dolus eventualis er lægsta stig ásetnings. Í dönskum og norskum rétti er málum háttað á sama veg og hér á landi. Einkenni dolus eventualis felst í því að gerandi hafi raunverulega vitund um að afleiðing, sem er refsínæm, kunni að koma fram (tjónsbrot), eða að fyrir hendi kunni að vera tiltekna aðstæður (samhverf brot).<sup>167</sup> Einhverjar líkur eða möguleiki verða að vera fyrir hendi séð frá sjónarhóli geranda. Huglæga afstaðan er yfirleitt lögð að jöfnu við meðvitað gáleysi, og því þarf meira en almenna einkennið til þess að ásetninginn megi staðreyna.<sup>168</sup>

Flókið getur reynst að segja nákvæmlega til um lágmark eða lægsta stig huglægrar afstöðu, en hugsanlega nægir hugboð eða grunur geranda. Mestu skiptir að hin huglæga afstaða geranda hafi verið raunhæf og að sönnunarkröfum hafi verið fullnægt.<sup>169</sup> Dolus eventualis tekur við þar sem líkindaásetningi sleppir, en líkindastigið gæti því nálgast 60-65%. Í dönskum rétti mun líkindastig dolus eventualis vera í kringum 50%.<sup>170</sup> Dolus eventualis getur verið skilyrtur eða sem jákvæð afstaða til brots. Jákvæð afstaða til brots felur í sér að gerandi hafi a.m.k. grun eða hugboð um tiltekna refsínæma afleiðingu verknáðar síns, eða tilvist ákveðinna aðstæðna. Þrátt fyrir það lætur hann sér í léttu rúmi liggja hvort afleiðing komi fram eða hvort aðstæður séu fyrir hendi. Viljaafstaða geranda gagnvart mögulegum valkostum er næstum fyrir hendi en þessu „meðvitaða vali“ geranda má lýsa þannig: „Ef gerandi stendur frammi fyrir hættu á hugsanlegri refsínæmri afleiðingu verks, kann huglæg afstaða hans að birtast með þeim hætti, að hann vinni verkið *í trausti þess*, að það heppnist án þess að afleiðingin komi fram, t.d. glannalegur akstur, íkveikja inni í húsi eða notkun skotvopns á þéttbýlu svæði.“<sup>171</sup> Í þessum dæmum bendir huglæg afstaða til meðvitaðs og hugsanlega stórfellds gáleysis fremur en ásetnings. Sé geranda hins vegar svo umhugað um að leysa verk sitt af hendi, þannig að hann láti verða af því þótt afleiðingin kunni að koma fram, þá er um ásetning (dolus eventualis) að ræða. Sanna þarf viljaafstöðu geranda. Sem dæmi má nefna ef ökumaður keyrir of hratt, vitandi að hann geti valdið tjóni með háttarlagi sínu. Þá má segja að hann taki áhættuna á því að hætta lífi og limum annarra. Hægt er að lýsa þessu þannig að gerandi hafi tekið áhættuna með í reikninginn, en látið sér standa á sama um

<sup>166</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð II*, bls. 66-67.

<sup>167</sup> Vagn Greve: *Det strafferetlige ansvar*, bls. 212-213.

<sup>168</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð II*, bls. 78.

<sup>169</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð II*, bls. 79.

<sup>170</sup> Vagn Greve: *Det strafferetlige ansvar*, bls. 212.

<sup>171</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð II*, bls. 82.

hverjar afleiðingarnar gætu orðið.<sup>172</sup> Gildir hið sama um efnisþætti í samhverfu broti eða hættubroti.

Sönnunarbyrði ákærvaldsins kann að vera mjög erfið í málum af þessu tagi. Sérstaklega ef ekki liggja fyrir einhverjar yfirlýsingar geranda eða vitna sem gefa til kynna viljaafstöðu hans sem telja má sem jákvæða afstöðu til brots.<sup>173</sup>

*UfR. 1918, bls. 946. („ske hvad der vil“)*

Ákærði var í miklu uppnámi eftir að hafa komist að hjúskaparbroti konu sinnar. Hann var talinn hafa af ásetningi valdið eldsvoða, þegar hann henti frá sér logandi eldspýtu á trésmíðaverkstæði sínu. Þegar hann henti eldspýtunni frá sér á hann að hafa sagt: „ska hvad der vil!“ Í skýrslutöku kom fram hjá ákærða að hann hefði gert sér grein fyrir því að brugðið gat til beggja vona um afleiðingar verknaðar hans, en húsið brann til kaldra kola.

---

<sup>172</sup> Stephan Hurwitz: *Den danske kriminalret*, bls. 326-327.

<sup>173</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsiaþbyrgð II*, bls. 82.

### 13 Manndráp af gáleysi

Við samningu almennu hegningarlaganna, sem tóku gildi árið 1940 voru dönsk hegningarlög að miklu leyti höfð til fyrirmyndar.<sup>174</sup> Í XXIII kafla almennra hegningarlaga er að finna ákvæði 215. gr. hgl. sem fjallar um manndráp af gáleysi, en kaflinn ber heitið „manndráp og líkamsmeiðingar“. Ákvæðið hljóðar svo:

Ef mannsbani hlýst af gáleysi annars manns, þá varðar það sektum... eða fangelsi allt að 6 árum.

Ákvæði 215. gr. hgl. um manndráp af gáleysi svarar hlutlægt séð til manndráps af ásetningi skv. 211. gr. hgl. Munurinn á þessum tveimur lagagreinum liggur á hinu huglæga sviði. Langflest brot sem varða við 215. gr. hgl. má rekja til alvarlegra brota eða mistaka við akstur bifreiða eða annarra ökutækja. Ölvunarakstur, hraðaakstur, framúrakstur á blindhæð o.s.frv. eru dæmi um hvenær ákvæði 215. gr. hgl. yrði beitt. Umferðarlögum verður ávallt beitt með 215. gr. hgl. í ofangreindum tilvikum. Í sjaldgæfari tilfellum er ákvæði 215. gr. hgl. beitt í tengslum við störf skipstjóra, flugmanna, lækna, lyfjafræðinga, skottulækna, leiðsögumanna við veiðar eða skotæfingar, eða í tengslum við eftirlit með byggingarvinnu ofl. Sérrefsilög eiga einnig almennt við um brot á þessum sviðum.<sup>175</sup>

Ákvæði 215. gr. hgl. um manndráp af gáleysi felur ekki í sér auknar kröfur til gáleysis í tilteknum málaflokkum, þannig að eingöngu komi til sakfellingar ef um er að ræða stórfellt gáleysi. Ákvæðið spannar því yfir öll stig gáleysis, en þó virðist eitthvað benda til þess að í framkvæmd séu einhver ákveðin mörk, þannig að allra lægstu stig gáleysis séu refsilaus.

Manndráp af gáleysi samkvæmt 215. gr. hgl. er tjónsbrot, en skýlaus krafa er gerð um þá afleiðingu að mannsbani hafi hlotist af háttsemi þegar ákvæðinu er beitt.<sup>176</sup> Ekki er nóg að segja að almennt séð hafi verknaður talist „gáleysislegur“. Gáleysi samkvæmt 215. gr. hgl. getur spannað yfir nokkuð vítt svið. Maður getur t.d. oft reiknað með hættu á alvarlegum afleiðingum tengdum ógætilegum akstri. Í réttarframkvæmd og í tengslum við útgáfu ákæru af hálfu ákæruvaldsins eru ákveðin takmörk fyrir beitingu gáleysisákvæðisins.

Það útilokar ekki beitingu ákvæðis 215. gr. hgl. um manndráp af gáleysi, þó fórnarlamb bíði ekki bana fyrr en töluvert eftir verknað ákærða, t.d. vegna fylgikvilla sem hlutust af slysi. Hrein tilviljun getur ráðið því hvort dauði eða líkamstjón hljótist af verknaði.<sup>177</sup> Ákvæði 219.

<sup>174</sup> Alþt. 1939, A deild, bls. 353.

<sup>175</sup> Sem dæmi um sjaldgæfari tilvik má nefna dóm Hæstaréttar 168/2002, í máli sem varðaði manndráp af gáleysi við barnagæslu í heimahúsi, en dómurinn verður reifaður í kafla hér neðar. (XXX)

<sup>176</sup> Knud Waaben: *Strafferettens specielle del*, bls. 13-14.

<sup>177</sup> Sjá dóm Hérð. Rvk. S-767/2009 (Hummer bifreið) sem reifaður er í kaflanum hér á eftir í kafla 15.

gr. hgl. um líkamsmeiðingar af gáleysi styður við ákvæði 215. gr. hgl. þegar um er að ræða atvik sem eru mjög nálægt því að falla undir manndráp af gáleysi.<sup>178</sup>

Má nefna sem dæmi ófyrirleitinn akstur, sem getur verið til þess fallinn að mynda grundvöll fyrir sakfellingu eftir umferðarlögum, en er þó svo léleg eða rýr, að hún dugi ekki sem ábyrgð eftir ákvæði 215.gr. hgl. Í flestum tilfellum má finna eigin sök hjá fórnarlambinu, eða samverkandi þætti vegna ytri orsaka sem einnig má kenna um að einhverju leyti. Það er náið samspil milli mats á gáleysi, áhrifum af eigin sök og tillits til annarra orsaka. Það er hins vegar mikilvægt að hafa í huga, að það er ekki hægt að skipta sök, eins og t.d. er möguleiki í skaðabótaréttinum.<sup>179</sup>

Þó fórnarlamb hafi samþykkt hina gáleysislegu háttsemi leysir það ekki geranda undan ábyrgð samkvæmt ákvæðinu. Sjá í því sambandi fyrr reifaðan dóm *Hrd. 1982, bls.184. (Kappakstur á Suðurnesjum)*, þar sem ákærði var sakfelldur fyrir brot gegn m.a. 215. gr. um manndráp af gáleysi og 219. gr. um líkamsmeiðingar af gáleysi, þrátt fyrir að farþegar hefðu samþykkt að taka þátt í kappakstrinum. Ákveðin eigin sök hjá fórnarlambinu útilokar ekki heldur ábyrgð eftir ákvæði 215. gr. hgl. Sjá má dæmi um það í dönskum dómi, *UfR. 1998, bls. 427. (rússnesk rúlletta)*, sem reifaður er í kafla 6.2. Þar skoraði T á O að taka þátt í rússneskri rúllettu með þeim afleiðingum að O skaut sig í höfuðið. T var dæmdur fyrir brot gegn 252. gr. og 241. gr. dk. hgl. Í dómi Hæstaréttar setti einn dómari fram sératkvæði, þar sem hann var sammála meirihlutanum um að sakfella ætti T fyrir brot gegn 252. gr. dk. hgl., en hann taldi hins vegar að A hefði sjálfur framkvæmt þann verknað sem leiddi hann til dauða, og bæri því að sýkna ákærða fyrir brot gegn 241. gr. dk. hgl.<sup>180</sup>

Einnig má nefna í þessu sambandi dóm *Hrd. 2005, bls. 4278 (398/2005)*, þar sem um ofsaakstur ungs manns var að ræða.

*Hrd. 2005, bls. 4278 (398/2005). (Ofsaakstur við Bíldudal)*

S var ákærður fyrir manndráp af gáleysi. Hann hafði ekið bifreið sinni langt umfram leyfilegan ökuhraða og þannig sýnt vítavert gáleysi. Afleiðingar þess voru að J, sem var fimmtán ára stúlka á gangi við veginn rétt við Bíldudal, varð fyrir bifreiðinni, kastaðist 25 metra og lést samstundis. S hafði ekið framhjá stúlkunni sem gekk meðfram veginum ásamt sex ára stúlku og hundi, skömmu áður en slysið varð, en hann snéri við innar í dalnum og ók á allt að 150 km. hraða á klukkustund til baka sömu leið. Ók hann á miklum hraða framhjá öðrum vegfaranda sem var á göngu á veginum með 2 hunda, en hann varð ekki var við bílinn fyrir en hann þaut

<sup>178</sup> Knud Waaben: *Strafferettens specielle del*, bls. 14-15.

<sup>179</sup> Vagn Greve, Asbjørn Jenssen, Poul Dahl Jenssen og Gorm Toftegaard Nielssen: *Kommenteret straffelov. Speciel del*, bls. 352-353.

<sup>180</sup> Vagn Greve, Asbjørn Jenssen, Poul Dahl Jenssen og Gorm Toftegaard Nielssen: *Kommenteret straffelov. Speciel del*, bls. 354.

framhjá. Unga stúlkan sem var með J á göngu, sagðist ekki hafa orðið vör við bifreið ákærða fyrr en hún keyrði á J. Slysið vildi þannig til að J fór skyndilega þvert yfir veginn á eftir hundinum, í veg fyrir bifreið ákærða. Þrátt fyrir það taldi héraðsdómur að fella ætti sök á ákærða fyrir að hafa sýnt af sér gáleysi með því að aka of hratt miðað við aðstæður. Taldi héraðsdómur að sterkar líkur væru á því að vegna ökuhraðans hefði S ekki haft möguleika á að forðast að aka á J og afleiðingarnar hefðu orðið jafn alvarlegar og greint var frá vegna hraða bifreiðarinnar. Því hafði gáleysi ákærða átt svo stóran þátt í því að valda slysinu, að það varðaði við 215. gr. hgl. Refsing ákærða var tveggja mánaða fangelsi, frestað skilorðsbundið, auk ökuréttindasviptingar í tvö ár.

Það vekur athygli hversu lágan dóm ákærði fékk fyrir verulega gáleysislega háttsemi, sem leiddi til þess að ung stúlka í blóma lífsins lætur lífið. Veruleg hætta skapaðist fyrir sex ára stúlkuna og hinn vegfarandann sem einnig voru á gangi á veginum. Telur höfundur að hér hefði mátt skoða að beita einnig 4. mgr. 220. gr., þar sem þessi háttsemi að keyra á ofsahraða þrátt fyrir að vita fyrir víst að það væru gangandi vegfarendur á leiðinni, hlýtur í það minnsta að vera ansi nálægt ásetningsmörkunum. Væri þá hægt að segja að háttsemin væri drýgð af gáska eða á annan ófyrirleitinn hátt. Því til rökstuðnings er hægt að benda á dóm *Hrd. 1982, bls. 124. (Kappakstur á Reykjanesbraut)*, en í þeim dómi var beitt ákvæði 4. mgr. 220. gr. ásamt 215. gr. og 219. gr. hgl.

Oft má sjá í dómum að eigin sök tjónþola felst í því að ekki eru notuð bílbelti. Það hefur þó ekki þau áhrif að 215. gr. hgl. eigi ekki við. Það kann þó að leiða til þess að refsing er dæmd vægari. Sjá má dæmi um slíkt í dómi *Hérd. Reykn. í máli (S-749/2010)*, en þar var litið til þess að stúlkurnar voru ekki með öryggisbelti spennt, en það kann að hafa átt þátt í því að bani hlaust af, sem og alvarlegri líkamsmeiðslu en ella. Einnig má sjá í dómi *Hrd. 6. nóvember 2008 (365/2008). (Árekstur við framúrakstur á Suðurlandsvegi)* að ákærði bar fyrir sig að vanbúnaður hefði verið á beltanotkun í barnabílstól þar sem lítil stúlka lét lífið í árekstri tveggja bifreiða á Suðurlandsvegi. Í Hæstarétti sagði:

Með akstri sínum varð ákærði þannig valdur að árekstri þar sem farþegi lést í bifreið hans og annar tveggja farþega í bifreiðinni X beið einnig bana. Þá hlaut hinn farþeginn stórfelld meiðsl og ökumaður þeirrar bifreiðar slasaðist talsvert. Verður refsíábyrgð vegna þessara afleiðinga felld á ákærða, enda er ótvírætt um að ræða vávæna afleiðingu þeirra brota hans gegn umferðarlögum sem hann er hér sakfelldur fyrir. *Getur í þeim efnum engu breytt þótt ákveðin óvissa sé um það hvernig háttað var notkun bílbelta í bifreiðinni X, en vörn ákærða hefur að hluta til beinst að því atriði.*<sup>181</sup> Hann hefur því einnig unnið sér til refsingar samkvæmt 215. gr. og 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Til þess að ákvæði 215. gr. eigi við þarf hinn brotlegi að hafa valdið dauða viðkomandi. Ekki er útilokað að telja fleiri óháða einstaklinga sem verknaðaraðila, sbr. *UfR. 1930, bls. 664*. Þar var um að ræða að ekið var á bifreið, sem við það kastaðist á fótgangandi

<sup>181</sup> Leturbreyting höfundar

vegfaranda. Báðir öikumenn hlutu refsingu fyrir. Nauðsynleg takmörk við notkun lagagreinarinnar er að finna í þeim kröfum sem gerðar eru um orsakasambengi og sennilega afleiðingu. Töluvert miklar kröfur eru gerðar til þess að orsakasambandið sé nokkuð augljóst, þegar horft er á aðaltjónið, en eru hins vegar nokkuð vægar þegar þær snúast um sambengið milli aðaltjónsins og dauða.<sup>182</sup> Algengt er að sú háttsemi sem dregið er til ábyrgðar fyrir, einkennist af vanrækslu, ýmist fullkominni vanrækslu eða að hluta.<sup>183</sup>

Gáleysismat dómstóla virðist ekki alltaf vera í takt við réttarvitund almennings. Því er stundum haldið fram, að dómstólar ættu að gera auknar kröfur til gáleysis í sumum málaflokkum. Það myndi leiða til þess að ekki yrði sakfelld nema gáleysi sé stórfellt. Hér á landi bendir réttarframkvæmd ekki til þess, að í málum vegna brota á 215. gr. hgl. séu gáleysiskröfur strangari en í öðrum málum.<sup>184</sup> Sjá í því sambandi dóm *Hrd. 1988, bls. 1231*.

*Hrd. 1988, bls. 1231. (Aktur við dagheimili)*

K var gefið að sök að hafa ekið bifreið án nægjanlegrar aðgæslu í grennd við dagheimili, með þeim afleiðingum að 7 ára barn sem hljóp fyrir bifreiðina lést. Hann var sýknaður í héraðsdómi með þeim rökum að drengurinn hefði hlaupið út á götuna og fyrir bifreiðina, þannig að enginn ökumaður hefði getað stöðvað í tæka tíð. Taldi héraðsdómur því ósannað að ákærði hefði sýnt ófullnægjandi aðgæslu í umrætt sinn. Hæstiréttur sakfelldi hins vegar K fyrir manndráp af gáleysi, með þeim rökum að hluti af starfi ákærða hefði verið að flytja skólabörn, og því mátti hann gera ráð fyrir börnum báðum megin við veginn, þar sem íþróttahús og grunnskóli voru öðrum megin við veginn og dagheimili hinum megin við veginn. Hann var því kunnugur staðháttum, en með því að líta um stund til vinstri hliðar var ákærði ekki talinn hafa sýnt þá varkárni sem krafist var.

Í þessum dómi sakfellir Hæstiréttur ákærða, en það má að einhverju leyti telja vera vegna starfa hans og staðþekkingar, en það leggur á hann auknar varúðarskyldur. Þó sýnt sé fram á eigin sök þolenda útilokar það ekki refsíabyrgð fyrir manndráp eða líkamsmeiðingar af gáleysi.<sup>185</sup>

Við stjórn vélknúinna farartækja, eins og bifreiða, flugvéla og skipa, þarf að gæta fyllstu varkárni og fylgjast með öllum öryggisatriðum. Á það við bæði áður en lagt er af stað og á

<sup>182</sup> Vagn Greve, Asbjørn Jenssen, Poul Dahl Jenssen og Gorm Toftegaard Nielssen: *Kommenteret straffelov. Speciel del*, bls. 354.

<sup>183</sup> Vagn Greve, Asbjørn Jenssen, Poul Dahl Jenssen og Gorm Toftegaard Nielssen: *Kommenteret straffelov. Speciel del*, bls. 355.

<sup>184</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð II*, bls. 128-129.

<sup>185</sup> Í því sambandi má skoða *Hrd. 1990, bls. 802. (Strætisvagn í hálku)* Ákærðu var gefið að sök að hafa ekið strætisvagni án nægjanlegrar aðgæslu og of hratt miðað við aðstæður, en hálka var á veginum. Ung kona varð fyrir strætisvagninum og lést hún rúmum mánuði síðar af meiðslum þeim sem hún hlaut. Í héraðsdómi og Hæstarétti var ákærða sakfelld fyrir manndráp af gáleysi, auk þess sem hún var sakfelld fyrir umferðarlagabrot. Fórnarlambið var talið hafa sýnt af sér þónokkuð gáleysi með því að ganga rակleitt út á akbrautina án þess að vara sig á umferðinni. Hins vegar má einnig í þessu sambandi benda á dóm Hérð. Austl S-53/2011 (Unglingsstúlkur stukku fyrir bíl), þar sem mikil eigin sök var hjá tjónþola sem hlaut líkamsmeiðingar, en ekki tókst sönnun um að ákærði hefði ekið ógætilega og án varúðar.

meðan för stendur. Erfitt getur verið að segja til um hvort rekja megi mistök við stjórn farartækja til athafna eða athafnaleysis. Þó er auðveldara að sýna fram á vítavert athafnaleysi við stjórn skipa og flugvéla, líkt og sjá má í dómi *Hrd. 1952, bls. 604*. sem reifaður er í næsta kafla.<sup>186</sup>

Eigandi eða umráðamaður fasteignar, lausafjármuna eða dýra, getur skapað sér refsíabyrgð ef hann vanrækir að sinna eftirliti sem honum er skylt. Ef vanræksla á viðhaldi eða slakt eftirlit leiðir til líkamstjóns getur reynt á þessa ábyrgð og er það þá fyrst og fremst vegna gáleysislegrar vanrækslu, sbr. 215. og 219. gr. hgl. Þessi ábyrgðartilvik eru ekki jafn raunhæf í refsirétti eins og skaðabótarétti, en í sérrefsilöggjöf er að finna ákvæði sem taka til vanrækslu af þessu tagi. Það reynir því ekki á ákvæði hegningarlaga um tjónsbrot nema í alvarlegustu slysatilvikunum og í þeim tilvikum sem um ásetningsbrot er að ræða.<sup>187</sup>

### 13.1 Ákvæði 241. gr. danskra hegningarlaga um manndráp af gáleysi

Í dönsku hegningarlögunum er ákvæði um manndráp af gáleysi að finna í 241. gr. það hljóðar svo:

§ 241 Den, som uagtsomt forvolder en andens død, straffes med bøde eller fængsel indtil 4 måneder eller under særligt skærpene omstændigheder med fængsel indtil 8 år. Er forholdet begået i forbindelse med spirituskørsel eller særlig hensynsløs kørsel, anses dette som en særlig skærpene omstændighed.

Ákvæði dönsku hegningarlaganna um manndráp af gáleysi er mun ítarlegra en ákvæði íslensku hegningarlaganna. Sjá má að í danska ákvæðinu er refsiramminn tvískiptur, þ.e. hámarksrefsing er fangelsisvist í allt að fjóra mánuði, en ef sérstakar refsipýngingarástæður liggja fyrir er hámarksrefsing átta ára fangelsi. Þessar refsipýngingarástæður hafa komið til síðustu árin þar sem tilgangur löggjafans er að reyna að bera niður á ölvunarakstri og ófyrirleitnum akstri.<sup>188</sup>

Í ákvæði 215. gr. hgl. er hámarksrefsing sex ára fangelsi, án tillits til annarra atvika. Enginn vafi er á að gáleysi er nægilegt til að skapa manni bótaábyrgð eftir hinni almennu

<sup>186</sup> Til samanburðar má nefna dóm *Hrd. 1990, bls. 1313.*, þar sem flugstjóri og flugumferðarstjóri voru sakfelldir fyrir að valda hættu fyrir aðra flugumferð með aðgæsluskorti sínum. Litlu munaði að flugvélar, önnur með 258 manns um borð og hin 145 manns um borð, hefðu rekist saman. Í ákæruskjali var háttsemi þeirra talin varða 1. mgr. 168. gr. en áskilnaður er gerður um ásetning í þeirri málsgrein. Þótti mega dæma eftir 2. mgr. skv. 3. mgr. i.f. 118. gr. laga nr. 74, 1974, um meðferð opinberra mála, þar sem verjendum hafði verið gefinn kostur á að reifa málið að þessu leyti.

<sup>187</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls.92.

<sup>188</sup> Vagn Greve, Asbjørn Jenssen, Poul Dahl Jenssen og Gorm Toftegaard Nielssen: *Kommenteret straffelov. Speciel del*, bls. 356



sakarreglu. Hins vegar er gáleysi ekki alltaf nægilegt til að draga menn til ábyrgðar samkvæmt 215. gr. hgl. um manndráp af gáleysi.<sup>189</sup>

Í danskri dómaframkvæmd hefur þróunin orðið sú að fallið er frá ákæru um brot gegn umferðarlögum hjá öikumönnum bifhjóla, þegar þeir hafa gerst sekir um brot á ákvæði 241. gr. dk. hgl., ef þeir hafa með háttsemi sinni valdið nánnum ættingja líkamstjóni. Tæmir þá ákvæði 241. gr. dk. hgl. sök gagnvart umferðarlögum.<sup>190</sup>

Búið er að breyta ákvæðinu nokkrum sinnum síðastliðin tíu ár. Það hefur helst verið gert í þeim tilgangi að hækka refsirammann. Efri mörk hans hafa verið hækkuð úr 4 árum upp í 8 ár, ef sérstakar refsipýngingarástæður eru fyrir hendi. Í athugasemdum með frumvarpinu má sjá að markmið þyngingarinnar er aðallega það að taka á ölvunarakstri og akstri sem þykir sérstaklega ófyrirleitinn. Tilgangurinn var ekki sá að refsipýngingin leiddi til aukinnar notkunar á ákvæði 56. gr. um skilorðsbundna dóma, eða blandaða dóma með samfélagsþjónustu sem skilyrði. Í athugasemdum við lagafrumvarpið kemur fram að gert var ráð fyrir að „sérstaklega ófyrirleitinn akstur“ yrði skilinn í samræmi við sambærilegt ákvæði í umferðarlögunum.<sup>191</sup>

Mörgum hefur þótt norsk dómaframkvæmd benda til þess, að í Noregi sé gáleysismarkið sett hærra en í nágrannalöndunum Svíþjóð, Danmörku og Finnlandi. Norsku fræðimennirnir Johs. Andenæs og Ragnar Hauge gerðu samanburðarkönnun á framkvæmd dómstóla varðandi hegningarlagaákvæði um manndráp af gáleysi. Niðurstöður þeirra voru þær að norskir dómstólar væru mun varfærnari við beitingu ákvæðisins en dómstólar á hinum Norðurlöndunum.<sup>192</sup> Þótti það benda til þess að í Noregi væri gáleysismarkið fyrir manndráp sett hærra en í nágrannalöndunum, og aðeins beitt í grófustu tilfellunum. Þá nægir að beita öðrum refsíákvæðum en ákvæðinu um manndráp af gáleysi í Noregi, eins og t.d. ákvæðum úr norsku umferðarlögunum um gáleysislegan akstur.<sup>193</sup>

---

<sup>189</sup> Vagn Greve, Asbjørn Jenssen, Poul Dahl Jenssen og Gorm Toftegaard Nielssen: *Kommenteret straffelov. Speciel del*, bls. 352-353

<sup>190</sup> Vagn Greve, Asbjørn Jenssen, Poul Dahl Jenssen og Gorm Toftegaard Nielssen: *Kommenteret straffelov. Speciel del*, bls. 355.

<sup>191</sup> Vagn Greve, Asbjørn Jenssen, Poul Dahl Jenssen og Gorm Toftegaard Nielssen: *Kommenteret straffelov. Speciel del*, bls. 356.

<sup>192</sup> Johs. Andenæs og Ragnar Hauge: „Uaktsomt drap“, bls. 1-32 og Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíábyrgð II*, bls. 130.

<sup>193</sup> Johs. Andenæs og Ragnar Hauge: „Uaktsomt drap“, bls. 28.

## 14 Dómar um manndráp af gáleysi

Flestir dómar sem fallið hafa í tengslum við ákvæði 215. gr. hgl. um manndráp af gáleysi tengjast að einhverju leyti atvikum úr umferðinni. Það er ákveðin hættu tengd farartækjum, og við minnsta gáleysi getur orsakast mikið tjón.

Þegar háttsemi er nauðsynleg til að afstýra slysum eða öðrum óförum, geta neyðarréttarreglur leitt til sýknu og refsileysis þegar mannsbani hefur hlotist af. Neyðarakstur í eftirfarandi dómi Hæstaréttar frá 1993 er dæmi um það.

*Hrd. 1993, bls. 2370. (Neyðarakstur sjúkrabíls)*

Ákærða var gefið að sök að hafa ekið sjúkrabifreið inn á gatnamót án nægilegrar aðgæslu og langt yfir leyfilegum hámarks hraða, með þeim afleiðingum að bifreiðin rakst á aðra bifreið með þeim afleiðingum að tvær manneskjur í þeirri bifreið létust. Ákærði, sem var ökumaður sjúkrabifreiðarinnar, var í neyðarakstri, þar sem erindi hans og féлага hans sem einnig voru í bifreiðinni, var að liðsinna barni í andnað, en á miðri leið fengu þeir boð um að barnið væri hætt að anda. Lífshagsmunir voru í húfi og mikilvægt að ferð þeirra tæki sem skemmstan tíma. Þegar ákærði var á leið austur og upp Breiðholtið á miklum hraða með viðvörunarljós og hljóðmerki, varð hann var við bifreiðar við gatnamót Breiðholtið og Seljaskóga. Biðskylda var gagnvart Breiðholtið, en ákærði kvaðst hafa dregið úr ferð sinni, en þegar önnur bifreiðin var komin vestur yfir hægri akrein Breiðholtið, og hin hafði stöðvað við gatnamótin, jók hann hraða sjúkrabifreiðarinnar aftur. Þá var seinni bifreiðinni ekið hægt út á Breiðholtið í veg fyrir sjúkrabifreiðina. Ákærði var sýknaður af ákæru um manndráp af gáleysi, þar sem ekki var talið að aksturslag hans hefði verið óeðlilegt miðað við þær aðstæður sem fyrir hendi voru. Ákærði hlaut að treysta því að forgangsréttur sinn yrði virtur þegar hann sá bifreiðina kyrrstæða við biðskyldumerkið.

Hins vegar var neyðarakstur ekki talinn duga til sýknu í dómi *Hrd. 1967, bls. 496*. þar sem ákærði ók slökkvibifreið óhæfilega hratt inn á gatnamót Hverfisgötu og Snorrabrautar á móti rauðu ljósi og án þess að draga úr hraða bifreiðarinnar. Þegar viðurlög voru ákveðin á hendur ákærða var þó litið til þess að hann hugðist samkvæmt starfsskyldu sinni hraða sér á vettvang, þar sem hann taldi mannlíf í hættu vegna eldsvoða.

*Hrd. 12. febrúar 2009 (430/2008). (Háskalegur akstur á Garðskagavegi)*

H var ákærður fyrir að hafa ekið bifreið langt yfir leyfðum hámarks hraða og án aðgæslu yfir á rangan vegarhelming miðað við akstursstefnu. Afleiðingarnar voru þær að bifreiðin lenti í árekstri við aðra bifreið sem kom úr gagnstæðri átt, en ökumaður þeirrar bifreiðar og farþegi létust. Brot H varðaði við 215. gr. hgl., en það var talið yfir skynsamlegan vafa að H hefði ekið bifreiðinni á ofsahraða þegar slysið varð og ekkert benti til þess að rekja hafi mátt slysið til ástands bifreiðarinnar eða aðstæðna á veginum. Háttsemi H var stórkostlega háskaleg og olli dauða tveggja manna, en hann sjálfur hlaut töluverða áverka við slysið. Við mat á refsingu var tekið tillit til ungs aldurs H, og að hann hefði ekki gerst sekur um refsiverðan verknað áður. Einnig var litið til þess að hann sjálfur hlaut töluverða áverka við slysið, og ekki var víst að annar þeirra sem lést hefði verið í öryggisbelti.

*Hérd. Reykn. 15. apríl 2011 (S-749/2010). (Manndráp af gáleysi í Reykjanesbæ)*

Ákærði J, var sakaður um að hafa með stórkostlega háskalegri háttsemi verið valdur að dauða tveggja stúlkna og því að sú þriðja stórslasaðist í umferðarslysi í Reykjanesbæ í apríl 2010.

Hann var ákærður fyrir manndráp og líkamsmeiðingar af gáleysi auk brota á umferðarlögum. J, sem fæddur er árið 1991, ók bifreiðinni langt yfir leyfilegum hámarkshraða og var auk þess undir áhrifum áfengis við aksturinn. Hann ók bílnum fyrst utan í ljósastaur hægra megin við veginn, en því næst fór hann yfir götuna til vinstri þar sem bifreiðin valt og endastakkst með þeim afleiðingum að þrjár stúlkur, sem voru farþegar í bílnum, köstuðust út og hlutu mjög alvarlega líkamsáverka. Tvær stúlkanna létust af völdum áverkanna kvöldið eftir slysið, en þriðja stúlkann stórslasaðist. J sagðist hafa fundið til áfengisáhrifa og þreytu við aksturinn, en hann kvaðst hafa verið búinn að vaka í um 18 klukkustundir þegar slysið varð. Ákærði játaði sök, að öðru leyti en því að hann kvaðst ekki hafa ekið bifreiðinni langt yfir leyfilegum hámarkshraða, en hann kvaðst lítið muna eftir ökuferðinni. Við ákvörðun refsingar var tekið mið af því að hann olli dauða tveggja ungra stúlkna og að sú þriðja stórslasaðist, en á hinn bóginn var lítið til þess að stúlkurnar voru ekki með öryggisbelti spennt, en það kann að hafa átt þátt í því að bani hlaust af, sem og alvarlegri líkamsmeiðsli en ella.

Sjá má af þeim dómum sem hér hafa verið reifaðir að í mörgum tilvikum þegar um manndráp af gáleysi er að ræða, þá tengist það umferðarslysum. Þó hafa einnig gengið dómur í Hæstarétti þar sem ákært hefur verið og dæmt fyrir manndráp af gáleysi á sjó.

*Hrd. 2000, bls 2756 (176-2000). (Pallbill með of marga farþega)*

B var ákærður og sakfelldur fyrir manndráp af gáleysi skv. 215. gr. hgl. og umferðarlagabrot (1.mgr. 4. gr., 2.mgr. 73. gr., 1. mgr. og c- og h- liðum 2. mgr. 36. gr., sbr. 1.mgr. 100. gr. umfl.) með því að hafa ekið of hratt og án nægilegrar aðgæslu í mikilli hálku á vegarkafli vestur Ólafsvíkurveg í beygju við Skógarnesafleggjarann. Sex farþegar voru í bifreiðinni, en hún var einungis ætluð fyrir fjóra farþega. Tveir ungir drengir voru á pallhýsi bifreiðarinnar. B missti vald á bifreiðinni, sem fór út af veginum og valt með þeim afleiðingum, að pallhýsið losnaði og drengirnir köstuðust af bifreiðinni og annar þeirra lést. B var talinn hafa sýnt af sér vítavert gáleysi með því að flytja drengina á palli bifreiðarinnar, án nokkurs öryggisbúnaðar. Það að flytja þá í pallhýsinu gerði auknar kröfur til B um að gæta ítrustu varkárni á akstri. Talið var sannað að B hefði ekið of hratt og ekki sýnt nægilega aðgæslu, þá sérstaklega með hliðsjón af ástandi vegarins og farþegunum á palli bifreiðarinnar. B var dæmdur í þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi, auk þess sem hann var sviptur ökuréttindum í eitt ár.

Sjá má af þeim dómum sem hér hafa verið reifaðir að í mörgum tilvikum þegar um manndráp af gáleysi er að ræða, þá tengist það umferðarslysum. Athygli vekur, að þrátt fyrir þónokkra almenna hættu sem fylgir umferðinni, og þrátt fyrir að gáleysi í framangreindum dómum sé þónokkuð mikið, þá er 4. mgr. 220. gr. ekki beitt.

Einnig hafa gengið dómur í Hæstarétti þar sem ákært hefur verið og dæmt fyrir manndráp af gáleysi á sjó.

*Hrd. 10. mars 2007 (429/2006). (Skemmtibáturinn Harpa/Skarfasker)*

J var sakfelldur fyrir að hafa, sem skipstjóri skemmtibátsins Hörpu verið á siglingu með fjóra farþega undir áhrifum áfengis við stjórn bátsins, og ekki haft gát á siglingaleiðinni. Siglt var í næturmyrkri og slæmu skyggni, en skúraveður var og vindstrekkingur og því voru aðstæður til siglingar skemmtibáts óhagstæðar. J var talinn hafa með stórfelldri vanrækslu í skipstjórastarfi orðið valdur að því að báturinn steytti á Skarfaskeri á allt að 17 sjómílna hraða, með þeim afleiðingum að farþeginn X lést og farþeginn Y hlaut verulega áverka. Hann var sakfelldur fyrir að hafa ekki gert ráðstafanir til bjargar farþegunum fjórum eftir að báturinn, sem var stórlega laskaður, losnaði af skerinu um 20 mínútum eftir ásiglinguna. Hann hvorki leitaði aðstoðar

björgunarliða né sigldi skemmstu leið í land, heldur tók stefnuna austur Viðeyjarsund, þar sem bátnum hvolfdi skömmu síðar. Afleiðingarnar voru þær að farþeginn Z drukknaði en Y hlaut ofkælingu. Í héraðsdómi sagði: „Samkvæmt öllu framansögðu og að því virtu að ákærði sigldi Hörpunni á allt að 17 sjómílna hraða á Skarfasker, í náttmyrkri og slæmu skyggni, verður ekki ályktað á annan veg en að orsök slyssins megi rekja til fífldirfsku ákærða, kunnáttuleysis, dómgreindarleysis eða ölvunar, nema að þar fari saman fleiri en einn orsakavaldur. Ber því að refsa ákærða fyrir brot á 1. mgr. 7. gr., sbr. 239. gr. siglingalaga, sem og fyrir brot á 1. mgr. 238. gr., enda um stórfelldar yfirsjónir og vanrækslu að ræða, sem leiddu með beinum hætti til árekstrarins á skerid.“ Enn fremur sagði í héraðsdómi: „Óháð því hvort Z drukknaði þegar bátnum hvolfdi eða einhverju áður telja dómendur einsætt að hún hefði lifað sjóslysið af, ef ákærði hefði brugðist við slysinu með eðlilegum hætti, þ.e. með því að gefa upp staðsetningu bátsins og óska tafarlaust eftir aðstoð björgunarliða, í framhaldi af því annað hvort sjósetja björgunarbát, halda Hörpunni við skerid, eða í versta falli að sigla henni stystu leið til lands, um 300 metra spöl til suðurs, í stað þess að halda í austurátt frá skerinu eftir að leki var kominn að bátnum og sjór flæddi inn í hann. Með aðgerðum sínum og aðgerðarleysi innsiglaði ákærði örlög Z, sem var neðan þilja hjá látnum unnusta sínum. Ber ákærði óskoraða ábyrgð á dauða hennar og ber því jafnframt að refsa honum fyrir brot á 215. gr. hegningarlagna.“

Í dómi þessum virðist ákærði ekki leggja sig fram um að koma farþegum sínum til bjargar, heldur stofnar hann lífi þeirra í augljósa hættu af fífldirfsku, kunnáttuleysi, dómgreindarleysi eða ölvunar, nema að þar fari saman fleiri en einn orsakavaldur. Hann sýndi af sér stórkostlegt gáleysi þar sem hann var undir áhrifum áfengis við stjórn bátsins, og gætti ekki að siglingarleiðum þegar siglt var í næturmyrkri og slæmu skyggni. Þegar bátinn steytti á skerinu lést X, en það verður að telja ákærða til gáleysis. Hins vegar lést Z þegar hún drukknaði, en það mátti rekja til aðgerða og aðgerðarleysis ákærða, þar sem hann ítrekað neitaði að gefa upp staðsetningu bátsins þegar neyðarlínan innti hann eftir því. Eflaust hefði verið erfitt að sanna þennan ásetning ákærða til þess að valda mannstjóni, þar sem í fyrsta lagi þurfti að sanna að hann hefði verið við stjórn bátsins þegar slysið átti sér stað.

*Hrd. 1994, bls. 878. (312/1993). (Árekstur Eleseusar og Sæfugls í mynni Patreksfjarðar)*

N var ákærður og sakfelldur fyrir að hafa með yfirsjónum og vanrækslu sem skipstjóri Eleseusar orðið valdur að árekstri Eleseusar og Sæfugls í mynni Patreksfjarðar, þegar hann sigldi Eleseusi á Sæfugl. N hafði skömmu áður séð Sæfugl með skipverja að handfæraveiðum, framan við Eleseus, en Sæfugl sökk nær samstundis við áreksturinn. H, sem var eini skipverji Sæfugls, lenti í sjónum í skamma stund, en hann lést síðar af kulda og vosbúð. Ákærði hélt því fram að Sæfugl hefði siglt í veg fyrir sig, en telja verður nánast útilokað að það hafi gerst. Matsmenn sem skoðuðu vél Sæfugls töldu yfirgnæfandi líkur á því að hún hafi ekki verið í gangi þegar báturinn sökk og einnig voru allar líkur á að færi hafi verið úti samkvæmt neðansjávarmynd af bátnum, en afar ólíklegt verður að telja að bátnum hafi verið siglt af stað með færin úti. Að lokum sýndist ákoman á Sæfugli bera það með sér að siglt hafi verið á hann kyrrstæðan. Brot ákærða voru talin varða við 1. mgr. 238. gr. siglingalaga nr. 34/1985 og 215. gr. hgl.

Ákærði var sakfelldur fyrir manndráp af gáleysi í dómi þessum, en hann varð valdur að árekstri Eleseusar og Sæfugls með vítaverðu gáleysi, með því að halda ekki vörð í stjórnþalli er hann sigldi Eleseusi á Sæfugl, þrátt fyrir að hafa skömmu áður séð Sæfugl framan við bát sinn.

*Í dómi UfR. 2006, bls. 2510. Ø- (nýársraketta)* var ákært fyrir manndráp af gáleysi skv. 241. gr., auk þess sem ákært var fyrir brot gegn 252. gr. dönsku hegningarlaganna. Ákærði var fundinn sekur um manndráp af gáleysi samkvæmt 241. gr, en sýknaður af broti gegn 252. gr. dönsku hegningarlaganna, þar sem ekki tókst að sýna fram á að hann hefði mátt gera sér grein fyrir eða vita af manneskjunum hinum megin við hæðina.

## 15 Líkamsmeiðingar af gáleysi

Ákvæði 219. gr. hgl. um líkamsmeiðingar af gáleysi er að finna í XXIII. kafla almennra hegningarlaga. Eins og fyrr segir voru dönsk hegningarlög að miklu leyti höfð til fyrirmyndar við samningu ákvæða 4. mgr. 220. gr. hgl. og 215. gr. hgl. Sama á við um ákvæði 219. gr. hgl. um líkamsmeiðingar af gáleysi, en hún hljóðar svo:

[Ef tjón á líkama eða heilbrigði, slíkt sem í 218. gr. eða 218.gr. a getur, hlýst af gáleysi annars, þá varðar það sektum eða fangelsi allt að 4 árum.]

219. gr. hgl. er tjónsbrot, en afleiðingar af broti gegn greininni verða að vera líkamsmeiðingar sem fella má undir 218. gr. eða 218. gr. a. Ákvæði 218. gr. hgl. lýsir líkamsárás, þ.e. vísitandi líkamsárás, þar sem líkams eða heilsutjón hlýst af. Í 2. mgr. 218. gr. hgl. er kveðið á um stórfellt líkams eða heilsutjón af árás, eða brot sem er sérstaklega hættulegt vegna aðferðar sem er beitt, þ.á.m. tækja sem notuð eru.

Ekki er tiltekið með tæmandi hætti hvaða aðferðir eða hvaða afleiðingar brot þarf að hafa til að falla undir 218. gr. hgl. Lögin gefa engar fastar leiðbeiningar um það hvað teljist vera líkams eða heilsutjón af árás samkvæmt ákvæði 218. gr. Þrátt fyrir að orðalag ákvæðisins sé rúmt, hefur með dómaframkvæmd myndast dómvenja um hvað telst falla undir ákvæðið. Tjón sem fela í sér varanleg meiðsli eru yfirleitt talin stórfelld. Sem dæmi má nefna að beinbrot teljast ávallt falla undir ákvæði 218. gr. hgl, en höfuðkúpubrot og lærbeinsbrot myndu teljast sem stórfelld líkamstjón.

Í dönskum rétti er krafist stórfellds líkamstjóns, líkt og í 2. mgr. 218. gr. hgl. en þar hefur verið miðað við að ef sjúkrahúsdvöl varir í lengri tíma en í nokkrar vikur, þá teljist hún jafnan nægileg til að flokkast undir „stórfellt tjón“. Þegar sjúkrahúsdvöl varir í skemmri tíma en viku er krafist meira en mánaðar óvinnufærni til að tjón teljist vera „stórfellt“.<sup>194</sup>

Unnt er að styðjast við danskan rétt í þessum dæmum til að skýra þann íslenska, því líklegt má telja að svipað yrði dæmt hér á landi. 219. gr. hgl. er sem fyrr segir ákvæði um líkamsmeiðingar af gáleysi, en þær líkamsmeiðingar flokkast ekki undir afleiðingar sem sprotnar eru af ásetningi. Aðeins hin gáleysislega viðbót við „stórfellt líkams eða heilsutjón“ er refsiverð. Það ræðst nokkuð af mati á því hvar mörkin ættu að vera dregin, hvað áverkar teljast vera miklir.

---

<sup>194</sup> Vagn Greve, Asbjørn Jenssen, Poul Dahl Jenssen og Gorm Toftegaard Nielssen: *Kommenteret straffelov. Speciel del*, bls. 378.

Minniháttar brot á handlegg, rifbeinum eða fótleggjum, auk minniháttar heilahristings eru ekki nægileg til að teljast stórfelld, þannig að unnt sé að beita 249. gr. dk. hgl um líkamsmeiðingar af gáleysi. Þau myndu því samkvæmt dönskum rétti falla utan marka ákvæðisins um líkamsmeiðingar af gáleysi.<sup>195</sup> Í dómi *UfR. 1963, bls. 694.*, tryggði yfirhúkrunarfræðingur ekki að stillingar á röntgentæki væru réttar. Hlaut sjúklingur brunasár af þeim sökum. Háttsemin var ekki talin nægilega gáleysisleg til að dæmt yrði fyrir líkamsmeiðingar af gáleysi. Hvað íslenskan rétt varðar er beiting ákvæðis 219. gr. hgl. ekki takmarkað við stórfellt líkamstjón, til að unnt sé að sakfella fyrir brot gegn 219. gr. hgl. Hér má nefna dóm *Hérd. Austl. 21.nóv 2001 (S-53/2011)*. (*Unglingsstúlka stökk fyrir bíl*) eigin sök tjónþola leiddi meðal annars til sýknu.

A var gefið að sök að hafa ekið án nægilegrar aðgæslu og of hratt miðað við aðstæður, þrátt fyrir að hann vissi eða mátti vita að unglingar væru að leik við veginn, og án þess að gefa þeim nægilegan tíma til að víkja til hliðar af götunni, með þeim afleiðingum að bifreiðin lenti á stúlkunni B, sem hlaut rispur auk þess sem hún hlaut brot á úlnlið. A var hins vegar sýknaður af ákæru um brot á 219. gr. hgl. þar sem B hafði stokkið út á veginn til að stöðva för A, í þeim tilgangi að fá að fara með á rúntinn. Ekki þótti fram komin lögfull sönnun þess að ákærði hefði ekið án nægilegrar aðgæslu og of hratt miðað við aðstæður í umrætt sinn. Hann var því sýknaður.

Hér var ákærði sýknaður af ákæru um brot á 219. gr. hgl., þar sem ekki þótti nægilega sannað að ákærði hefði ekið of hratt og án nægilegrar aðgæslu. Áverkarnir sem stúlkann hlaut voru aðeins rispur auk þess sem hún hlaut brot á úlnlið, en þær afleiðingar verða ekki taldar sem stórfellt líkamstjón, heldur eingöngu „tjón á líkama og heilbrigði“. Unglingsstúlkann átti sök á því hvernig fór.

Ákvæði 219. gr. hgl. er helst beitt í tengslum við tjón sem hlýst af í umferðinni. Í samræmi við það vísast til umfjöllunar að framan í tengslum við 215. gr. hgl. um manndráp af gáleysi. Einnig má nefna að 219. gr. um líkamsmeiðingar af gáleysi er beitt um tjón sem valdið er af gáleysi, t.d. með byssuskoti, við uppgröft eða byggingarvinnu, misheppnaðar lækniáðgerðir o.s.frv.<sup>196</sup> Í dómi *Hæstaréttar frá 1994*, var sakfellt fyrir tjónsbrot af gáleysi skv. 219. gr. hgl., en það var framið að verulegu leyti með óbeinu athafnaleysi.

*Hrd. 1994, bls 2088. (Siglinganámskeið)*

B var gefið að sök að hafa ekki sýnt nægilega varkárni, þegar hann sem leiðbeinandi á siglinganámskeiði, sigldi með átta börn um Fossvoginn, Kópavoginn og fyrir Arnarnesið. Á heimleiðinni tók ákærði sveig bakborða með þeim afleiðingum að barnið H féll útbyrðis, lenti í vélarskrúfu bátsins og hlaut við það alvarlega áverka. Ákærði var sakfelldur í héraði og Hæstarétti fyrir líkamsmeiðingar af gáleysi skv. 219. gr. hgl. Á honum hvíldu sérstakar skyldur

<sup>195</sup> Knud Waaben: *Strafferettens specielle del*, bls. 23.

<sup>196</sup> Knud Waaben: *Strafferettens specielle del*, bls. 23.

til aðgæslu og eftirlits því hann var forstöðumaður siglinganámskeiðsins og leiðbeinandi barnanna í bátum.

Sérgreind aðgæsluskylda hvíldi á B, þar sem að börnunum steðjaði augljós hættu ef ekki var gætt fyllstu varkárni. Einnig bar ákærða að gæta mikillar varúðar við stjórn bátsins miðað við gerð hans og ásigkomulag. Felur þetta í sér nokkurs konar varúðarskyldu við stjórn hættulegra vélknúinna farartækja. Að lokum var ákærði umráðamaður bátsins, og bar ábyrgð á búnaði hans og hleðslu.<sup>197</sup>

Vélknúin farartæki eins og bifreiðar, skip og flugvélar geta verið mjög hættuleg, ef ekki er gætt fyllstu varkárni við stjórn þeirra. Sérstaklega erfitt er að greina á milli hvort mistök megi rekja til athafna eða athafnaleysis við stjórn ökutækja. Auðveldara er að greina á milli þess við stjórn flugvéla og skipa. Dæmi um það er að finna í dómi Hæstaréttar frá árinu 1952.

*Hrd. 1952, bls. 604.(Geysir)*

Flugvélin Geysir var á leið frá Lúxemborg til Reykjavíkur 14. september 1950, þegar henni var stýrt af rétttri leið, með þeim afleiðingum að hún brotlenti á Vatnajökli. Tveir úr áhöfn vélarinnar hlutu þónokkur meiðsli í flugslysinu, og flugvélin geryðilagðist. Gegn flugstjóra vélarinnar og flugleiðsögumanni var höfðað mál, þar sem þeir voru ákærðir m.a. fyrir brot gegn loftferðalögum og XXIII. kafla hgl. Mistök flugleiðsögumannsins um staðarákvarðanir voru taldar meginorsök slyssins. Var einnig talið að flugstjórinn hefði átt að fylgjast betur með staðsetningum og leiðarreikningi flugvélarinnar og fullvissa sig um, að flugvélin væri örugglega ofar fjöllum eftir að hún tók að nálgast landið. Var hann talinn samvaldur að slysinu þar sem hann gætti ekki skyldu sinnar að þessu leyti, og voru brot hans talin varða við loftferðalög og 219. gr. hgl.

Afleiðingar líkamstjóns koma ekki ætíð fram strax við verknað eða í kjölfar hans, heldur getur það tekið lengri tíma. Vafi getur skapast um rétta heimfærslu til refsíákvæða í þeim tilvikum.<sup>198</sup> Má í því tilviki nefna dóm *Hérd. Rvk. (S-767/2009). (Hummer bifreið)*

*Hérd. Rvk. 31. ágúst 2009 (S-767/2009). (Hummer bifreið)*

J var m.a. gefið að sök að hafa aðfararnótt laugardagsins 24. janúar 2009 ekið hummer bifreið undir áhrifum ávana- og fíkniefna, og þannig verið óhæfur til að stjórna henni örugglega. Hann var talinn hafa ekið of hratt miðað við aðstæður, án nægilegrar aðgæslu og tillitssemi, með of marga farþega um borð í bifreiðinni, auk þess sem hann hafði ekki tilskilin ökuréttindi. Ákærði ók á H sem var á göngu yfir Laugavegin ásamt félögum sínum. Hægra framhorn bifreiðarinnar lenti á H, sem festist við bifreiðina, dróst með henni og lenti H að lokum undir hægra afturhjóli hennar. H hlaut alvarlega höfuðáverka, og mörg brot sem náðu til höfuðkúpu og andlitsbeina og H marðist einnig á heila. J ók af vettvangi án þess að sinna lögboðnum skyldum sínum við áreksturinn. Athæfi J var talið varða við 219. gr. hgl. ásamt ýmsum ákvæðum umfl.

Í þjóðfélaginu spruttu heitar umræður um dóm Héraðsdóms. H hlaut gríðarlega alvarlega höfuðáverka, en í dóminum kom fram að hann þyrfti að búa við vitræna skerðingu og algera örorku ævilangt. Dómurinn sem ákærði hlaut var þriggja og hálfis árs fangelsi, en tjónþoli,

<sup>197</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíbyrgð I*, bls. 101-102.

<sup>198</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíbyrgð I*, bls. 74.



sem örkuðist við slysið, lést rúmu ári seinna. Þar sem dómurinn var kveðinn upp fyrir andlát tjónþola, var einungis ákært og sakfelld fyrir líkamsmeiðingar af gáleysi, þrátt fyrir að endanlegar afleiðingar af slysinu hafi verið andlát.

Velja má fyrir sér hvort ekki hafi staðið ásetningur til líkamsmeiðinganna, eða jafnvel ásetningur til manndráps, en vitni sagði hummer bifreiðina hafa verið á óvenju mikilli ferð og aldrei hafa hægt á sér eftir að hafa ekið á manninn. Ákærði virtist bera vott um kaldlyndi og skeytingarleysi, er hann áleit að banaslys hefði orðið, en þetta mátti greina af símboðum frá honum eftir slysið. Einnig má velja fyrir sér hvort ekki hefði mátt ákæra fyrir brot gegn 4. mgr. 220. gr. Í þessu máli þar sem mikil umferð gangandi vegfarenda er að jafnaði á Laugavegi, jafnt að degi sem nóttu þegar skemmtistaðir borgarinnar eru opnir. H var í för með félögum sínum þegar slysið varð, og því má spyrja sig hvort þeim hafi ekki verið stofnað í hættu með háttalagi J, og hvort hending ein hafi ráðið því hver varð fyrir bílnum. Hér vísast til dóms *Hrd. 1989, bls. 306. (Maður á reiðhjóli ekinn niður á Laugavegi)* sem fyrr er reifaður í kafla 7.3. Þar var ákærði m.a. talinn hafa stofnað gangandi vegfarendum í augljósa hættu, þegar hann ók upp á gangstétt þannig að þeir áttu fótum sínum fjör að launa. Þar var talið sannað samkvæmt framburði vitna að fólk hafi verið á gangstéttinni er ákærði ók eftir henni.

Einnig má benda á fyrrreifaðan dóm *Hrd. 1993, bls. 1081. (Ofsaakstur frá Reykjavík til Mosfellsbæjar)* sem rökstuðning fyrir því að beita hefði mátt 4. mgr. 220. gr. ásamt 219. gr. hgl. í dómi Hérð. Rvk. nr. (S-767/2009). Þar (*Ofsaakstur frá Reykjavík til Mosfellsbæjar*) hlaust alvarlegt líkamstjón af ákeyrslu ákærða á lögreglubifreið, en afleiðingar líkamstjónsins voru taldar varða við 219.gr. hgl. Litlu munaði að afleiðingarnar hefðu orðið mun meiri, þar sem lögreglumanninum var bjargað út úr bifreiðinni skömmu áður en hún varð alelda. Sakfelld var fyrir 4. mgr. 220. gr. hgl. í þeim dómi, þar sem hann stofnaði lífi og heilsu annarra vegfarenda í hættu með ofsaakstri sínum innanbæjar.

Úr réttarframkvæmd má sjá að ákvæðinu er m.a. beitt í umferðarslysum, þar sem menn hafa hlotið t.d. varanlegt tjón, höfuðkúpubrot, mjaðmagrindarbrot,<sup>199</sup> minnkaða hreyfigetu í fótleggjum, langvarandi óvinnufærni, skemmdir á kviðarholi, lærbeinsbrot, varanlegan augnskaða, andlitsáverka með víðtækari afleiðingum og fleiri þess háttar alvarleg tjónstíffelli,

---

<sup>199</sup> Hrd. 1996, bls. 2059. S var ákærður og sakfelldur fyrir brot gegn 219. gr. hgl. auk umfl. fyrir að hafa ekið bifreið of hratt og ógætilega undir áhrifum áfengis og neytt áfengis við aksturinn eftir þjóðveginum frá Reykjarfirði og sem leið liggur inn í Fossfjörð. Ákærði missti stjórn á bifreiðinni með þeim afleiðingum, að farþegi í henni slasaðist alvarlega, og hlaut m. a. brot á framanverðri mjaðmargrind og brot í spjaldbeini hægra megin.

þar sem afleiðingarnar eru varanlegar. Nefna má dóm Hæstaréttar varðandi augnskaða þar sem sakfelldur var fyrir líkamsmeiðingar af gáleysi, en sýknað af broti gegn 4. mgr. 220. gr. Atvik áttu sér þó ekki stað í tengslum við umferðarslys í dómi þessum.

*Hrd. 1991, bls. 494. (Augnskaði)*

Ákærði sat með fleiru fólki í Geirsbúð og var orðinn lítillaga ölvaður þegar dyravörður bað fólk um að fara út fyrir. Ákærði sagðist vera að klára úr glasinu og spurði hvaða læti þetta væru. Við það urðu stimpingar milli ákærða og dyravarðarins, sem fóru svo að dyravörðurinn náði að koma ákærða út og lokaði dyrunum. Ákærði missti gleraugun sína í stimpingunum og var allur rifinn og tættur. Hann var reiður og vildi fá gleraugun aftur, þannig að hann sló með krepptum hnefa í rúðu úr útidyrnum, með þeim afleiðingum að hún brotnaði og brot úr henni skaust í auga B sem stóð fyrir innan hurðina, þannig að B blindaðist á auganu. Í héraðsdómi, sem staðfestur var í Hæstarétti var ekki unnt að fallast á að ákærða hafi verið ljóst, að hann stofnaði lífi og heilsu fólks, sem í veitingastofunni var, í augljósan háská með því að slá í rúðuna. Því var hann sýknaður af þeim ákærulið. Aftur á móti hlaut ákærða að vera ljóst, að hann gat valdið meiðslum með þessu athæfi sínu, sem reyndist raunin, en með þessu gerðist hann brotlegur við 219. gr. hgl.

Í dómi *Hrd. 2000, bls 1748 (63/2000). (Neyðarakstur lögreglumanns)* var um að ræða sýknu af ákæru um líkamsmeiðingar af gáleysi, vegna bilunar í hemlabúnaði lögreglubifreiðarinnar.

*Hrd. 2000, bls 1748 (63/2000). (Neyðarakstur lögreglumanns)*

Lögreglumaðurinn F var ákærður fyrir brot gegn 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, brot gegn ýmsum ákvæðum umferðarlaga nr. 50/1987 og reglum nr. 101/1988 um neyðarakstur með því að hafa ekið lögreglubifreið neyðarakstri án nægilegrar aðgæslu með þeim afleiðingum að hún skall á bifreið, sem ekið var á grænu ljósi yfir gatnamót, og slasaðist ökuamaður þeirrar bifreiðar lífshættulega. Eins og málið lá fyrir þótti ekki útilokað að bilunar hefði gætt í hemlum lögreglubifreiðarinnar þegar atvikið gerðist og að F hefði tekist að komast hjá árekstrinum ef þeir hefðu virkað með eðlilegum hætti. Við meðferð málsins fyrir héraðsdómi höfðu fjórir lögreglumenn borið að þeir hefðu orðið varir við bilun í hemlun bifreiðarinnar ýmist fyrir umrætt atvik eða eftir það. Þann vafa sem lék á um orsakir slyssins þótti verða að skýra F í hag. Ekki þóttu sérstök atvik hafa staðið til þess að nauðsynlegt væri að nota hljóðmerki til að vara aðra vegfarendur við neyðarakstri F. Var hann ekki talin hafa brotið gegn reglum nr. 101/1988 um neyðarakstur. Samkvæmt þessu var staðfest niðurstaða héraðsdóms um að sýkna F af kröfum ákæruvaldsins.

Í dómi þessum er vafi um orsakir slyssins sem skýrðar eru ákærða í hag. Velta má fyrir sér hvort ekki hefði átt að gera við bremsubúnaðinn og hvort ekki hefði átt að kvarta yfir ástandi bílsins fyrir slys. Það vekur upp efasemdir að sýkna byggist á framburði vinnufélaga sem geti komið með staðhæfingar eftir á. Hins vegar ber að túlka vafa ákærða í hag, og ekki væri réttara að dæma manninn sekan um líkamsmeiðingar af gáleysi.

Stundum kemur fyrir að ákvæði um manndráp af gáleysi og ákvæði um líkamsmeiðingar af gáleysi er beitt saman, en sem dæmi um það mætti m.a. nefna dóm *Hrd. 1982, bls. 124. (Kappakstur á Sudurnesjum)*, en þar var ákærði sakfelldur fyrir brot gegn 215. gr. og 219. gr. hgl. auk 4. mgr. 220. gr. hgl. Einnig má nefna nýlegri dóm Hæstaréttar, frá árinu 2008.

*Hrd. 6. nóvember 2008 (365/2008). (Árestur við framúrakstur á Suðurlandsvegi)*

Þ var ákærður og sakfelldur fyrir að hafa ekið bifreið sinni of hratt miðað við aðstæður og á röngum vegarhelmingi, sem leiddi til þess að hann lenti í árekstri við bifreiðina X, sem kom úr gagnstæðri átt. Einn farþegi í þeirri bifreið lést, annar farþegi lamaðist á fótum, ökumaður þeirrar bifreiðar rifbrotnaði og marðist á brjóstakassa, kviðvegg og hné, auk þess sem farþegi í bifreið Þ lét lífið. Í dómi héraðsdóms, sem staðfestur var með vísan til forsendna, var talið sannað með vitnisburði tveggja vitna að Þ hefði í umrætt sinn ætlað sér að aka fram úr vörubifreið og í því skyni ekið yfir á rangan vegarhelming. Akstur Þ var talinn gáleysislegur og vítaverður miðað við þær aðstæður sem á vettvangi voru og varðaði brot hans við 215. og 219. gr. almennra hegningarlaga, auk ýmissa ákvæða umferðarlaga. Refsiábyrgð vegna þessara afleiðinga varð felld á ákærða, enda var ótvírætt um að ræða vávæna afleiðingu þeirra brota hans gegn umferðarögum sem hann var sakfelldur fyrir. Í þeim efnum gat engu breytt þótt ákveðin óvissa væri um það hvernig notkun bílbelta var háttáð í bifreið X, en vörn ákærða beindist að hluta til að því atriði. Við mat á refsingu Þ var meðal annars litið til þess að hann hafði í alls níu skipti eftir umrætt slys verið staðinn að hraðakstri. Að þessu virtu þótti refsing hans hæfilega ákveðin 12 mánaða fangelsi en ekki þótti stætt á að skilorðsbinda refsingu Þ að hluta.

Ákærði sýndi af sér stórfellt og vítavert gáleysi með umræddum akstri sínum og olli með honum dauða og umtalsverðu líkamstjóni.

### **15.1 Breyting á refsiramma ákvæðis 249. gr. dk. hgl. um líkamsmeiðingar af gáleysi**

Árið 2002 var refsiramminn hækkaður, þar sem efsta stig hans hækkaði úr mest fjögurra ára fangelsi upp í allt að átta ára fangelsi. Samkvæmt athugasemdum sem fylgdu lagafrumvarpinu varðandi fyrirhugaðar breytingar, var lagt til að þyngja refsinguna fyrir líkamsmeiðingar af gáleysi, sem ættu sér stað í tengslum við ölvunarakstur eða sérstaklega ófyrirleitinn akstur. Gert var ráð fyrir sambærilegri hækkun í dómsmálum tengdum 241. gr. dönsku hgl. Í dómsmálum varðandi töluvert líkamstjón, sem tengdust ölvunarakstri, var t.d. lagt til að refsa ætti með tveggja til fimm mánaða fangelsi, þar sem refsistigið var áður í kringum einn til þrjár mánuðir. Tilgangurinn með hækkun refsirammans var ekki sá að áhrifin ættu einnig að koma fram í aukinni beitingu skilorðsbundinna dóma samkvæmt 56. gr. dk. hgl., blönduðum dómum samkvæmt 58. gr. dk. hgl., eða skilorðsbundnum dómum með samfélagsþjónustu sem skilyrði. Árið 2005 var 2. mgr. bætt inn í ákvæðið, en með því var ætlunin að þyngja refsingu fyrir brot af gáleysi sem hefur í för með sér töluvert líkamstjón, sem framið er með sérstaklega ófyrirleitnum akstri. Var leitast við að refsingin í þessum tilfellum yrði jafn ströng og refsing fyrir manndráp af gáleysi, sem framið væri við ölvunarakstur, þ.e.a.s. akstur með áfengisprómill yfir 0,50.<sup>200</sup>

---

<sup>200</sup> Vagn Greve, Asbjørn Jenssen, Poul Dahl Jenssen og Gorm Toftegaard Nielssen: *Kommenteret straffelov. Speciel del*, bls. 380.

## 16 Manndráp og líkamsmeiðingar af gáleysi og tengsl þeirra við samþykki

Í XXIII. kafla hegningarlaganna er að finna umfjöllun um manndráp og líkamsmeiðingar, ásamt nokkrum tegundum hættubrota. Líf og líkami manna, ásamt heilsu njóta víðtækrar friðhelgi og verndar samkvæmt lögum. Brotapola dugir því yfirleitt ekki að samþykkja verknað til að leysa gerendur brota af því tagi undan refsíabyrgð.

Í fyrrnefndum kafla eru 211.-214. gr. og 217.-218. gr. hgl. ásetningsbrot, en 215. gr. og 219. gr. eru gáleysisbrot. Í 213. gr. hgl. er að finna sérákvæði um manndráp sem framið er að beiðni brotapola. Refsimörk þess eru mun mildari en refsímörk samkvæmt 211. gr. Um samþykki til líkamsmeiðinga gildir 2. mgr. 218. gr. a., en samþykki til líkamsárásar og líkamsmeiðinga sem flokkast undir að vera meiriháttar (218. gr.) gerir það að verkum, að refsingu sem ella væri unnið til, má lækka. Hins vegar er samþykki refsileysisástæða þegar verknaður varðar við 217. gr. hgl.<sup>201</sup> Til er dómur *Sakadóms Reykjavíkur frá 20. febrúar 1987*, þar sem brotapolí krafði féлага sinn um að gelda sig. Brotapolí hlaut minniháttar líkamsáverka af völdum ákærða fyrir beiðni brotapola sjálfs. Ákærði var sýknaður með stoð í 2. mgr. 218. gr. a., þar sem verknaðurinn þótti aðeins varða við 217. gr. hgl. Í niðurstöðu dómsins sagði að þótt verknaðurinn væri fjarstæðukenndur, þá hefði ekkert komið fram, er benti til þess, að brotapolí hefði verið ófær um að gefa samþykki sitt til þessa verknaðar.

Svipaðar reglur gilda um gáleysisbrotin og um ásetningsbrotin, þ.e. 215. gr. (manndráp af gáleysi) og 219. gr. (líkamsmeiðingar af gáleysi), en í því sambandi á einnig að skoða 4. mgr. 220. gr. Sú almenna regla gildir um áhrif samþykkis, að þótt brotapolí hafi fallist á þá gáleysislegu háttsemi sem leiðir til líkamstjóns eða dauða, þá stendur refsíabyrgð geranda samt sem áður. Í dómi *Hrd. 1982, bls. 124. (Kappakstur á Suðurnesjum)* kom fram í niðurstöðu dómsins, að samþykki farþeganna í bifreiðum ákærðu leiddi til lækkunar við mat á refsingu ákærðu skv. 4. mgr. 220. gr. hgl., og að líta þyrfti á það sem málsbætur. Samþykki farþeganna var hins vegar ekki talið leysa ákærðu undan refsingu fyrir brot á ákvæðum hgl. Samþykki og viljaafstaða brotapola skiptir máli við mat á því, hvort háttsemi geranda var forsvaranleg eða ekki.<sup>202</sup>

Samþykki getur verið gagnkvæmt eða einhliða. Ýmiss konar leikir, íþróttir og starfsemi fela í sér áhættusamar athafnir, sem geta jafnvel haft í för með sér meiðsl eða dauða. Refsileysi gildir aðeins jafn langt og samþykkið nær. Það að aðili taki þátt í slagsmálum þarf ekki endilega að skiljast sem svo að hann hafi samþykkt að hnífi eða öðru hættulegu vopni sé

<sup>201</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og Refsíabyrgð III*, bls. 174.

<sup>202</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og Refsíabyrgð III*, bls. 175.

beitt.<sup>203</sup> Nefna má önnur dæmi, eins og t.d. sá sem tekur þátt í fótboltaleik og fer meðvitað í manninn í staðinn fyrir boltann, eða að annar aðilinn í hnefaleikum slær meðvitað fyrir neðan beltisstað. Sá sem hagar sér með þessum hætti getur ekki skýlt sér á bakvið reglurnar um samþykki. Hins vegar getur verið vafi um það hvar mörkin eigi liggja.<sup>204</sup>

Þátttakendur í íþróttakeppni, eða þeir sem gangast undir lækniáðgerð, eru meðvitaðir um áhættuna en þrátt fyrir það vilja þeir samt sem áður taka þátt. Það er mikilvægt er að farið sé eftir viðurkenndum leikreglum, hvort sem það eru viðurkenndar læknisfræðilegar aðferðir eða leikreglur í íþróttum. Brot á leikreglum eitt og sér, leiðir ekki til þess að til bótaábyrgðar (refsingar) stofnist. Annað og meira þarf til.<sup>205</sup> Það á bæði við um áhuga- og atvinnumanna íþróttir að leikreglurnar hafa mikla þýðingu fyrir það hvað íþróttamaðurinn telst hafa samþykkt.<sup>206</sup> Sé farið eftir leikreglunum, er möguleiki á að afleiðingar er af hljóttast, kunni að vera refsilausar með öllu. Séu þær hins vegar ekki virtar og háskaleikur hafður í frammi, gæti gerandi skapað sér bótaábyrgð, og ákæra kann að vera viðeigandi. Sem dæmi mætti nefna ef kappakstur er háður, eða ef leikur er bannaður með lögum en aðilar taka samt þátt í honum.<sup>207</sup> Segja má sem svo að á milli þátttakenda liggi fyrir samkomulag um að spila í samræmi við leikreglur.<sup>208</sup> Í leiknum má íþróttaiðkandinn reikna með broti á reglunum, en hins vegar verður að skýra þetta sem svo að þetta feli ekki í sér að tjónþoli afsali sér rétti til bóta ef reglur eru brotnar með sérstaklega alvarlegum hætti, því víst er að líkamstjón sem valdið er af ásetningi getur ekki fallið undir áhættutöku eða samþykki.<sup>209</sup> Í þessu tilliti má nefna óáfrýjaðan dóm *Hérd. Reykn. frá 24. mars 2000*, en þar voru leikreglur í knattspyrnu brotnar með þeim afleiðingum að tjón hlaust af.

*Hérd. Reykn. 24.mars. 2000 (S-1889/1999).*

Málavextir voru með þeim hætti að innanhúss knattspyrnuleikur var í gangi milli ÍBV og HK, þar sem HK var með yfirhöndina. Ákærða G var gefið að sök að hafa sem markmaður ÍBV hlaupið nokkurn spöl út úr markinu, rennt sér harkalega í fæturna á tjónþola (tæklað) og komið þannig höggi á miðjan hægri sköflung hans, með þeim afleiðingum að fótleggurinn þverbrotnaði. G var talinn hafa ætlað að koma tjónþola út úr leiknum með athæfi sínu og kváðu vitni hann hafa hrópað „yes“ er hann gekk út af vellinum. Athæfi ákærða var talið varða við 1. mgr. 218. gr. hgl., en að ábendingu dómara var málið flutt með tilliti til þess, að ætlað brot ákærða kynni að varða við 219. gr. hgl. sem líkamsmeiðing af gáleysi. Í forsendum dómans kom fram að ákærði hefði í umrætt sinn brotið gegn reglum KSÍ um rennitæklingar, en fyrir

<sup>203</sup> Johs. Andenæs og Anders Bratholm: *Speciell strafferett*, bls. 74-75.

<sup>204</sup> Johs. Andenæs og Anders Bratholm: *Speciell strafferett*, bls. 75

<sup>205</sup> Johs. Andenæs og Anders Bratholm: *Speciell strafferett*, bls. 75.

<sup>206</sup> Anne Marie Frøseth Anfinssen: „Grensene for samtykkets virkeområden i strafferetten og erstatningsretten“, bls. 307 og Viðar Már Matthíasson: „Áhættutaka á undanhaldi?“ bls. 55.

<sup>207</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsiaðbyrgð III*, bls. 175 og Johs. Andenæs og Anders Bratholm: *Speciell strafferett*, bls. 74-75.

<sup>208</sup> Steinar Tjomsland: *Idrett og jus*, bls. 207.

<sup>209</sup> Anne Marie Frøseth Anfinssen: „Grensene for samtykkets virkeområden i strafferetten og erstatningsretten“, bls. 307 og Viðar Már Matthíasson: „Áhættutaka á undanhaldi?“ bls. 55.

brotið var hann sendur útaf leikvellingum og fékk fimm leikja keppnisbann í refsingu samkvæmt ákvörðun aganefndar KSÍ. Dómurinn tók einnig fram að það væri óumdeild staðreynd að ýmsar íþróttir og leikir, eins og t.d. knattspyrna, fæli í sér áhættusamar athafnir, sem gætu haft í för með sér alvarleg meiðsli. Um áhættuna séu þátttakendur meðvitaðir, en vilji engu að síður taka þátt í leiknum. Orðrétt segir í dóminum: „Í þessu sambandi ber að hafa í huga að líf, líkami og heilsa manna njóta víðtækrar friðhelgi að lögum og að samþykki þess er fyrir broti verður dugir yfirleitt ekki til að leysa geranda undan refsíabýrgð. Ef háttsemi er viðhöfð í leik eins og knattspyrnu sem við aðrar aðstæður væri refsiverð, er þó viðurkennt að afleiðingar slíkrar háttsemi kunni að vera refsilausar með öllu ef háttsemin á sér stað innan marka venjulegs leiks og er í beinum tengslum við sjálfan leikinn. Að mati dómsins hefur það ekki úrslitapýðingu að þessu leyti hvort leikreglur hafi verið brotnar eða ekki, heldur hitt hvort um ásetnings eða gáleysisbrot hafi verið að ræða, svo og það hvort háttsemin hafi verið á þann veg sem hafi mátt vænta við iðkun viðkomandi íþróttar. Verður því að meta hvert tilvik heildstætt út frá þeim aðstæðum sem fyrir hendi voru hverju sinni.[...]Með hliðsjón af ofangreindum ástæðum telur dómurinn að um hafi verið að ræða líkamstjón vegna tilviks sem leikmenn hafi samkvæmt framansögðu almennt getað átt von á og ekki verður talið fela í sér refsíabýrgð, óháð því hvort um brot á knattspyrnureglum hafi verið að ræða. Að mati dómsins fól háttsemi ákærða ekki í sér beina árás á V, heldur rangt mat á hættunni sem af háttseminni kynni að stafa.- Að öllu þessu virtu telur dómurinn, að þrátt fyrir að háttsemi ákærða hafi falið í sér brot á reglum í innanhússknattspyrnu, þá falli háttsemin utan marka 219. gr. almennra hegningarlaga. Með hliðsjón af því og framangreindri afstöðu dómsins að því er varðar 1. mgr. 218. gr. sömu laga, ber að sýkna ákærða af öllum kröfum ákærvaldsins í máli þessu.“

Tekið er fram í niðurstöðu héraðsdóms að miðað við aðstæður hefði ákærði G átt raunhæfa möguleika á að ná til knattarins. Nánast enginn tími hefði gefist til ákvörðunar og mats á þeirri hættu sem sóknarmanninum V gæti verið stefnt í með háttsemi ákærða. Dómurinn taldi það ekki hafa verið óforsvaranlegt af ákærða við þessar aðstæður að reyna að ná til knattarins, og háttsemin hefði ekki verið svo ófyrirséð, að sóknarmaðurinn hefði ekki mátt búast við henni.

## 17 Lokaorð

Hér hefur verið fjallað um hættubrot þar sem ákvæði 4. mgr. 220. gr. hgl. hefur verið tekið til sérstakrar skoðunar. Nauðsynlegt hefur verið að fjalla um önnur ákvæði hegningarlaga samhliða henni. Helst hefur verið fjallað um almannahættuákvæði 168. gr. hgl., 215. gr. hgl. um manndráp af gáleysi og einnig ákvæði 219. gr. hgl. um líkamsmeiðingar af gáleysi, en ákvæðum þessum hefur stundum verið beitt samhliða 4. mgr. 220. gr.

4. mgr. 220. gr. er blandað hættubrot og gerir ákvæðið kröfu um að lífi eða heilsu annarra sé stofnað í augljósan háská í ábataskyni, af gáská eða á annan ófyrirleitinn hátt. Í ákvæðinu er ekki tilgreint hvernig hættunni sé valdið, einungis að henni sé valdið á ófyrirleitinn hátt.

Eftir að hafa skoðað dómaframkvæmd tengda ákvæði 4. mgr. 220. gr. ítarlega, má sjá að ákvæðinu hefur verið beitt á mjög víðtæku sviði, allt frá stórhættulegum ofsaaakstri yfir til þess að skilja eftir bolta í legi stúlku án hennar vitundar. Brotin, sem ákvæðinu hefur verið beitt gegn, eiga það sameiginlegt að lífi eða heilsu einhvers í hættu. Dómarnir sýna jafnframt að ákvæðinu er beitt jafnt hvort heldur sem hætta er talin stöðja að lífi eða heilsu fólks.

Ákvæðinu hefur oftast verið beitt þegar er brot er framið á ökutækjum. Við beitingu ákvæðisins er nauðsynlegt að sýnt hafi verið fram á að lífi eða heilsu manna hafi verið stefnt í augljósan háská. 4. mgr. 220. gr. hefur einnig oft verið beitt gegn brotum tengdum skotvopnum og sprengiefnum. Skotvopn, ekki síður en ökutæki, eru stórhættuleg ef ekki er rétt farið með þau. Mikill skaði getur hlotist af gáleysislegri meðferð skotvopna. Ekki þarf mikið til að skot hlaupi úr byssu sem notuð er til að ógna fólki.

Sé háttsemi metin þannig að hending ein ráði því að ekki hafi hlotist líf-eða heilsutjón af háttsemi ákærða, þá eru miklar líkur til þess að 4. mgr. 220. gr. hgl. verði beitt. Almenn refsíákvæði er að finna í umferðarlögum og öðrum sérrefsilögum, en þegar háttsemi fer út fyrir ákveðin mörk er unnt að beita ákvæðum hættubrota, líkt og 4. mgr. 220. gr. hgl.

Það er mjög matskennt hvenær háski telst vera augljós og því er oft erfitt að sanna að ákvæðið eigi við. Ef aðili á auðvelt með að koma sér undan hættu sem ákærði skapar eru meiri líkur en minni á að sýknað verði af broti gegn 4. mgr. 220. gr. þar sem augljós háski telst ekki vera til staðar.

Þegar um ofsaaakstur er að ræða virðist vera auðveldara að sanna að háttsemin sé til þess fallin að stofna lífi eða heilsu manna í augljósa hættu. Ekki skiptir máli hvort sú hætta beinist að farþegum bifreiðar sem ekið er á ofsahraða, gangandi vegfarendum eða öðrum sem verða á vegi brotamanns.

Ákvæði 168. gr. hgl. hefur þó nokkrum sinnum verið beitt í tengslum við 4. mgr. 220. gr. hgl., og þá oftast en ekki samhliða ákvæðinu frekar en að sakartæming eigi sér stað.

Ákvæði 4. mgr. 220. gr. hgl. er ásetningsbrot, en því er stundum beitt samhliða gáleysisákvæðum 215. gr. um manndráp af gáleysi og 219. gr. hgl. um líkamsmeiðingar af gáleysi.

Við undirbúning ákæru er mikilvægt að vanda til verka og meta, í hverju tilviki fyrir sig hvort um ásetningsbrot eða gáleysisbrot er að ræða. Mörkin eru ekki alltaf ljós milli ásetnings og gáleysis, og óljóst kann að vera í hvorn flokkinn ber að fella athæfi. Það kann að vera að einfaldara að fella háttsemi í flokk gáleysisbrota 215.gr. hgl. og 219. gr. hgl. um manndráp og líkamsmeiðingar ef afleiðingar verknaðar teljast nægilegar til að þau tjónsbrot eigi við. Hins vegar má vera ljóst að háttsemi sem er verulega vítaverð verður að teljast ansi nálægt því að flokkast sem ásetningsbrot. Því mætti að mati höfundar beita ákvæði 4. mgr. 220. gr. oftast samhliða fyrrnefndum gáleysisákvæðum.

Ákvæði 4. mgr. 220. gr., 215. gr. og 219. gr. hgl. eru samin að danskri fyrirmynd. Fram til ársins 2002 voru sterk rök fyrir beitingu 252. gr. dk. hgl. fremur en gáleysisákvæðunum í 241. gr. og 249. gr. dk. hgl. Það var rökstutt þannig að refsímörkin voru hærri í ásetningsákvæðinu. Lagabreyting árið 2002, leiddi til þess að refsímörkunum var breytt, og eru þau hin sömu í ákvæðunum þremur í dag. Þ.a.l. féllu rök fræðimanna fyrir því að frekar ætti að beita 252. gr. dk. hgl. Hér á landi hafa þessi rök ekki átt við, þar sem refsiramminn er hærri í ákvæðinu sem fjallar um manndráp af gáleysi heldur en í ákvæði um líkamsmeiðingar af gáleysi og ákvæði 4. mgr. 220. gr. hgl.

Samþykki brotþola getur leitt til refsilækkunar. Hins vegar leiðir það ekki til þess að gerendur losni undan refsíabyrgð.

Refsingar eiga að hafa fælingarmátt og veita ákveðin varnaðaráhrif. Refsilög hafa þróast í átt til hættubrota með tíð og tíma, en þannig eru varnaðaráhrif refsíákvæða aukin. Þess er freistað að stöðva háttsemi áður en tjón hefur hlotist af. Einkunnarorð varðandi hættubrotin virðast þannig vera „á skal að ósi stemma“.



## HEIMILDASKRÁ

Alf Ross: „om konkret og abstrakt fare“, Tidsskrift for rettsvidenskap 1975, bls. 402-428.

Alþingistíðindi 1939.

Anne Marie Frøseth Anfinsen: „Grænsene for samtykkets virkeområde i strafferetten og erstatningsretten“. *Jussens venner*, 4-5 hefti 2002, bls. 291-313.

Ármann Snævarr: *Þættir úr refsirétti I*. 2. Útg. Reykjavík 1983.

Ármann Snævarr: *Þættir úr refsirétti II*. 2. Útg. Reykjavík 1983.

Johs. Andenæs og Anders Bratholm: *Spesiell Strafferet*. 2. Útg. Osló 1990.

Johs. Andenæs og Ragnar Hauge: „Uaktsomt drap“, Nordisk Tidsskrift for kriminalvidenskap 1966, bls. 1-32.

Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, Reykjavík 1999.

Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð II*, Reykjavík 2002.

Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð III*, Reykjavík 2004.

Jónatan Þórmundsson: „Grundvallarreglan um saknæmi“. *Afmælisrit. Þór Vilhjálmsson sjötugur*. Reykjavík 2000, bls. 311-330.

Jónatan Þórmundsson: „Auðgunarásætningur“. *Líndæla. Sigurður Líndal sjötugur*. Reykjavík 2001, bls. 339-356.

Jónatan Þórmundsson: *Auðgunarbrot og nokkur skyld brot*. Fyrra hefti. Reykjavík 1975.

Jónatan Þórmundsson: „Íslenskur umferðarrefsiréttur“ *Úlfljótur*, 2. tbl. 1965, bls. 69-86.

Jónatan Þórmundsson: *Viðurlög við afbrotum*. Reykjavík 1992.

Jónatan Þórmundsson: *Þættir um auðgunarbrot, sérstakur hluti*. Reykjavík 2011.

Knud Waaben: *Det kriminelle forsæt*. Kaupmannahöfn 1957.

Knud Waaben: *Strafferettens almindelige del I*. 4. útgáfa. Kaupmannahöfn 1997.

Knud Waaben: *Strafferettens specielle del*. 5. útgáfa. Kaupmannahöfn 1999.

Páll Sigurðsson: *Lögfræðiorðabók með skýringum*, Reykjavík 2008.

Steinar Tjomsland: *Idrett og jus*, 1. útgáfa. Universitetsforlaget.

Stephan Hurwitz: *Den danske Kriminalret. Speciel del. Kaupmannahöfn 1970.*

Vagn Greve: *Det strafferetlige ansvar*. 2. útgáfa. Kaupmannahöfn 2004.

Vagn Greve: „Er tiden moden til en ny straffelov?“ *Juristen 1984, bls. 271-281.*

Vagn Greve, Bent Unmack Larsen og Per Lindegaard: *Kommenteret straffelov. Speciel del. 2.* útgáfa. Kaupmannahöfn 1980.

Vagn Greve ofl.: *Kommenteret straffelov. Speciel del. 9.* útgáfa. Kaupmannahöfn 2008.

Viðar Már Matthíasson: „Áhættutaka á undanhaldi?“ *Úlfljótur, 1. tbl. 2002, bls. 41-59.*

## **Netheimildir**

Ragnhild Hennum: „*Tilregnelighet*“, <http://www.materialisten.no/fulltekst/hennum-nett.pdf>

snara.is

## DÓMASKRÁ

### **Dómar Hæstaréttar:**

*Hrd. 1945, bls. 30.*

*Hrd. 1952, bls. 604.*

*Hrd. 1959, bls. 9.*

*Hrd. 1961, bls. 124.*

*Hrd. 1962, bls. 291.*

*Hrd. 1968, bls. 235.*

*Hrd. 1972, bls. 293.*

*Hrd. 1973, bls. 912.*

*Hrd. 1974, bls. 1110.*

*Hrd. 1979, bls. 906.*

*Hrd. 1981, bls. 490.*

*Hrd. 1982, bls. 124.*

*Hrd. 1984, bls. 454.*

*Hrd. 1988, bls. 1231.*

*Hrd. 1989, bls.306.*

*Hrd. 1990, bls. 1313.*

*Hrd. 1990, bls. 802.*

*Hrd. 1991, bls. 494.*

*Hrd. 1992, bls. 987.*

*Hrd. 1993, bls. 1081.*

*Hrd. 1993, bls. 789.*

*Hrd. 1993, bls. 2370 .*

*Hrd. 1994, bls. 566.*

*Hrd. 1994, bls. 878 (312/1993).*

*Hrd. 1994, bls. 2088.*  
*Hrd. 1995, bls. 2244.*  
*Hrd. 1996, bls. 2059 (86/1996).*  
*Hrd. 1996, bls. 3218.*  
*Hrd. 1996, bls. 1613.*  
*Hrd. 1999, bls. 4740.*  
*Hrd. 2000, bls. 2756 (176/2000).*  
*Hrd. 2000, bls. 1748 ( 63/2000).*  
*Hrd. 2002, bls. 1607 (67/2002).*  
*Hrd. 2005, bls. 4278 (398/2005).*  
*Hrd.10. mars 2007 (429/2006).*  
*Hrd. 18. janúar 2007 (454/2006).*  
*Hrd. 13. september 2007 (11/2007).*  
*Hrd. 6. nóvember 2008 (365/2008).*  
*Hrd. 12. febrúar 2009 (430/2008).*  
*Hrd. 17. desember 2009 (78/2009).*  
*Hrd. 24. maí 2012 (33/2012).*

**Dómar Héraðsdóms:**

*Sakadómur Reykjavíkur. 20 febrúar 1987.*  
*Hérd. Austl. 23.maí 1997 (S-226/1997).*  
*Hérd. Reykn. 24. mars 2000 (S-1889/1999).*  
*Hérd. Rvk. 31.ágúst 2009 (S-767/2009).*  
*Hérd. Vestl. 4.nóvember 2009 (S-94/2009).*  
*Hérd. Rvk. 4.febrúar 2011 (S-520/2010).*  
*Hérd. Austl. 16.mars 2011 (S-114/2010).*  
*Hérd. Reykn. 15.apríl 2011 ( S-749/2010) .*

*Hérd. Austl. 21.nóv 2011 (S-53/2011).*

*Hérd. Rvk. 22.mars 2012 (S-110/2012).*

*Hérd. Rvk. 28.mars 2012 (S-1651/2011).*

*Hérd. Rvk. 5.júlí 2012 (S-351/2012).*

**Danskir dómar:**

*UfR. 1918, bls. 946.*

*UfR. 1919, bls. 360.*

*UfR. 1930, bls. 664.*

*VLT. 1936, bls. 1.*

*VLT. 1940, bls. 152.*

*UfR. 1963, bls. 694.*

*UfR. 1966, bls. 637.*

*V. 1969, bls. 970.*

*UfR. 1971, bls. 520. V*

*UfR. 1972, bls. 690.*

*V. 1975, bls. 1101.*

*V. 1975, bls. 695. .*

*UfR. 1976, bls. 93. H*

*UfR. 1980, bls. 642.*

*UfR. 1985, bls. 315. H.*

*UfR. 1998, bls. 427. H.*

*UfR. 2005, bls. 77.*

*UfR. 2005, bls. 1915.*

*V. (2006,1925).*

*Ufr. 2006, bls. 2510.*

**Norskir dómur:**

*Rt. 1948, bls.1274.*